

LV-2017-041



Landsvirkjun



Skarðssel á Landi

Fornleifarannsóknir 2016

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2017/041

Dags: Apríl 2017

Fjöldi síðna: 185

Upplag: 25

Dreifing:

- ☒ Birt á vef LV
- ☒ Opin
- ☐ Takmörkuð til

Titill: Skarðssel á Landi. Fornleifarannsóknir 2016

Höfundar/fyrirtæki: Bjarni F. Einarsson. Fornleifafræðistofunni

Verkefnisstjóri: Ólöf Rós Káradóttir

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: _____

Útdráttur: Rannsóknirnar í Skarðsseli voru mótvægisaðgerðir vegna hinnar fyrirhuguðu Hvamsvirkjunar, en býlið mun hverfa undir mannvirki þegar framkvæmdum lýkur. Skarðssel var kotbýli á bökkum Þjórsár sem byggt var árið 1894 og stóð í 40 ár. Áður hafði býlið staðið við norðurenda Skarðsfjalls, en þegar sandur eyðilagði vatnsból og tún var það flutt á þann stað sem það stóð þar til yfir lauk. Býlið er byggt á miklum umbrotatímum þegar Ísland er að færa sig úr fortíðinni inn í framtíðina og þéttbýli var farið að myndast í landinu, en það dró til sín fólk sem taldi betra að taka þátt í uppbyggingunni þar, en að basla áfram við kröpp kjör í sveitum landsins. Þó húsakynnin hafi verið mjög hefðbundin þá sýna gripir að margt nýtt rataði í hendur fólksins í Skarðsseli og líklega hefur lífið verið býsna bærilegt þar þó draumurinn um enn betra líf hafi verið nægilega mikill til að bregða búi og flytja á mölina.

Lykilorð: Hvammsvirkjun, fornleifarannsókn, Skarðssel, nútími, bæjarstæði.

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

Ólöf Rós Káradóttir

Skarðssel á Landi

Fornleifarannsóknir 2016





Titilsíðumynd sýnir flösku sem endurnýtt hefur verið sem ljósfæri. Líklega hefur teininum sem vafinn er utan um háls flöskunnar verið stungið inn í torfvegginn. Fannst hún í gólfi rústar 2:7 sem kallast *Lambhús*. (Fnr. 20. Ljósm. BFE). Myndin á forsíðu er brennimark sem fannst í hlöðunni (Fnr. 4. Ljósm. BFE 2017).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

Unnið fyrir Landsvirkjun.

© Bjarni F. Einarsson

Mái 2017

Efnisyfirlit

Formáli	Bls.	4
Staðhættir		5
Markmið		6
Sögubrot		7
Rannsóknin		13
Bæjarhús og kálgarður		16
<i>Rými A, kálgarður</i>		16
<i>Rými B, stofa/baðstofa</i>		18
<i>Rými C, búr</i>		21
<i>Rými D, eldhús</i>		24
<i>Rými E, skemma</i>		29
<i>Rými F, hlaða</i>		31
<i>Rými G, fjós</i>		34
<i>Rými H, smiðja</i>		40
<i>Rými I, göng</i>		44
Útihús, gerði og prufuholur		47
Rúst 2:2, kryddjurtagarður		47
Rúst 2:3, hesthús		49
Rúst 2:4, gerði (hestagerði)		51
Rúst 2:5, eldiviðargeymsla		52
Rúst 2:6, veiðafærageymsla		54
Rúst 2:7, „Lambhúsið“		56
Rúst 2:8, gerði og heystæði		61
Prufuholur á bæjarstæðinu		62
Fornleifafræði og vistfræði		62
Lífið á bænum		64
Niðurstaða		83
Heimildir		85
Tæknilegar upplýsingar		90
Greiningar sérfræðinga		92
Frægreining. Inga Hlín Valdimarsdóttir		92
Skordýragreining. Hrönn Konráðsdóttir		99
Fylgirit		
Fundaskrá		109
Stafrænar ljósmyndir		122
Sýnaskrá		173
Teikningaskrá		181

upplýsinga/hugmynda sem í ljós komu þegar hafist var handa við verkið. Veður var yfirleitt gott á meðan á rannsóknum stóð. Þó var mýið til vanþurftar og erfitt að verja sig geng árásum flugunnar. Aðstæður voru þannig að einstaklega mikið var um flugu þetta sumar á Landi og varði það ástand óvenju lengi.

Þeir sem tóku þátt í rannsóknunum voru auk höfundar, Ármann Dan Árnason, Gylfi Björn Helgason, Hermann Jakob Hreiðarsson og Viktoría Halldórsdóttir fornleifafræðingar og Atli Rúnarsson fornleifafræðinemi. Greiningar á sýnum önnuðust Hrönn Konráðsdóttir fornvistfræðingur og Inga Hlín Valdimarsdóttir fornleifafræðingur.

Ýmsir aðilar voru okkur hjálplegir á meðan á rannsóknum stóð og eftir að þeim lauk, bæði landeigendur, afkomendur ábúenda í Skarðsseli og skjalavörður sýslunnar.

Flestar teikningar voru gerðar eftir loftmyndum sem teknar voru með dróna, en tvö rými voru teiknuð á hefðbundinn hátt, rými B og E, en hreinteikningar þeirra voru gerðar á grunni loftmyndanna. Allar hreinteikningar voru teiknaðar af Ármanni Dan Árnasyni og þær yfirfarnar af höfundi.

Verkkaupi var Landsvirkjun. Öllum þessum aðilum þakka ég góð samskipti. Öll önnur úrvinnsla og túlkun var á hendi skýrsluhöfundar.

Staðhættir

Bærinn stóð á hörðum þurrum velli á bökkum Þjórsár og heitir gróðurraninn, sem nær frá Ölmóðsey í suðri að vesturenda Hagaeyjar í norðri, Karlsnes. Dregur þessi gróðurraninn nafn sitt af dranga eða stökum kletti nokkrum sem stendur út í Þjórsá og heitir Karl og stundum Stórikarl. Skammt þar hjá er Litlikarl sem einnig er stakur klettur í ánni (Örnefnaskrá). Engar þekktar sögur eru til um Karlana, en þetta er algengt örnefni um staka kletta og gjarnan saga um að þar hafi farið um nátttröll sem ekki uggði að sér við sólarupprás og varð að steini.

Áður stóð bærinn eins og fyrr greinir á öðrum grasrima austan við Karlsnesið sem nær frá Skarðsfjalli að Þjórsá og heitir Bæjarnes. Á milli þessara tveggja rima er sandgári sem Bæjarneshraun heitir og enn annar austan við Bæjarnesið sem heitir Austurhraun. Mætti halda að Bæjarnes nafngiftin væri dregin af Gamla Seli eins og segir í Örnefnaskrá, en það er alls ekki víst því yst á þessu nesi við Þjórsá eru óþekktar og nafnlausar rústir meints landnámsbýlis sem gæti verið rót nafnsins. Um 500-600 m vestur að þessum rústum fannst kuml árið 1932 og kallast það Karlsneskumlið og það var Vilhjálmur Ólafsson frá Skarðsseli sem fann kumlið. (Matthías Þórðarson 1932:54).

Finnbogi Höskuldsson lýsir staðháttum við Skarðssel á eftirfarandi hátt í endurminningum sínum:

Þar var ekkert sandfok, sæmilegt túnstæði, góðir hagar og vatnið nærtækt úr ánni, og var bæjar og fénaðarhúsa flutning lokið og sæmilega íbúðarhæft fyrir heyannatíma 1894... (Finnbogi Höskuldsson 1943-44:11).

Fólk hefur sætt sig við fremur ófrjósama jörð því allt var betra en sandurinn sem allt drap. Varla hefur sprettan verið mikil á þessum stað og áburður



Loftmynd af bæjarhúsunum og nokkurra útihúsanna og tveggja prufuhola (af fjórum). Aðrar prufuholur voru austan við myndina, 22 m norður af kálgarði og enn á milli rústa 2:5 og 2:6. (Drónamynd. Ljós BFE 2016).

mikilvægur til að ná því fram sem landið gat gefið. Annað var eftirsóknarvert á staðnum sem Finnbogi getur ekki um og það var laxveiðin í ánni, en Þjórsá er meðal laxaríkustu áa landsins og laxinn var hægt að veiða í net.

Markmið

Minjastofnun Íslands taldi að eftirfarandi mótvægisáðgerða væri þörf í bréfi sínu dagsettu þann 25. september 2015:

... mikilvægt að ráðist verði í frekari rannsóknir á rústum Skarðssels í þeim tilgangi að grafast fyrir um hvaða hlutverki einstaka rými í bæjarrústinni gegndu og hvert var hlutverk rústanna á svæðinu kringum bæjarrústina. Í gólflogum rústanna má að öllum líkindum finna vísbendingar um þetta. Minjastofnun Íslands telur að rannsaka þurfi

gólflög í hólfum bæjarrústarinnar (2:1) auk gólflaga í tóftum 2:2, 2:3, 2:5, 2:7 og 2:8. Auk þess að grafa könnunarskurði í hólfi A í rúst 2:1, rúst 2:4 og 2:6. (Minjastofnun Íslands 2015).

Eftir að uppgröfur var hafinn var breyting gerð á rannsóknaráætluninni sem fól í sér að grafa ekki gólflög í rúst 2:8 heldur láta nægja tvo könnunarskurði, en þess í stað rannsaka gólf rústar 2:6 í stað könnunarskurðar og grafa þversnið í rennuna sem lá niður að ánni frá rústinni. Einnig stóð til að sleppa göngunum í bæjarhúsunum, en þegar leið á rannsóknina þótti mikilvægt að gera það ekki, heldur rannsaka þau eins og önnur rými. Að lokum var ákveðið að grafa könnunarholur á svæðinu í kringum bæjarhúsin í þeim tilgangi að ganga úr skugga um að ekki leyndust eldri minjar þar undir sverðinum.

Markmiðunum skyldi náð með gripaflóru í gólfum og rýmum, innri mannvirkjum í þeim, innbyrðis staðsetningu og greiningum á sýnum úr gólfum. Greiningarnar fólu í sér greiningu á pöddum, fræjum og frjóum.

Veggir og vegghleðslutækni voru ekki könnuð, en þó komu vissar vísbendingar í ljós þegar aðrir þættir innandyra voru rannsakaðir.

Með þessari rannsóknaráætlun var stefnt að því að niðurstöður gætu orðið einskonar viðmiðun og samanburður fyrir önnur hús frá seinni öldum. Til dæmis væri hugsanlegt að skordýraflóra einstakra rýma í Skarðsseli gæti verið einskonar gátlisti fyrir önnur hús á öðrum bæjum sem ef til vill verða rannsakaðir síðar.


Sögubrot

Saga Skarðssels nær langt aftur í aldir, þó saga staðarins sem Skarðsel stóð síðast á nái ekki ýkja langt aftur í tímann, eða ekki lengra en aftur til ársins 1893-94 þegar bærinn var reistur enn eitt sinn á nýjum stað við bakka Þjórsár.

Saga Skarðssels er nefnilega svipuð sögu annarra bæja í Landsveit en hún markaðist af endalausri baráttu við sandinn sem leitaði í vit fólksins og húsdýranna, flaug um allt og fyllti lægðir og brunna, lagðist yfir tún og hús og gerði fólki smám saman ómögulegt að hýrast áfram á bæjunum. Úrræði margra var annaðhvort að gefast upp og flytja í aðra sveit, eða að finna sér nýjan stað í nágrenninu sem hægt var að þreyja lífsbaráttuna áfram í þeirri von um að hún yrði ögn skaplegri þegar fram liðu stundir. Fólkið sem byggði Skarðssel var í hópi þeirra sem reyndu til þrautar að búa á svæðinu, með stuttu hléi, þó sú þraut hafi þrátt fyrir allt endað eins og margra annarra,



Gamall maður við eitt húsanna í Skarðsseli. Maðurinn er Kjartan Höskuldsson steinsmiður í Reykjavík (1878-1966) bróðir Finnboga, en báðir bjuggu í Skarðsseli sem ungir í fáein ár. Finnbogi gerðist svo bóndi í Skarfanesi. Hér stendur Kjartan utan við rými H sem var smiðja bæjarins. Myndin er tekin árið 1956 af Ársæli syni Kjartans og er í eigu Péturs Ársælssonar. Birt með leyfi aðstandenda. Líklega er þetta eina ljósmyndin sem til er af Skarðsseli, þá í eyði, en til eru tvö málverk í eigu afkomenda sem sýna bæinn úr talsverðri fjarlægð.



Flatarteikning af bæjarhúsum og kálgarði Skarðsæls. Á myndinn er einnig rúst 2:2 sem gæti verið kryddjurtagarður.

bærinn var yfirgefinn endanlega árið 1935. (Sunnlenskar byggðir 1987:199). Þó var það ekki sandurinn sem olli þessu heldur nútíminn með fleiri möguleikum og atvinnutækifærum fyrir fólk sem vildi bjarga sér.

Ekki verður ráðið út frá heimildum hvenær foksandur verður að því vandamáli sem hann síðar varð, en sumir hafa talið að það hafi ekki orðið fyrr en á 17. öld, en þá gaus t.d. Hekla stóru gosi árið 1636 (Sunnlenskar byggðir 1987:135). Líklegra er að sandur eða vikur úr Heklu hafi verið farinn að valda búsifjum eitthvað fyrr. Til dæmis olli gosið í fjallinu árið 1104 og 1158 miklum skaða í Þjórsárdal og aftur gaus Hekla árið 1206 frekar stóru gosi og enn 1222. Árið 1300 varð stórt gos og annað 1341 sem olli töluverðum skaða. Árið 1389 – 90 olli gos talsverðum skaða, 1440 var lítið gos, 1510 var mikið gos, 1554 frekar lítið gos sem ekki olli miklu tjóni, 1597 tilkomumikið gos sem ekki olli miklum skaða og 1636 – 37 olli gos skaða á búpeningi í nágrenninu. Árið 1693 var gos með stærri gosum í Heklu, 1725 varð lítið gos og svo lengsta gos Heklu árin 1766 – 68 sem olli skaða á búpening víða um land og eyddi bæjum. Árin 1845, 1878 og 1913 urðu lítil gos í Heklu eða nágrenni hennar sem ollu litlu sem engu tjóni. Fleiri urðu gosin síðar en þá hafði byggð lagst af í Skarðsseli. (eldgos.is).

Hugsanlega hafa samlegðaráhrifin orðið æ stærri og gróðurþekjan æ minni og að endingu varð vandamálið víða óyfistíganlegt. Ekki bætti úr skák að aðrar eldstöðvar voru sífellt að minna á sig og áhrif þeirra gátu á stundum náð til Landsveitarinnar.

Árið 1882 kölluðu Sunnlendingar Sandár eða Felliár, en þá skall á norðanátt í apríl með hríðum og illviðrum og í kjölfarið var sumarið mjög kalt. Var það eitt mesta norðanveður sem fólk mundi eftir, með miklum frosthörkum en snjólaust í Rangárvallasýslu. Samfelldur sandstormur og grjóthrið stóð yfir í þrjár vikur og reif torfbök af húsum og eyðilagði tún. Fjöldi búfjár féll. Í kjölfarið fóru fjöldi býla í Landsveit í eyði. Hugsanlega var þetta eitt mesta uppblástursár í sögu landsins. (Friðrik G. Olgeirsson 2007:4-5). Annað illviðri skall á sveitina í lok janúar veturinn 1885 – 86 og stóð yfir í hálfan mánuð. Einnig þá var snjólaust og þegar veðrið var gengið yfir var Landsveitin flag eitt og menn ræddu um það að leggja hana undir afrétt. Einnig þá fóru býli endanlega í eyði. (Sami 2007:7).

Tilraunir hafa líklega hafist snemma í þá veru að hefta sandáganginn og ekki er útilokað að það hafi hafist skömmu eftir hin miklu gos í Heklu árin 1104 og 1206. Annars staðar á landinu voru t.d. garðar reistir til að hefta sandáburð svo sem Fornigarður í Vogsósum sem reistur var einhvern tíma á bilinu 1104 og 1226 (Bjarni F. Einarsson 2006:226). Það var ekki fyrr en sett voru ný lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands árið 1907 að straumhvörf urðu í sandgræðslumálum á Íslandi og vörn snúið í sókn.

Þau sem byggðu Skarðssel upp frá grunni árið 1893 – 94 voru hjónin Höskuldur Jónsson og Arndís Magnúsdóttir, en þau höfðu tekið við eyðibýlinu Gamla-Sel nokkur ár á undan eða 1882, en orðið að gefast þar upp vegna sandgangsins. Áður höfðu þau búið á Klofa en hann fór í eyði þetta árið vegna sandstorma og þau hjón hurfu til Biskupstunga um skeið, en snéru aftur til að hefja búrekstur í Gamla-Seli. (Borghildur Óskarsdóttir 2014¹). Þá stóð bærinn við norðausturenda Skarðsfjallsins.

Árið 1997 fóru fram lítilsháttar fornleifarannsóknir á Gamla-Seli og niðurstöður þeirra leiddu í ljós að bærinn var reistur einhvern tíma skömmu eftir 1721, því rétt undir mannvistarlögum fannst gjóska úr Kötlu frá þessu ári (Bjarni F. Einarsson 1998:98-99). Áður stóð bærinn næsta víst nokkru sunnar í Selgili við austurhlíðar fjallsins. Þar eru enn rústir bæjarins fullkomlega gjörblásnar af sandi og landeyðingu. Hét bærinn þá Sel eða Gamla Skarðssel.

Höfuðbólið Skarð og allar aðrar hjáleigur þess urðu einnig sandinum að bráð og var Skarð flutt frá fjallinu á núverandi stað árið 1882 og tveimur árum síðar var hjáleigan Hátún (nú Króktún) flutt frá fjallinu sömuleiðis. (Brynjúlfur Jónsson 1898:3). Mörk tórði jafn lengi og Skarð, Eskiholt var flutt í nokkur skipti og gaf upp laupana áður nefnt ár. Sömu örlög biðu Skarfaness, sem virðist hafa verið flutt í nokkur skipti, Merkihvols sem fór í eyði 1882, Réttarnes sem fór í eyði 1773 en var svo byggt aftur 1832 og tórði þá í tvö ár og Járnlaugarstaðir fóru í eyði 1884 og höfðu þá verið fluttir einu sinni. (Sami 1898:5-7). Þetta eru aðeins nokkur dæmi um eyðingu býla í Landsveit.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er sagt frá Seli:

Er byggt fyrir elstu manna minni... Slægjum, sem voru, hefur blásturs sandur spillt og liggur það lítið sem eftir er undir ágangi, jafnvel eyðileggingu. Líka grandar gil nokkurt úr fjallinu, sem í leysingu og vatnsgangi rennur í húsin, so stór skaðavon er, ef ekki væri athugi á hafður. Beitlandinu grandar og stórum blásturs sandur. (Jarðabók 1913 – 17:293).

¹ Borghildur er afkomandi síðustu ábúenda Skarðssels.

Af þessari lýsingu má ráða að bærinn hefur staðið undir gili en ekki þar sem Gamla-Sel stóð og gilið er líklega Selgil sem áður er getið og þar eru hinar gjörblásnu rústir Sels eða Gamla Skarðssels.

Nafn hjáleigunnar hefur breyst eftir atvikum. Sel var hún kölluð í fyrstunni og eftir flutninginn skömmu eftir 1721 er nafnið notað áfram óbreytt. Elsta heimildin um að nafnið hafi verið Skarðssel er í Sýslu- og sóknarlýsingum árið 1841. (1968:165). Þá er býlið talið 5 hundruð að dýrleika eins og margar aðrar hjáleigur Skarðs, en Skarð var talin 20 hundruð.² Eftir að bærinn var fluttur á sinn síðasta stað hefur nafnið Gamla-Sel líklega tekið við um gamla staðinn og smám saman hefur sá elsti gleymst.

Árið 1703 bjuggu þau Gísli nokkur Gissursson 35 ára og kona hans Steinunn Gottskálsdóttir 38 ára í Seli og virðast barnlaus (Manntal á Íslandi 1924 – 47:498). Fimm árum síðar var sami bóndi í Seli, en konu hans er ekki getið (Jarðabók 1913-1917:293). Árið 1729 er nýr ábúandi tekinn við, Jón Símonsson 69 ára og börn hans tvö þau Bjarni 33 ára og Ingveldur 36 ára. Einnig eru til heimilis þær Rannveig 20 ára og Þorgerður níu ára Þorkelsdættur (Manntal á Íslandi 1924 – 47:586).

Löngu síðar eða árið 1801 býr Ólafur Jónsson ásamt eiginkonu sinni, barni og aldraðri móður að Seli (Manntal á Ísl. 1801, 1978:161) og hann er enn búandi í Seli árið 1816, þá 62 ára en móðir hans virðist þá látin. Eiginkona hans hét Margrét Arnbjörnsdóttir, þá 70 ára. Auk þeirra eru tvær vinnukonur, þær Elín Magnúsdóttir og Ólöf Einarsdóttir og niðursetningurinn Jón Jónsson búandi að Seli. (Manntal á Ísl. 1816, 1951:250).

Árið 1845 eru nýir aðilar sestir að í Seli og þá eru sjö skráðir til heimilis þar. Það eru hjónin Jón Hreiðarsson 29 ára og Sigríður Guðmundsdóttir 43 ára og börn þeirra tvö, þau Árni eins árs og Sigríður tveggja ára. Einnig bjuggu börn Sigríðar á heimilinu, þau Magnús fimm ára, Þrúður 19 ára og Arndís 10 ára, öll Magnúsarbörn. (Manntal á Ísl. 1845, 1982:170-71). Arndís litla var sú hin sama Arndís sem byggði að lokum upp nýjan bæ á bökkum Þjorsár og kallaður var Skarðssel og er meginviðfangsefni þessarar skýrslu. Þegar þau hjón Arndís og Höskuldur höfðu búið í ein sex ár í Gamla-Seli, eða árið 1888, höfðu þau komið sér upp dálitlum bústofni, eða 16 ám, tveimur hrossum og einni kú. (Finnbogi Höskuldsson 1944/45:8).

Fyrstu árin í Skarðsseli bjuggu þau hjónin Höskuldur og Arndís ásamt börnum sínum Ragnhildi 14 ára, Kjartani 15 ára, Sigríði 19 ára og Finnboga 23 ára. Auk þess áttu þau hjón þrjú börn önnur sem voru í fóstri annarsstaðar, þau Guðný 13 ára, Jón 31 árs og Sigríður eldri 30 ára. (Þráður á Landi 6).

Eftir aðeins tveggja ára búskap í Skarðsseli reið yfir mikill jarðskjálfti árið 1896 sem lagði bæinn að velli. Finnbogi Höskuldsson lýsir atburðinum svo:



Eitt af þremur býlum sem hrundu á Selfossbænum í fyrri skjálftanum 1896. (Páll Halldórsson o.fl. 2013:581. Ljósmyndari Sigfús Eymundsson).

² Í elstu jarðabók Íslands frá 1686-1698 er Skarð talin vera heil 100 hundruð að dýrleika en líklega eru þá allar hjáleigurnar taldar með. (Björn Lárússon 1967:97). Dýrleiki Skarðs minnkaði eitthvað síðar og var talinn 50 hundruð árið 1845 án hjáleiganna sem þá voru í byggð (Jarðatali 1847:43-44). Líklega hefur sandurinn haft einhver áhrif í þessum efnum. Í Jarðatali Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708 var Sel talið til fimm hundruða (1913 – 17:202).



Lofthmynd af Skarðsseli (rúst 2:1:A-I), kálgarðinum og kryddjurtagarðinum (rúst 2:2) í miðri rannsókn. (Drónamynd. Ljósm. BFE 2016).

Það var um kl. 11 að kvöldi 25. ágúst 1896, er jeg var ásamt föður mínum að enda við að hlaða úr heyi í garðinum, að okkur fannst eins og jörðin væri að reisast á rönd frá austri. Og alt í einu skreið torfið ofan af heyinu, og að lokinni mestu hræringunni hlupum við að bæjardyrum, og voru þá móðir mín og systir, fleira var ekki heimafolk, að brjótast út gegnum grjót og rapta, sem allt var komið í hrærigraut. Og var það kraptaverk, að þær komust ómeiddar út. Næst var að vita um kýrnar, sem bundnar voru í fjósinu. Þær voru uppistandandi við milligerðarstoðir sem hjeldu þakinu frá að klemma þær niður. En samt mátti ekki seinna vera, að þeim yrði bjargað. Að morgni næsta dags á tíunda tímanum kom önnur álíka hræring, sem heita mátti, að jafnaði allt við jörðu, það sem sú fyrri hafði skilið við hangandi á höminni. Við reistum staura upp við kálgarðsvegg, sem uppi stóð, og strengdum á þá teppum og brekánunni til íbúðar fyrst um sinn. Daglega varð smáhræringa vart, og þar sem óttast var um, að þær gætu harðnað aptur, var lítið hafist handa með endurbyggingu fyrstu vikuna á eptir, enda sló á nýjum óhug þegar jarðskjálftinn 5. september lagði byggðina víða í rúst um sunnanverða Árnessýslu, þar á meðal á Selfossi, þar sem hjónin dóu undir baðstofunni. Og þó að þetta væri að vísu harður kippur hjá okkur í Landsveit var hann smávægilegur samanborið við fyrstu hræringarnar tvær, því að það sem hafin var bygging á, skemdist ekki neitt að ráði.

Í hræringunum 25. og 26. ágúst fjellu flestir bæir í Landsveit í rúst, og það svo gjörsamlega, að sumstaðar lá undirstaðan ofan á. Og með því að á öllum jörðum voru í þá daga skarsúðarbaðstofur, var ekkert hús uppi standandi nema kirkjan, sem bar glöggvitni um, að timburhús þyldu betur jarðskjálfta en torfbærir, enda fóru timburhús mikið að tíðkast eptir það. (1944/45:11-12).

Í raun urðu fimm jarðskjálftar á Suðurlandi þetta árið og allir 6 á Richter eða meira. Tveir þeir fyrstu áttu upptök sín á svæðinu og var sá fyrri 6,9 stig og sá síðari 6,7 stig. Riðu þeir yfir þann 26. og 27. ágúst. (Páll Halldórsson o. fl. 2013:561). Allir þessir skjálftar ollu gríðarlegri eyðileggingu um allt Suðurland.

Hjónin brugðu búi árið 1898 aðeins tveimur árum eftir að hafa byggt upp Skarðssel öðru sinni. Þá hafði Finnbogi keypt jörðina Skarfanes skammt hjá og fluttu þau með syni sínum þangað og bjuggu þar til dauðadags (Mbl. 27. apríl 1950:11).

Þegar hjónin fluttu frá Gamla-Seli munu þau hafa tekið með sér það sem nýtanlegt var af húsaviðum og endurnýtt á nýja staðnum Skarðsseli. (munnl. heimild frá afkomendum). Líklega hefur það sama verið uppi á teningnum í Skarðsseli eins og mörg önnur dæmi eru um eins og t.d. í Sandártungu (Sigurður Þórarinnsson 1951:118) og segja má að hafi verið lenska.

Við búinu taka sama ár þau Stefán Eiríksson og bústýra hans Rannveig Jónsdóttir og eru þar til ársins 1910. Þá taka við Vilhjálmur Ólafsson og Margrét Þórðardóttir og eru búandi í Skarðsseli til ársins 1931 og að síðustu býr þar Samúel Jónsson til ársins 1935. (Sunnlenskar byggðir 1987:199). Nokkrum árum síðar, eða árið 1947 voru húsir rifin niður og hugsanlega hafa raftar og annað nýtilegt verið nýtt annarsstaðar rétt eins og var þegar bærinn var fluttur frá Gamla Seli árið 1893 – 94.




Rannsóknin


Eins og áður hefur komið fram var aðeins grafið innan úr einstökum rýmum bæjar- og útihúsa, en veggir ekki kannaðar sérstaklega. Ekkert hnitakerfi var notað, en loftmyndir teknar af hverju rými og útihúsi fyrir sig og myndirnar notaðar sem undirlag fyrir teikningu. Þó voru tvö rými teiknuð á hefðbundinn hátt, en ákveðið að hætta því þar sem loftmyndirnar dugðu vel til að teikna eftir. Þó var loftmynd af rými B, stofunni, ekki notuð sem undirlag. Gripir voru ekki mældir inn, en safnað saman úr hverju rými fyrir sig og reynt að greina í sundur gripi í áfoki yfir gólfi og mannvistarlögum og í gólfum eða mannvistar-lögum. Stærstu jarngrípunum (stórar þunnar plötur, úr þökum, gaddavír og þessháttar var ekki haldið til haga, en ljósmyndaðir. Stefnt er að því að farga mörgum gripum þar sem þeir eru ungir og hafa lítið verndargildi og teljast ekki til forngrípa samkvæmt 3. gr. laga um menningarminjar. (Lög um menningarminjar 2012) Verður það gert í samráði við Minjastofnun Íslands. Þó verða helstu gripir varðveittir og skilað í stöðugu ástandi.

Byrjað var á því að fjarlægja hleðslusteina úr rýmum, steina sem fallið höfðu úr veggjum. Síðan var mokað niður að gólfum, en veggir hreinsaðir handvirkt jafnóðum eða því sem næst. Þegar mannvirki eða mannvistarlög fóru að birtast var mokstri hætt og við tók handvirkur hefðbundinn uppgröftur. Hann fólst í því að grafa um 2 – 3 sm í einu niður á sjálf mannvistarlögin. Þegar þau höfðu verið hreinsuð fram voru þau ljósmynduð og að lokum grafin. Innbyrðis hæðir voru mældar bæði fyrir og eftir uppgröft.


Aðeins var notuð stafræn myndavél við ljósmyndatökur, auk drónans. Voru bæði teknar kyrrmyndir og hreyfimyndir á báðar vélarnar. Teknar voru stafrænar myndir á vettvangi af gripasafni hvers rýmis og reynt að halda þeim sem fundust í áfoki eða ofarlega fráskildar frá þeim sem fundust í gólfum eða mannvistarlögum. Aðallega var þetta gert af öryggisástæðum svo að myndirnar sýndu gripina eins ferska og völ var á.

Þau býli sem notuð eru til viðmiðunar eru þau býli sem næst eru í tíma og teljast sæmlega mikið






Flatarteikning af Reiðarfelli í Borgarfirði. Skýringar eru samkvæmt Þorkatli Grímssyni, en skýringar hans á rými D eru ósannfærandi. Meiri líkur eru til þess að það sé eldhús enda er þar ofn í húsinu. Ekkert annað eldstæði var í húsunum nema í stofunni, við vesturvegginn. Ath. að N vísar niður. (Þorkell Grímsson 1976:574).



Flatarteikning af Kúabót í Álftaveri. Skýringar eru samkvæmt Gísli Gestssyni. Hann telur að rými G hafi verið salerni, en ekki er það sannfærandi. Nýlegar rannsóknir bentu eindregið til þess að hið meinta vindauga sem átti að liggja út úr húsinu til N, séu í raun hefðbundnar dyr. (Ármann Guðmundsson 2013). Kúabót fer í eyði á 15. öld.



Flatarteikning af Gröf í Örfæfum. Skýringar eru samkvæmt Gísli Gestssyni, en skýringar hans á rýmum IV og VI er ósannfærandi, eða að rými IV hafi verið salerni og rými VI hafi verið eldhús. Rými IV minnir um margt á rými D á Bæ. Í rými VI var ekkert eiginlegt eldstæði og gæti hafa verið skemma eða búr. Gröf fór í eyði á augnabliki þegar Örfæjökull gaus árið 1362, eins og Bær í sömu sveit.

rannsökuð. Þau eru Hornbrekka á Höfðaströnd (1920-34. Sjá mynd síðar í skýrslunni), Sandártunga í Þjórsárdal (1693)³, Búðarárbakki á Hrunamannaafretti (1665 – 1675), Forna-Lá á Snæfellsnesi (1450 – 1650), Reyðarfell í Borgarfirði (15. öld), Kúabót í Álftaveri (15. öld) og Gröf og Bær í Örfæfasveit (1362). Önnur býli eru of forn til að samanburður verði marktækur, en þó eru gerðar undantekningar eftir atvikum. Hornbrekka er eina býlið frá 20. öld sem rannsakað hefur verið all ítarlega, auk Skarðssels og því mun það koma nokkuð við sögu í skýrslu þessari.

Oft eru heiti rýma og húsa, eða meint hlutverk þeirra, byggð á getgátum og með tilvísun í yngri bæi eða í Íslendingasögurnar. Eru þá stundum notuð ung heiti til að skýra fornar vistarverur, með réttu eða röngu. Vísast hafa hlutverk margra rýma eða húsa verið fjölþætt, eftir efnum og ástæðum, árferði og jafnvel árstíðum. Sum rými hafa tekið breytingum í tímans rás og jafnvel horfið úr veröldinni við breyttar aðstæður. Sum hafa staðið ein og sér, en síðar færst að bæjarhúsapyrpingunni, eða öfugt, frá þeim.

Mælingar fyrir og eftir rannsókn einstakra rýma og húsa var gerð þannig að lína var sett þvert og langsum í hvert rými og hús og hæðir mældar á öllum endum og þar sem línurnar sköruðust. Þannig voru miðjur veggja mældar og miðjur rýma og húsa. Stærð

³ Í sviga eru meintur aldur bæjanna.


bæjarhúsanna ásamt kálgarði var 20,5 x 46 m (NV – SA), en 16 x 41 samkvæmt fornleifaskrá.

Á seinustu þrem áratugum eða svo hefur hin hefðbundna skilgreining á viðfangsefnum fornleifafræðinnar breyst mikið og nú viðurkennt að viðfangsefnin eru óháð tíma. Á sautjándu öld voru fornleifar yfirleitt tengdar hinu ritaða máli og áhuginn sneri að rúnasteinum, mynt og fornum handritum, en einnig skipuðu haugar og vopn mikilvægan sess. Þar áttu minjar um bóndabæi ekkert pláss. Í fyrstu friðýsingarskrá yfir minjar á Íslandi frá 1817 voru tíu fornleifar taldar upp (Frásögur um fornaldarleifar 1983:XVII). Þetta var gert á grundvelli tilskipunar konungs árið 1807 um varðveislu fornminja í Danmörku. Af þessum friðlýstu fornminjum voru sjö áletraðir steinar, auk Borgarvirkis í Húnaþingi, Snorralaus í Reykholti og dómhringur á Þingvöllum í Helgafellssveit. Fyrstu íslensku lögin um fornleifar tóku gildi árið 1907 og þá voru allir forngripir eldri en 150 ára friðaðir, en um fornleifar eru engin sérstök friðunarákvæði varðandi aldur. (Lög um verndun fornmenja 1907). Þar gætir áfram nokkuð mikil áhersla á hið ritaða mál. Fyrstu lög íslenska lýðveldisins um fornleifar eru frá 1969 og þar er ekki tilgreint hversu gamlar minjar skuli vera til að njóta lögverndunar, en þar er lagt bann við útflutningi gripa sem eru eldri en 100 ára. (Þjóðminjalög 1969). Það var á valdsviði þjóðminjavarðar að ákveða um nánari skilgreiningar. Í næstu lögum um fornleifar, sem tóku gildi 1. janúar 1990 er tekið fram að minjar sem eru að jafnaði 100 ára og eldri skuli teljast til fornleifa og því friðaðar. (Þjóðminjalög Nr. 88 29. maí 1989). Hefur þetta ákvæði staðið óbreytt síðan. Þetta þýðir að fjöldi fornleifa vex stöðugt og innan tíðar verða að óbreyttu minjar um síldarævintýrið, hersetuna, vegagerð o.s.frv. friðaðar.

Á allra síðustu árum hefur athygli fornleifafræðinga á Íslandi beinst að ungum minjum og hugtökin fornleifafræði nútímans, fornleifafræði hins nýliðna, nútíma-fornleifafræði, fornleifafræði samtímans, leifafræði eða nýminjar verið viðruð. (Lucas 2011, Þóra Pétursdóttir 2011). „ ... óháð því



Flatarteikning af Bæ í Örafum. Bærinn fór í eyði á sömu stundu og Gröf, en er þó af annarri gerð en hann. Hús A, A1, B, G og G1 eru seinni tíma viðbætur við bæinn og ef horft er framhjá þeim er bærinn af sömu gerð og margir Þjórsárdals-bæirnir, sem stundum er kölluð Þjórsárdals-gerðin. Bær er fyrsta dæmið um mannvirki sem eyðast í svokölluðu gushlaupi (eins og Pompeii) og þá er ljóst að Gröf hefur hlotið sömu örlög. (Bjarni F. Einarsson 2007:19).



Flatarteikning af Stöng í Þjórsárdal. Skýringar eru samkvæmt Aage Roussell. Margir hafa túlkað rými E sem salerni, en ég er sammála Aage og tel að rýmið hafi þjónað sama tilgangi og rými E á Bæ, þ.e.a.s. sem búr fyrir votmeti. Einnig tel ég að hið sama eigi við um rými IV á Gröf. (Roussell 1943:78).

hversu mikið er til af ritheimildum eða hversu mörg viðtöl eru tekin, þá munu fornleifar alltaf geta bætt við nýjum upplýsingum. Þegar við skiljum þetta þá skiljum við um hvað fornleifafræði snýst í raun og veru um. ... fornleifafræði er vísindi efnismenningar fremur en eingöngu fortíðarinnar.“ (Lucas 2011:142). Hvaða hugtak verður ofan á er ekki gott að segja, en samtímafornleifafræði, nýleifafræði eru enn ett hugtakið sem nota mætti. Líklega verður þó gamla hugtakið fornleifafræði áfram notað og inntakið skýrist svo af viðfangsefninu. Samtímafornleifafræði beitir sömu aðferðum og hefðbundin fornleifafræði og leggur net sín út í allar áttir til að sækja efni og aðstoð til úrlausnar þeim vandamálum sem hún glímir við hverju sinni. Angarnir teygja sig til ritaðra heimilda, þjóðsagna, jarðfræði, munnmæla o.s.frv. og allt er þetta eftir atvikum mátað við niðurstöður fornleifafræðinnar.

Skarðssel var dæmigert kotbýli eins og þau höfðu litið út í nokkrar aldir, byggingarlagið var eldfornt og efniviðurinn í húsinu sá sami og hafði verið frá upphafi byggðar í landinu, en þó með nýjungum eins og verksmiðjugleri í gluggum og járnplötum á þök. Skepnurnar voru sömu tegundar og þær voru grundvöllurinn sem tilveran byggði á. Því geta niðurstöður rannsóknanna varpað einhverju ljósi á eldri minjar þar sem varðveislan er ekki eins góð og í Skarðsseli vegna eyðingarmáttar tímans.

Bæjarhús og kálgarður

Rými A, kálgarður

Í kálgarðinn voru grafnar tvær prufuholur (könnunarholur), báðar 1 x 2 m á stærð. Sneri sú eystri N – S og sú vestari A – V. Úr sín hvorri holunni var eitt sýni tekið, sýni 29 úr vestari holunni og sýni 30 úr þeirri eystri. Á svokölluðu túnakorti frá byrjun síðustu aldar reiknaðist hann vera 200 m², en það hlýtur að hafa verið vanreiknað, eða að garðurinn var stækkaður síðar. (Túnakort Skarðssels. Þjóðskjalasafn Íslands). Stærð kálgarðsins var um 18 x 20 m (NV - SA) eða 360 m². Niður á mannvist var 0,2 – 0,27 m. Eystri holan var 0,3 m djúp og sú vestari var 0,27 m djúp.

Á yfirborði má sjá allavega átta beð sem benda til þess að kartöflur hafi verið ræktaðar í garðinum. Lágu þau öll NV – SA og á milli þeirra og bæjarhúsanna virtist vera einhverskonar stigur sem lá frá einu hliði við SA - hornið að rými H, smiðjunni, og hliði við NA - hornið. Þetta var ekki kannað sérstaklega, en vísbendingar um þetta sjást á loftmyndum.

Garðurinn utan um kálgarðinn var víða býsna blásinn, en þó samfelldur. Við

Fnr.	Efni	g	Fj.	Rými/rúst	Tegund	Lag
22	Járn	50	1	Kálgarður	Plata	Áfok
22	Járn	5	2	Kálgarður	Naglar	Áfok
22	Leirtau	2	2	Kálgarður	Leirtau	Áfok
37	Járn	16	4	Kálgarður	Naglar, járn	Grasrót
37	Gler	<1	1	Kálgarður	Vasi?	Grasrót
37	Leirtau	5	7	Kálgarður	Matarstell	Grasrót
37	Bein	1	1	Kálgarður	Brennt bein	Grasrót
		80	18			

Gripir úr kálgarði.



Túnakort Skarðssels frá 1917. Eins og sjá má þá eru engin útihús staðsett á kortinu eins og iðulega var gert og stærð túna er ekki heldur gefin upp. Hér hefur kortinu verið breytt lítilega með því að færa textann og minnka blaðið.

suðurkampinn við hliðið á SA – horni garðsins mátti sjá grjóthleðslur, en ekki virtust þær vera annarsstaðar.

Í prufuholunum fannst lítið eitt af járn, járnteinn og leirtausbrot (Fnr. 22 og 37).

Fáeinir kálgarðar eða matjurtagarðar frá seinni öldum hafa verið rannsakaðir að einhverju leyti, með prufuholum eða skurðum.

Í kálgarðinum á Gamla-Seli fundust talsvert fleiri gripir en í Skarðsseli eða samtals 29 fundanúmer með 82 gripum. Voru þetta m.a. bein, tönn, brot af flögubergi (brýni), hnappur úr bronsi og járnaglar, stafur úr tré, glerhallur, steinkolsmolar, rúðu-, flösku- og vasagler og leirtausbrot með hvítum glerungi. Allir þessir gripir rekja uppruna sinn til eldhússins, fáeina metra frá, þar sem ösku var dreift í garðinn til áburðar (Bjarni F. Einarsson 2004:87). Mátti greina tvö lög af mannvistarlagi (ösku), fyrir og eftir tilkomu steinkola sem tóku að berast til landsins um og eftir 1870. (Hörður Ágústsson 1898:67 og 133). Sambærileg mannvistarlög með eða án viðarkola og steinkolum fundust ekki í kálgarðinum í Skarðsseli, en aftur á móti fannst lag með steinkolum í rúst 2:2 sem getið verður hér að neðan.

Við þurrabúðina og eyðibýlið Jónsbúð í landi Straums í Hafnarfirði, sem var við lýði á 19. og 20. öld, fannst tvískipt mannvistarlag fáeina metra framan við bæinn. Í efri hluta lagsins (öskuhaugur og/eða tún) fundust leirkersbrot, steinkol, fáein brennd og óbrennd bein, naglar og skeljar, en í neðri hluta lagsins fundust engin steinkol (Bjarni F. Einarsson 1999).

Í kálgarði við kotbýlið Fífilbrekku í landi Kálfholtis í Holtum, Rangárvallasýslu, fundust leirtausbrot, brennd bein, viðarkol og aska í prufuholu sem þar var grafin. Engin steinkol fundust þar. Stóð kálgarðurinn fáeina metra frá bænum. Býlið var við lýði frá 1912 – 1921 eða aðeins í 9 ár. (Bjarni F. Einarsson 2000).

Síðla sumars árið 2002 voru nokkrar prufuholur grafnar á Hlíðarenda í Fljótshlíð að undangengnum jarðsjármælingum. (Bjarni F. Einarsson o.fl. 2002). Þar á meðal var prufuhola grafin á stað sem margir töldu vera skálastæði Gunnars á Hlíðarenda. Í ljós kom að þar hefur verið kálgarður sem aska úr eldstæði hafði verið borin í.⁴ Hlíðarendi var snemma þekktur fyrir mikla garðrækt. (Ingólfur Guðnason 1998:148-50). Þar bjó frumkvöðull garðræktar á Íslandi, Vísi-Gísli Magnússon sýslumaður árin 1653 – 1686. Hann reyndi fyrir sér með ræktun á byggi, rúgi, hör, hampi auk ýmissa káltegunda, ertum, rófum, salati og kúmeni. Kartöflurækt reyndi hann einnig, en hún gekk ekki eftir í það sinnið.

Í landi Rauðuskriðu í Aðaldal, S – Þingeyjasýslu, var meintur kirkjugarður friðlýstur sem slíkur árið 1930. Löngu síðar, eða 2003, voru prufuholur grafnar í garðinn og þá kom í ljós að þar hefur aldrei kirkjugarður verið, heldur kálgarður um 21 x 26,5 m á stærð. (Orri Vésteinsson 2003). Engin mannvistarlög fundust í garðinum og talið var að hann gæti verið með elstu kálgorðum landsins, eða tilraun til slíks, sem ekki hafi



Gripir sem fundust í kálgarðinum, Prh. 1. Sjá má m.a. leirtau. Fnr. 37 er ekki sýnt hér. (Fnr. 22. Ljós. BFE 2016).

⁴ Jarðsjármælingin var gerð af Línuhönnun hf (nú Efla hf). Bjarni F. Einarsson og Friðrika Marteinsdóttir 2002.

enst lengi. Þessi tilraun gat verið frá seinni hluta 18. aldar eða fyrri hluta þeirrar 19. Á Rauðuskriðu bjuggu þá ýmsir framfaramenn og þar á meðal sýslumaður.

Þá má nefna meintan matjurtagarð í Katanesi á Hvalfjarðarströnd (Hildur Gestsdóttir o.fl. 2015). Í honum fundust engin mannvistarlög sem bendir til þess að matarúrgangur eða aska úr eldstæðum hafi ekki verið borinn í garðinn. Hann er að auki um 80 m frá bæ sem gæti bent til þess að um kartöflugarð hafi verið að ræða, en ekki eiginlegan kálgarð þar sem ýmsir rótarávextir voru ræktaðir.

Garðrækt var bundin við fáa staði á Íslandi um miðja 18. öldina og þá var að finna við bústaði embættismanna, kaupmanna og við prestssetur. (Ingólfur Guðnason 1998:156). Síðar dreifðist ræktun í kálgorðum um landið hjá háum sem lágum og hefur það gerst hratt upp úr 1800 eða þar um bil og urðu þeir gríðarlega algengir út um allt land. Í þeim voru gjarnan ræktaðir rótarávextir af ýmsum toga. Líklega mætti halda því fram að kálgarðar hafi skipt sköpum í harðærum, þó ekki þegar sandurinn kaffærði allt sem á vegi hans varð.

Rými B, stofa/baðstofa

Hæð yfirborðs fyrir rannsókn var: V 129,97, mið 129,78, A 130,03. S 129,86 og N 130,16. Hæð yfirborðs eftir rannsókn var: V 129,38, mið 129,36, A 129,37. S 129,41 og N 129,33.

Hæð veggja (frá gólfi): V 0,75, A 1,44, S 1,05 og N 0,78. Hæsta hæð veggja er 1,44 á austurvegg. Með öllum norðurvegg lágu hellur við gólf. Við vesturvegginn lágu þær í norðurhluta.

Við vesturvegg var grunnur niðurgröftur og feringlaga blettur sem er líklega steinvelta (far eftir stein sem er á burtu). Annars voru engin mannvirki í rýminu.

Dyr voru 0,83 m breiðar og göngin inn úr aðalgöngunum 1,6 - 1,7 m löng, eða jafn löng og breiddin á milliveggnum á milli stofunnar og ganganna.

Gólf var ekki greinilegt og hugsanlegt að það hafi verið timbur. Eitt sýni var tekið úr meintu gólflagi, sýni 7. Fremst í dyrunum, við aðalgöngin var þröskuldur úr einfaldri röð steina.

Öryggishola, 1 x 1 m að stærð var grafin niður úr rýminu í NV – hluta þess og var hún 1,29 m djúp. Var tilgangur hennar að kanna hvort eldri leifar fyndust undir bænum, en svo var ekki. Hugsanlega sáust gjóskur úr Heklu 1104 og 1206 og H3 lagið (um 2500 ára). Einnig sást hugsanlega landnámslagið



Flatarteikning sem sýnir botn rýmis B, stofu undir bjálkaförum. Nú er steinaröðin við NV-vegginn horfin.



Flatarteikning sem sýnir legu hinar dökku rennu í meintu gólfi rýmis B, stofunnar. Dyrnar eru uppi til hægri. Rýminu má skipta í tvo staði, efri og neðri huta. Hugsanlega hefur timburgólfíð aðeins náð yfir þann syðri og steinaraðirnar tvær hafa líklega verið undirstöður undir veggþil enda benti spýtnabrák sem lá á gólfinu til þess. Voru þær reyndar dreifðar um allt rýmið.

(871±2) á sínum stað. Í NA- og SA- sniðum holunnar mátti sjá sprungu sem hlýtur að vera afleiðing af jarðskjálfta sem riðið hefur yfir áður en bærinn var byggður (sjá m.a. stafr. myndir nr. 134, 141 og 142).

Stærð rýmisins er: 3,00 x 3,06 m. Flatarmálið er því 9,18 m².

Þvert yfir rýmið (NV – SA) var rás sem sýndi sig sem ljós rák og þvert á hana til SV var önnur eins. Líklega eru þetta för eftir bjálka sem legið hafa undir gólfinu og þeir fjarlægðir þegar húsin voru yfirgefin. Þegar neðar dró kom svo í ljós niðurgröftur fast upp við NV-vegginn. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi niðurgröftur hefur haft, en til greina kemur lítill kjallari eða geymsla undir timburgólfi.

Um allt rýmið lágu fjalir sem túlkaðar hafa verið sem leifar timburþils í öllu rýminu og/ eða, leifar af timburgólfinu sem líklegt er að hafi verið í öllu rýminu, frá þröskuldi og inn. Ofan á þeim lá formuð jærnplata sem gæti verið úr strompi eða kamínu (sjá ljósm. nr. 72).

Grjóthleðslur voru í öllum veggjum, frá dyrum að dyrum. Við norðurvegginn var tvöföld grjóthleðsla innan við vegglinur. Ekki er hlutverk hennar þekkt, en líklega hefur hún verið undirstaða undir einhverja innréttingu.

Í rýminu fundust auk jærnplötunnar, talsvert af gripum (Fnr. 6). Í áfokinu ofan á hinu meinta gólfi fundust m.a. viðarleifar, gaddavír, kindabein, meint fuglabein, jærnnaglar, og annað ógreinanlegt jærn, brýni og grautardiskur úr hvítleir eða postulíni með skreyti á botni. Í hinu meinta gólfi fundust leðuról, meintur skósóli, gler úr gleraugum, rúðugler, hitamælir, fáein dýrabein, jærnnaglar, áðurgreind jærnplata sem gæti verið úr reykháf og ógreinanlegt jærn, hóffjöður og leirtau úr hvítleir með skreyti. Var leirtauið úr a.m.k. þremur gripum.

Sú ályktun að rýmið hafi verið stofan í bæjarhúsunum gengur vel upp. Þarna fundust persónulegir gripir eins og gler úr gleraugum, leðurhlutir, hitamælir og leirtau. Rýmið



Gripir sem fundust í áfoki í stofunni. Sjá má m.a. leirtau, brýni og gaddavír. (Fnr. 6. Stafr. myndir nr. 149. Ljósm. BFE 2016).



Gripir sem fundust í hinu meinta gólfi stofunnar. Sjá einnig ljósm. nr. 148. Sjá má m.a. skósóla, hitamæli, gleraugu, leðuról og leirtau. (Fnr. 6. Stafr. myndir nr. 150. Ljósm. BFE 2016).



Ljósmynd af stofunni og grilla má í bjálkaförin. Dyrnar eru niðri til hægri. Gripirnir á efri myndinni fundust rétt fyrir ofan þennan flöt. (Stafr. myndir nr. 89. Horft mót VSV. Ljósm. BFE 2016).



Stofan nær fullrannsókuð. Slitur af gólfi sest við dyr (uppi t.h.) og hellur þar hjá. Grilla má í bjálkaförin, upp frá neðri hluta að miðju rýmis og svo þvert á þau yfir allt rýmið. Þau komu betur í ljós í næstu yfirferð og þá kom steinaröðin niður t.v. í ljós sbr. efri teikning. (Drónamyndir. Upp vísar til ANA. Ljós. BFE 2016).

var eina rýmið sem hafði líklega timburgólf og fyrir rýminu var þröskuldur sem aðeins var við einar aðrar dyr, eða bæjardyrnar. Hugsanlega var kamína í rýminu, en pottjárnsbrot úr kamínu fannst á yfirborði við bæjarrústirnar áður en að rannsókninni kom (ekki skráð). Í suðurhluta rýmisins voru líklega rúmstæðin, líklega tvö. Rýmið var stærst rýmanna, fyrir utan hlöðuna eins og vænta mátti. Einnig er breidd dyranna mest í þessu rými þar sem þær var hægt að mæla (ekki hægt í rými E og F, skemmu og hlöðu), aðeins dyrnar í fjósið, rými G, voru breiðari. Staðsetning rýmisins í húsunum kemur einnig vel heim og saman við staðsetningu stofa í bæjum.

Í lítilla eldri stofum/baðstofum eins og í Sandártungu⁵ var ekki mikið að gerast þegar kemur að innri mannvirkjum eða innréttingum. Stofan þar var 2 m á breidd og 3,2 – 3,4 m á lengd eða 6,4 – 6,8 m². Þessi stærð er ekki mikil, sérstaklega ef haft er í huga að Sandártunga var lögbýli, en Skarðssel hjáleiga. Gólfið í Sandártungu hefur ekki verið úr timbri, heldur að mestu moldargólf með hellum inn á mitt gólfið út úr göngunum. Talið er að þar hafi verið tvö rúm við annan vegginn og eitt við hinn (Kristján Eldjárn 1951:113). Ekki kemur fram hver breidd dyranna var og ekki kemur fram í hvaða rýmum gripir fundust, en þó er tekið fram að í stofunni hafi fundist „smásteinar fjölmargir, margvíslega litir, vafalaust leikföng, enda fundust þeir flestir í hrúgu í horninu á minnsta rúmstæðinu, í NA-horni baðstofu.“ (Sami 1951:115).

Fnr.	Efni	g	Fj.	Rými/rúst	Tegund	Lag
6	Leirtau	108	3	Stofa	Diskur	Áfok
6	Gler	8	3	Stofa	Gleraugu/stútur	Áfok
6	Leður	52	1	Stofa	Skósóli?	Gólf
6	Gler	6	1	Stofa	Hitamælir?	Gólf
6	Flöguberg	40	1	Stofa	Brýni	Áfok
6	Gler	32	7	Stofa	Rúðugler	Áfok
6	Bein	17	9	Stofa	Kind, fugl o.fl.	Áfok
6	Leirtau	2	2	Stofa	Diskur	Áfok
6	Járn	45	11	Stofa	Naglar	Áfok
6	Járn	15	4	Stofa	Ógreinanlegt	Áfok
6	Bein	121	16	Stofa	-	Áfok
6	Gler	16	5	Stofa	Rúðugler	Gólf
6	Leirtau	6	1	Stofa	Diskur?	Áfok
6	Járn	163	39	Stofa	Naglar	Gólf
6	Járn	51	14	Stofa	Þynnur?	Gólf
6	Járn	42	1	Stofa	Gaddavir	Áfok
6	Viður	10	1	Stofa	-	Áfok
6	Járn	5	1	Stofa	Haglaskot	Áfok
6	Járn	28	1	Stofa	Gjörð?	Gólf
6	Leirtau	29	21	Stofa	Matarstell	Gólf
6	Gler	10	8	Stofa	Rúðugler	Gólf
6	Járn	77	22	Stofa	Naglar	Gólf
6	Bein	32	5	Stofa	-	Gólf
6	Járn	58	6	Stofa	Ýmiskonar	Gólf
6	Leður	51	1(2)	Stofa	Belti	Gólf
		1,024	184			

Gripur úr stofunni, bæði í áfoki og gólfi.

⁵ Kristján Eldjárn kallar rýmið baðstofu, en Hörður Ágústsson telur það vera skála (1987:247). Einnig tel ég að það sem Kristján kallar eldhús sé hugsanlega stofa.

Á Fornu-Lá er stærsta rýmið kallað skáli, en ég tel að kalla beri það stofu og það sem kallað er baðstofa sé í raun eldhús.⁶ Stærð stofunnar (skálans) var 2,75 x 6 m eða 16 m². Ekki er þess getið í hvaða rýmum þeir fáu gripir fundust sem þarna voru, en þeir voru þrjú brot úr eirpotti, met úr blýi, snældusnúður, steinsleggjuhaus, þrjú brýni og tvö járnstykki. (Sami 1951:106-108).

Að Reiðarfelli í Borgarfirði var eitt rýmanna túlkað sem stofa og annað og stærra sem skáli. Stofan var 3,6 x 3,9 m eða rétt rúm 14 m². (Þorkell Grímsson 1976:571). Í þessari stofu voru innréttingar flóknari en í þeim fyrirnefndu. Þar var eldstæði, bekkur eða pallur við gaflinn gegnt dyrum og moldargólf. Pallurinn er án vafa rúmstæði og veggurinn upp af þeim líklega þiljaður. Í stofunni fannst potthadda (halda fyrir upphengibúnað), nagli, klébergsbrot, eirrör og brýnisstubbur. (Sami 1976:573).

Á örreitiskotinu Búðarárbakka á afrétt Hrunamanna, sem fór í eyði um 1665 – 1675, er ekkert rými beinlínis kallað stofa eða baðstofa, en innsta rýmið í húsinu, rými M1:E, er kallað íbúðarrými. (Kristján Mímisson 2010:33). Vel mætti kalla þetta stofu eða baðstofu þó rýmið hafi þjónað meiru en hlutverki stofunnar eins og t.d. eldhúss. Stærð rýmisins var um 9 – 10 m² ef marka má uppdráttinn, en stærðarinnar er ekki getið. Búðarárbakki sker sig talsvert úr öðrum bæjarrústum fyrir það að þar bjó einsetumaður, Þorkell að nafni, sem ekki þreifst á meðal manna og hefur örugglega haft aðrar hugmyndir um eitt og annað og ekki voru efnin heldur mikil til að byggja sér hús.

Stofan á Stöng var 34,4 m², á Bæ 11,01 m², á Gröf 19,04 m², á Þórarinsstöðum 0,31 m² og í Kúabót 27,69 m².

Á Hornbrekku voru nokkrar kynslóðir rýma rannsökuð, en hér verður einkum miðað við árin 1917, 1918 og 1920. (Ágústa Edwald [2009]. Samkvæmt úttektum var stofan þiljuð innan og með timburgólfi. Í henni var einn gluggi, fjögur rúmstæði og eldavél. Hún var 19 m² 1920, en hafði verið stækkuð nokkrum sinnum frá árinu 1868 þegar hún var um 5 – 6 m². 1896 var hún 11,6 m² og svo stækkuð aftur eftir árið 1900 og þá í sína stærstu stærð. Stofan á Hornbrekku var ekki rannsökuð með uppgrefti.

Stofur stóðu iðulega í fremstu húsaröðinni og voru samhliða bæjargöngunum og sneru þá gaflhlaðinu fram á hlaðið, eða stóðu þvert á bæjargöngin með aðra langhliðina móti hlaðinu.

Stofur virðast koma til sögunnar á 10. – 11. öld og eru elstu dæmin úr Þjórsárdal, svo sem á Stöng (Roussell 1943) og á Sámsstöðum⁷ (Sveinbjörn Rafnsson 1977). Hlutverk stofa breyttist mikið í tímanna rás, frá því að vera vinnustaður og veislustofa til þess að verða rýmið þar sem fólk mataðist, svaf og vann. Var jafnvel matseld stunduð í stofunum.

Rými C, búr

Hæð yfirborðs fyrir rannsókn var: V 130,08, mið 129,85, A 129,93. S 130,39 og N 130,43.

Hæð yfirborðs eftir rannsókn var: V 129,57, mið 129,54, A 129,67. S 129,45 og N 129,65.

⁶ Hörður Ágústsson er þessu sammála að um stofu sé að ræða (1987:244). Hörður telur einnig að rými sem Kristján kallar fjós og hlaða sé í raun skáli og búr inn af því. Þessu er ég ósammála.

⁷ Sámsstaðir hafa sömu húsaskipan og Stöng, þ.e.a.s. stofu, skála og tvær viðbyggingar út úr húsum að húsabaki og sama á við um Bæ, en þar höfðu tvö rými verið byggð út úr bænum á seinna stigum.

Hæð veggja (frá gólfi): Vesturveggur 0,63 m (hrunninn veggur). Norðurveggur 0,70 m (hrunninn). Austurveggur 1,13 m. Suðurveggur 1,25 m. Hæstur var veggurinn norðarlega á vesturvegg, eða 1,52 m. Voru grjóthleðslur í öllum veggjum.

Dyr voru 0,68 m breiðar og lágu frá göngunum til SA og voru þær um 0,7 m langar út úr aðalgöngunum, eða eins breiðar og kampurinn austan megin við dyrnar.

Með A – hlið lágu hellur nær samfelld en þó ekki næst dyrunum, en við N – gaflinn voru einstaka hellur og sömuleiðis voru einstaka hellur framan við helluröðina við austurvegginn. Norðarlega við V – hliðina var ferningslaga flötur úr hellum. Gólf sást varla, en þó sáust í því einstaka viðarkolamolar. Eitt sýni tekið, sýni 4.


Stærð rýmisins er: 1,95 x 3,71 m eða 7,23 m².

Í norðanverðri rústinni var 1 x 1 m prufuhola grafin í sama tilgangi og holan í rými B, þ.e. til að leita af sér grun um eldri minjar undir gólfinu. Í henni fannst ekkert manngert. Dýpt holunnar var 1,34 m (sjá stafr. myndir nr. 346). Minni hola (0,25 x 0,25 m) var grafin í sunnanverðri rústinni í sama tilgangi og hin. Ekkert fannst heldur þar sem sýndi eldri minjar.

Grjóthleðslur náðu ekki allan hringinn í rýminu. Voru hreinir torfveggir í suðvesturhorninu og sáust þar strengir. Hugsanlegt er að grjótið hafi hrúnið úr veggjunum, þó ekki hafi það beinlínis sést á því grjóti sem fjarlægt var úr rýminu í byrjun rannsóknar. Á myndum má þó ráða að svo hafi þrátt fyrir allt verið tilfellið (sjá t.d. stafr. myndir nr. 79 og 85).

Hleðslurnar með austurveggnum geta hafa verið undirstöður undir hillueiningu og hinn ferningslaga flötur við vesturvegginn gat sömuleiðis hafa verið undirstaða undir einhverja innréttingu, ef ekki tunnu, til dæmis korntunnu eða annað þurmeti.

Í rýminu fundust frekar fáir gripir (Frn. 5), en meðal þeirra sem ekki voru teknir til handargagns voru járnplötur (sjá stafr. myndir nr. 101). Í áfoki rýmisins fundust m.a.



Flatarteikning af rými C, sem túlkað er sem búr.



Gripir sem fundust í áfoki í búrinu. Sjá má m.a. leirtau, frauðplast, plastbolla og rúðugler. (Frn. 5. Stafr. myndir nr. 100. Ljós. BFE 2106).



Gripir sem fundust í eða við gólf búrsins. Sjá má m.a. leirtau og brýni. (Frn. 5. Stafr. myndir nr. 102. Ljós. BFE 2016).

frauðplast, plastbolli, jógúrt dósi úr plasti, hylki af haglaskoti, rúðugler, kindabein, járnnaclar og leirtau úr hvítleir með skreyti. Margir þessara gripa hafa ratað í rýmið löngu eftir að það var yfirgefið og húsin tekin niður einkum frauðplastið, plastbollinn, haglaskotið og jógúrt dósin. Ekki er hægt að útiloka að fólk sem þarna átti leið um hafi áð á staðnum og fengið sér hressingu, t.d. skotveiðimenn.

Í gólfinu eða við það fundust aðeins brýni úr erlendu klébergi, járnnaclar og ógreinanlegt járn og leirtausbrot úr tveimur gripum, báðir úr hvítleir. Var annar líklega undirskál með blárri rönd við kantana.

Gripirnir segja lítið um hlutverk rýmisins, en samanburður við aðra bæi bendir til þess að hér sé um búr að ræða. Þá er vísað til yngri bæja sem rannsakaðir hafa verið, einkum Sandártungu í Þjórsárdal (Kristján Eldjárn 1951) sem fór í eyði í Heklugosinu 1693 og Búðarárbakka á Hrunamannafrétti. Í báðum tilfellum var steina- eða helluröð með annarri langhliðinni og í báðum tilfellum var búið inn af göngum, en ekki með sérstakar dyr eða gaflhlað út á hlaðið. Reyndar er möguleiki á því að það sem kallað er búr í Sandártungu kunni að vera fjósið og annað rými (rými V) innst inni af göngunum sé í raun búið, en ekki hefur var gerð tilraun til þess að túlka það.⁸ (Sami 1951:113). Sú staðreynd að ekkert ræsi liggur frá þessu rými bendir til þess að ekki sé um fjós að ræða. Búið í Sandártungu var 8 m².

Ein elstu dæmin⁹ um búr eru frá miðöldum í Þjórsárdalsbæjunum Stöng og Samsstöðum (11.–13. öld)¹⁰, en bæði búrin þar voru innangeng úr öðrum rýmum húsanna og þau eru öll aftan við aðal íveruhúsin hvort sem það eru stofur eða skálar. Sama er upp á teningnum á Þórarinsstöðum á Hrunamannafrétti frá 11.–13. öld. (Kristján Eldjárn 1949), Bæ í Örfasveit (Bjarni F. Einarsson 2005),



Búið nær fullgrafið. Sjá má hellur við vegg og ferningslaga hellulögn innst í rýminu t.v. (Stafr. myndir nr. 84. Horft mót NNA. Ljós. BFE 2016).



Drónamynd af búrinu fullrannsökuðu. Litlu holurnar eru leitarholur. (Drónamyndir. Ljós. BFE 2016).

⁸ Hörður Ágústsson telur rýmið hafa verið baðstofuna (1987:247).

⁹ Búra er getið í Íslendingasögum, en þá er líklega átt við margskonar hús en ekki bara í merkingunni matargeymsla eða forðabúr. Þau gátu heitið svefnbúr, skemmubúr, mjólkurbúr o.s.frv. (Valtýr Guðmundsson 1889:227).

¹⁰ Líklega er hægt að vera enn nákvæmari og nefna 13. öldina sem líklega.

Gröf í Öræfum (Gísli Gestsson 1959) og á Búðarárbakka, en þar var húsið talið geta verið fjós. Til greina kæmi þá að rými C hafi verið búið. Þorkell á Búðarárbakka átti eina kýr og einhvers staðar hlaut hún að hafa átt sitt afdrep. (Kristján Mímisson 2010). Stærsta búið sem rannsakað hefur verið var í Kúabót í Álftaveri og það var á óvenjulegum stað, eitt framhúsa bæjarins.

Búrin tvö á Bæ voru 2,64 m² annarsvegar og 5,61 m² hinsvegar.

Á Hornbrekku var búið 5,6 m² og hafði verið stækkað úr 4 m² á árunum 1896 – 1917 (Ágústa Edwald [2009]:21 og 23).

Búið var rými þar sem matvæli voru geymd. Í þeim tilfellum þar sem þau voru fleiri gætu þau hafa geymt mismunandi matvæli, þurrmeti annarsvegar og votmeti hinsvegar.

Rými D, eldhús

Hæð yfirborðs fyrir rannsókn var: V 130,03, mið 129,84, A 130,17. S 130,47, N 130,38.

Hæð yfirborðs eftir rannsókn (ofan á gólf) var: V 129,27, mið 129,37, A 129,30. S 129,35 og N 129,32.

Hæð veggja (frá gólfi): Vesturveggur 1,31 m. Norðurveggur 1,36 m. Austurveggur 1,41 m. Suðurveggur 0,71 m. Hæstur var veggurinn 1,54 m á norðurvegg. Grjóthleðslur voru í öllum veggjum.

Dyr voru 0,80 m breiðar og göngin inn að rýminu um 2,1 m löng þar sem þau beygðu til SA frá aðalgöngunum.

Hlóðir voru 1,34 m breiðar og 0,93 m djúpar (NNA - SSV). Hæð þeira var 0,70 m. Yfir eldopinu (eldhólfinu) voru leifar af rist úr járn og á bak við hana var talsvert af beinum.

Eldhólfið í hlóðunum var 0,28 m breitt og hæð þess 0,42 m og náði gatið niður fyrir gólfhæðina.

Dýrabein sem fundust í áfoki í eldhúsinu. Mörg leggjarbeinanna eru boruð til mergjar. Flest eru þau sótug og gætu hafa verið soðin. Kindabein. (Fnr. 17. Stafr. myndir nr. 243. Ljós. BFE 2016).

Fnr.	Efni	g	Fj.	Rými/rúst	Tegund	Lag
5	Járn	41	10	Búr	Naglar	Áfok
5	Járn	7	2	Búr	Þynnur?	Áfok
5	Frauðplast	4	1	Búr	Einangrunaplast	Áfok
5	Plast	2	1	Búr	Jógúrt dolla	Áfok
5	Plast	16	1	Búr	Bolli	Áfok
5	Plast+járn	8	1	Búr	Haglakot (Dar Arms)	Áfok
5	Bein	107	18	Búr	Kind o.fl.	Áfok
5	Leirtau	137	18	Búr	Matarstell	Áfok
5	Gler	16	2	Búr	Rúðugler	Áfok
5	Flöguberg	75	1	Búr	Brýni	Gólf
5	Leirtau	77	5	Búr	Diskur	Gólf
5	Járn	14	7	Búr	Þynnur?	Gólf
5	Járn	17	2	Búr	Naglar	Gólf
		521	69			

Gripir úr búi, bæði úr áfoki og úr gólfi.



Flatarteikning af rými D, eldhúsi.



Á miðju gófli var hringlaga hola (sáfar) með hellum í kring, 0,77 – 0,90 m í þvermál (innanmál) og 1,03 m djúp. Í hliðum hennar innanvert við hellurnar voru 7 stoðarholur, 0,08 - 0,12 m í þvermál. Þær reyndust svo líkjast borðum eða stöfum þegar neðar dró. Veggir holunnar voru hlaðnir grjóti frá botni og upp úr. Sáir voru öllu jafnan í búrum, en ekki eldhúsum.

Upp við langvegginn, rétt innan við dyrnar var hringlaga hellulögn. Hugsanlega hefur hún verið undirstaða undir ílát af einhverju tagi.

Gólf var mjög greinilegt. Tvö sýni úr gólfi (sýni 5 og 6) voru tekin auk sýna úr botnlagi sáfars (sýni 23), meintri rás frá hlóðunum (sýni 25), öskuholu (sýni 26), og eldhólfi undir hlóðum (sýni 27).

Stærð rýmisins er annars vegar 2,32 x 2,88 m og hinsvegar útskotið til norðurs 1,40 x 1,66. Samanlagt er rýmið allt 6,68 + 2,32 eða samtals 9,00 m². Útskotið gæti hafa verið einhverskonar búr eða búrskápur og þá þarf ekki að koma á óvart að sár hafi verið hjá.

Um tíma lék grunur á því að í norðurhluta rýmisins, útskotinu, væru stoðarholur vegna þess hve jarðvegur var þar gljúpur, en svo var ekki. Engin skýring var á þessu önnur en að þarna var ekki trampað gólf.

Yfir tunnunni sem stóð í sáfarinu hlýtur að hafa verið lok yfir til að auðvelda umferð innar í rýmið sem var við enda hússins. Var rýmið eða útskotið nokkuð mjór en aðalrýmið og hafi tunna staðið upp úr gólfinu eða verið opin hlýtur það að hafa torveldað umgengni um þennan hluta eldhússins. Leifar af slíku loki fannst yfir holu í rými G, fjósinu, enda var sú hola rétt innan við dyrnar og skepnur og menn ekki komist út vandræðalaust ef lokið hefði ekki verið yfir holunni. NV– og austan við sáfarið í eldhúsinu voru gólflög dýpri en annarsstaðar og jafnvel hægt að tala um niðurgroft. Það gæti í fyrsta lagi bent til þess að sáfarið hafi verið stærra þegar grafið var fyrir sánum eða að tunnu (sá) sem staðið hafi í holunni hafi verið skipt út á einhverjum tímamarki og þá hafi þurft að grafa niður með þeirri sem þá stóð í



Dýrabein sem fundust í áfoki í eldhúsinu. Stórgripur, kind, fiski- og fuglabein. (Fnr. 17. Stafr. myndir nr. 244. Ljós. BFE 2016).



Gripur sem fundust í áfoki eldhússins. Sjá má m.a. skæri, skeifur, brýni, leirtau og rúðugler. (Fnr. 18. Stafr. myndir nr. 245. Ljós. BFE 2016).



Gripur sem fundust í áfoki eldhússins. Sjá má m.a. lyfjaglas, leirtau, rúðugler og steinkol. (Fnr. 19. Stafr. myndir nr. 246. Ljós. BFE 2016).

holunni. Holan austan megin við sáfarið er að líkum einnig ummerki um ílát, en án alls umbúnaðar.

Í efri hluta veggja í SA– horni og öllum vesturveggnum voru veggir úr hreinu torfi og þar sáust strengir greinilega. Þessi frágangur á veggnum er örugglega upprunalegur.

Gólfíð var fullt af viðarkolum, sóti, ösku og lífrænum leifum. Í því var rás og lá hún frá SA– hluta hlóðanna við vegginn og beygð fyrir þær og stefndi svo frá opinu undir hlóðunum yfir allt eldhúsgólfíð og beint inn í göngin og endaði skammt frá dyrunum (sjá teikningu). Rásin hallaði niður að hlóðunum. Í fyrstunni var talið að þetta væri hugsanlega loftrás til að flytja hita inn í önnur rými, en þegar í ljós kom að hún náði tiltölulega skammt inn í göngin er ólíklegt að svo sé. Þá hlýtur rásin að tengjast athöfnum sem tengjast hlóðunum og starfseminni þar og þá kemur fyrst upp í hugann að þetta hafi verið loftrás (loftstokkur sem er vel þekktur) til að færa loft að hlóðunum og fæðra með því eldinn. Varla hefur heitu lofti verið veitt inn í göngin enda hugsanlegt að búrinu hafi verið haldið köldu og í stofunni var hugsanlega kamína. Þó hefur hita frá hlóðunum örugglega gætt í göngunum að einhverju leiti.

Undir hlóðunum var grjóthlaðið rými (eldhólfíð) sem í var mikið magn af kolum, ösku og sóti. Þar hefur verið hægt að kveikja all mikinn eld sem hitaði það sem hita þurfi í gegnum eldopið með ristinni.

Þegar byrjað var að aftyrfa rýmið fundust fljótlega skæri í SA horninu, og sömuleiðis fannst tað hjá hlóðunum, brýni, járnkrókar og annað járn. Taðið var líklega afgangur af eldsneyti sem notað hefur verið í hlóðunum. Annað sem fannst ofan við gólf, á hlóðum eða í áfoki, var talsverður fjöldi skepnubeina, bæði af stórgripum og kindum auk færri beina úr fugli og fiski (Fnr. 17 – 19). Athyglisvert var hve mörg kindabeinanna voru boruð, en það var gert til að sjúga merginn úr beinunum í stað þess að brjóta þau til mergjar. Auk gripanna sem getið er hér að ofan, skærin, járníð og brýnið, fundust tvö brot af skeifum sem haldið var saman með járnvír, járnaglar, gaddavírsbrot, járnteinar, leirtau úr



Gripir úr gólfi eldhússins. Sjá má m.a. flösku með olíu, leirtau og rúðugler. (Fnr. 28. Stafr. myndir nr. 322. Ljós. BFE 2016).



Bein úr gólfi eldhússins. Stórgripir og kind. (Fnr. 29. Stafr. myndir nr. 324. Ljós. BFE 2016).



Gripir úr öskuholu vestur af sáfarinu. Sjá má m.a. kind- og fiskibein og leirtau. (Fnr. 30. Stafr. myndir nr. 327. Ljós. BFE 2016).



Sáfarið í eldhúsinu. Sjá má stoðarholurnar (borðin) í holunni. Eftir er að grafa fyllingu holunnar. Niðri t.v. er horn á hlóðunum og niðri t.h. er horn í rýminu sem er á innskotinu. (Stafr. myndir nr. 283. Horft mót NV. Ljós. BFE 2016).



Hlóðirnar í eldhúsinu fullrannsakaðar. Sjá má eldhólfið og holurnar framan við opið. Rásin (loftstokkurinn), sem kom frá horni hlóðanna þar sem hún beygði fyrir þær og lá svo beint út frá opinu. (Stafr. ljósmyndir nr. 332. Horft mót SA. Ljós. BFE 2016).



Sáfarið t.v. og hlóðirnar. Búið er að grafa öll gólf í burtu og sjá má holu handan við sáfarið og grilla í aðra fremst á myndinni. Rásin sést liggja frá hlóðunum inn í göngin. Stallurinn hægra megin á myndinni er undirstaða undir torfvegg sem þarna hefur verið grafinn í burtu. (Stafr. mynd nr. 333. Horft mót SA. Ljós. BFE 2016).



Yfirlit yfir eldhúsið. Rannsókn er ekki lokið og sjá má rásina fulla af viðarkolum, sóti og ösku liggja frá hlóðunum inn í göngin. (Stafr. myndir nr. 114. Horft mót NNA. Ljós. BFE 2016).

hvítleir með hvítum glerungi og sum með bláu skreyti. Líklega eru brotin úr mörgum gripum. Einnig fundust flöskuháls úr grænu gleri, korktappi, rúðugler, hólkur úr málni og sex molar af óbrenndum steinkolum.

Í eða á gólfinu og mannvistarlögum fundust brot úr hvítleirs leirtaui sem sum hver voru með bláu skrauti úr allavega tveimur gripum (diskur og bolli), járnaglar og annað járn, rúðugler og svo heil glerflaska, rauðbrún á litinn og í henni var enn einhver olía, hugsanlega steinolía. Einnig fundust bein, bæði leggjarbein, mjaðmarspaði og hlutar af höfuðbeinum. Tvö leggjabeinanna voru boruð eins og áður nefnd bein.

Hvergi fundust jafn mörg bein og í þessu rými og munaði þar miklu. Enginn vafi er á því að hér er eldhús bæjarins. Meira af steinkolum fundust aðeins í einu öðru rými og það var í rými H sem var líklega smíðja. Þar var bróðurhlutinn brenndur, en öll steinkolin í eldhúsinu voru óbrennd og önnur orðin að ösku í hlóðunum þar sem eldur brann líklega nær látlaust.

Fnr.	Efni	g	Fj.	Rými/rúst	Tegund	Lag
17	Bein	852	60	Eldhús	Kind, fugl, fiskur o.fl.	Áfok
18	Járn	72	10	Eldhús	Ýmiskonar, m.a. krókar	Áfok
18	Járn	9	1	Eldhús	Gaddavír	Áfok
18	Járn	20	1	Eldhús	Vír	Áfok
18	Járn	46	1	Eldhús	Skæri	Áfok
18	Járn	9	4	Eldhús	Naglar	Áfok
18	Flöguberg	42	2	Eldhús	Brýni	Áfok
18	Korkur	2	1	Eldhús	Tappi	Áfok
18	Járn	110	1(3)	Eldhús	Skeifubrot á hring	Áfok
18	Járn	290	7	Eldhús	Plötur	Áfok
18	Gler	88	1	Eldhús	Grænn flöskustútur	Áfok
18	Gler	25	7	Eldhús	Rúðugler	Áfok
18	Leirtau	50	49	Eldhús	Matarstell (diskur?)	Áfok
19	Steinkol	239	6	Eldhús	Eldsmatur (óbr.)	Áfok
19	Gler	5	1	Eldhús	Lyfjaglas	Áfok
19	Járn	3	1	Eldhús	Nagli	Áfok
19	Járn	30	5	Eldhús	Ýmiskonar	Áfok
19	Járn	133	1	Eldhús	Plata	Áfok
19	Gler	42	6	Eldhús	Rúðugler	Áfok
19	Leirtau	65	20	Eldhús	Matarstell (diskur?)	Áfok
28	Gler	141	1	Eldhús	Flaska með olíu	Gólf
28	Leirtau	59	7	Eldhús	Bolli og diskur	Gólf
28	Gler	7	1	Eldhús	Rúðugler	Gólf
28	Járn	32	2	Eldhús	-	Gólf
28	Járn	48	17	Eldhús	Naglar og hóttjæðrir	Gólf
29	Bein	532	11	Eldhús	Kind o.fl.	Gólf
30	Bein	133	15	Eldhús	-	Hola
30	Leirtau	16	4	Eldhús	Diskur?	Hola
30	Járn	16	3	Eldhús	Nagli og teinar	Hola
		3,116	236			

Gripir úr eldhúsi, bæði úr áfoki og úr gólfu.



Drónamynd af eldhúsinu, ófullrannsökuðu. (Drónamyndir. Horft mót NNA. Ljós. BFE 2016).

Algenzt er að hús innst inn af göngum hafi eldstæði af einhverju tagi og stundum eru það einu eiginlegu eldstæðin sem finnast yfir höfuð í húsunum. Slík hús eru stundum kölluð baðstofur eða gufubaðsstofur, en að mínu mati eru þetta eldhús í langflestum tilfellum ef ekki öllum. Elstu dæmin um slík hús eru Gröf, en önnur dæmi um sambærileg hús eru á Reyðarfelli, Fornu-Lá og Sandártungu. Á Búðarárþakka var eina eldstæði hússins í innsta rýminu, rými M1:E, og þar hefur eldhús og baðstofa verið eitt og sama rýmið. Á Bæ er eldhúsið fremst húsa, enda var það síðari viðbygging við húsið, sem að öðru leiti, ef horft er framhjá viðbyggingunum (A, A1, B, G og G1) sver sig í ætt við Þjórsárdalstýpuna (m.a. Stöng og Sámssstaði). Eldhúsið á Gröf var 20,7 m², á Bæ var það 6,21 m², á Reyðarfelli var það um 12,8 m², á Fornu-Lá var það 10,5 m² og í Sandártungu var það 5,25 eða 6 m² og þá er annarsvegar átt við rými IV og hinsvegar rými V¹¹. Í öðrum tilfellum hafa eldhúsin snúið gaffli út á hlaðið eins og á Kúabót (21 m²) eða staðið alveg sér eins og dæmi eru til um, t.d. á Vatnsendagrund í Skorradal frá 1659 (Hörður Ágústsson 1987:259) og Keldum á Rangár-völlum eins og bærinn var 1817 (Sami 1987:261).

Hlóðirnar í Skarðsseli eiga sér aðeins eina systur í þeim bæjum sem rannsakaðir eru, en það er á Hornbrekku, enda samtíða. Slíkar hlóðir, með einu eða fleiri eldhólfum, eru víða að finna í gömlum bæjum enn í dag, þó þeirra verði ekki getið frekar hér. Ekki er vel vitað hvenær hlóðir voru fyrst byggðar í húsum.

¹¹ Eins og kom fram hér að ofan tel ég líkur á því að þetta rými sé ekki eldhús, heldur stofa og að eldhúsið sé í raun rými III og stærð þess er 7 m².

Framan við hlóðirnar á Hornbrekku var aflöng L-laga dæld sem túlkuð var sem ummerki um eldiviðargeymslu. Hvort þetta eigi eitthvað skylt við rásina í eldhúsinu í Skarðsseli er ekki víst, en túlkunin á dældinni á Hornbrekku var ekki örugg.

Mjög svipaðir gripir fundust í Skarðsseli og á Hornbrekku, leirtau, naglar og annað járn, flösku- og rúðugler og járnkrókar (hórar) sem líklega voru til að hengja upp kjöt yfir hlóðunum til reykingar.

Fjöldi beina virðist vera mun meiri í Skarðsseli en á Hornbrekku og ekki er þess getið að beinin frá Hornbrekku hafi verið brotin til mergjar eða boruð eins og beinin í Skarðsseli.

Í eldhúsum síðari alda var matur verkaður og þegar hin daglega matseld fór t.d. fram í stofum var eldhúsið notað til umsvifameiri matseldar (sláturgerðar, súrmeti, þvotta, reykingar o.s.frv.). Þar var einnig eldiviður geymdur þó að sérstök hús til þess hafi einnig verið til samtímis eins og líkur eru til að verið hafi í Skarðsseli sbr. umfjöllun um rúst 2:5 að neðan.

Rými E, skemma

Hæð yfirborðs fyrir rannsókn var: V 129,91, mið 129,65, A 129,82.

Hæð yfirborðs eftir rannsókn var: V 129,64, mið 129,57, A 129,66.


Hæð veggja: Vesturveggur 1,06 m. Norðurveggur 1,12 m. Austurveggur 0,83 m. Suðurveggur 0,28 m. (timburpil). Hæstur var veggurinn 1,39 m við vesturvegginn.

Dyr hafa verið á suðurgafli, en þar hefur verið timburpil sem náði yfir allan gaflinn, eða burst. Grjóthleðslur voru við alla veggi nema gaflhlaðið, þar var einföld steinaröð.

Gólf sást varla. Eitt sýni var tekið úr gólfinu (sýni 2).

Stærð rýmisins er 2,34 x 3,60 eða 8,424 m².

Með öllum veggjum nema framhliðinni lágu hellur á eða í gólfi og í SV – horninu lá efri hluti kvarnarsteins á grúfu (Fn. 2). Slíkar hellur finnast gjarnan báðum eða öðru megin í rýmum sem við köllum skemmur þar sem amboð og önnur verkfæri voru geymd, auk annarra vara svo sem ull, skinn, ýmsar hirslur eins og meisar, kinnur og önnur ílát eins og í skemmuni á Keldum t.d. (Keldur 2011).



Flatarteikning af rými E, skemmuni.



Gripir úr áfoki skemmunnar. M.a. má sjá lauf af fötu, járnsgö (með götum) og gaddavír. (Fn. 2. Stafr. myndir nr. 48. Ljós. BFE 2016).



Gripir úr gólfi skemmunnar. M.a. má sjá rúðugler, kilpur og skeifu niðri t.h. (Fn. 2. Stafr. myndir nr. 49. Ljós. BFE 2016).



Skemman fullgráfin. Uppi t.h. má sjá kvarnarstein á grúfu. (Stafr. myndir nr. 47. Horft mót SV. Ljós. BFE 2016).



Kvarnarsteinninn í skemmuni *in situ* (óhreyfður). Steinninn er á hvolfi. (Fnr. 2. Stafr. myndir nr. 11.



Drónamynd af skemmuni. Sjá má kvarnarsteininn *in situ* efst í hægri horninu. (Horft mót SV. Ljós. BFE 2016).

Fnr.	Efni	g	Fj.	Rými/rúst	Tegund	Lag
2	Steinn	30,3	1	Skemma	Kvarnarsteinn	Gólf
2	Gler	428	108	Skemma	Rúðugler	Gólf
2	Járn	97	1	Skemma	Skeifa (hálf)	Gólf
2	Bein	84	5	Skemma	Kind	Gólf
2	Flöguberg	28	1	Skemma	Brýni	Gólf
2	Járn	40	1	Skemma	Kilpur	Gólf
2	Járn	70	11	Skemma	Naglar	Gólf
2	Járn	59	2	Skemma	Boltar	Gólf
2	Járn	87	2	Skemma	Lás/læsing?	Gólf
2	Járn	10	2	Skemma	Vír	Gólf
2	Járn	370	144	Skemma	Pynnur	Gólf
2	Járn	2	1	Skemma	Lykkja	Gólf
2	Járn	31	1	Skemma	-	Gólf
2	Steinkol	7	1	Skemma	Eldiviður	Sýni 2
2	Járn	34	2	Skemma	Gaddavír	Áfok
2	Járn	17	8	Skemma	Naglar	Áfok
2	Járn	6	5	Skemma	Pynnur	Áfok
2	Gler	1	2	Skemma	Rúðugler	Áfok
2	Gler	14	4	Skemma	Rúðugler	Áfok
2	Járn	5	1	Skemma	Haglasot	Áfok
2	Járn	3	2	Skemma	Vír	Áfok
2	Járn	3	1	Skemma	Nagli	Áfok
2	Járn	24	1	Skemma	Lauf af fötu	Áfok
2	Járn	35	1	Skemma	Hringur	Áfok
2	Járn	48	1	Skemma	Blikk	Áfok
		1,503	309			

Skemmur voru geymsluhús og stundum kennd við það sem þau geymdu svo sem dún, kjöt eða skreið svo dæmi séu tekin. Á minni bæjum var ein skemma sem geymdi það sem geyma þurfti. Hellurnar hafa annað hvort verið undirstöður undir hillur eða, sem er ekki ólíklegra, undirstöður undir þau ílát sem þar voru geymd.

Þar sem gaflpilið hefur verið (burstin) var steinaröð sem þilið hefur hvílt ofan á. Hefur það þá verið hár þröskuldur að klofa yfir. Einnig er mögulegt að gólfið hafi lítilla verið grafið niður og þá hljóta veggirnir að hafa verið lagðir ofan á bakkann við niðurgröftinn, því ekki varð steina vart neðst í rýminu.

Þeir gripir sem fundust í áfoki voru járnaglar og annað ógreinanlegt járn, blikk, rúðugler, brýni, lauf af fötu, járnsgö, gaddavír, steinkolsmoli og járnhringur. Í gólfi

Gripir úr skemmu, bæði úr áfoki og úr gólfi. Kvarnarsteinninn er 30,3 kg og ekki reiknaður með í heildarþyngd gripanna.

fundust ein skeifa, hald af fötu (kilpur af mjaltarfötu?), brýni, járnaglar, járnlykkja og annað ógreinanlegt járn, mikið af rúðugleri, fáein leggjarbein af kind og áðurnefndur kvarnarsteinn.

Gripir gefa ekki miklar upplýsingar um hlutverk hússins, en fatan gæti bent til þess að þarna hafi slík áhöld verið geymd sem og kvarnarsteinninn. Því verður að treysta á samanburð við aðra staði og þá kemur fátt annað til greina en skemma.

Á Þórarinsstöðum á Hrunamannafrétti var rými yst í húsaröðinni sem kallað er kofi og var 5,26 m². Margt bendir til þess að réttnefni sé skemma. Skemman á Reyðarfelli undir Húsafelli í Borgarfirði, sem fór í eyði á 14. eða 15. öld (líklega á 15. öld), var með hellum við báðar langhliðar og timburpil hefur verið út á hlaðið. (Þorkell Grímsson 1976). Stærð hennar var 14,56 m². Skemmur virðast ætíð snúa gaflhlaðinu fram á hlaðið, nema vafagemsinn á Þórarinsstöðum sem deildi útídyrum með fjósinu. Í Kúabót í Álftaveri háttar því þannig til einnig og er það vísast til elsta skemman sem rannsökuð hefur verið á Íslandi enn, ef frá er talinn vafagemsinn frá Þórarinsstöðum.¹² (Gísli Gestsson 1987:56-57). Stærð skemmunnar í Kúabót var 26,8 m². Annað dæmi um skemmur sem sneru gaflhlaði fram á hlaðið eru tvær skemmur í Laufási í Eyjafirði árin 1559 – 1616, aftur árið 1631, en þá eru skemmurnar orðnar þrjár og enn sami bær 1676 og þá hefur ein skemman færst yfir bæjarhlaðið gegnt bænum. Árin 1738 – 1828 eru skemmurnar ætíð þrjár og á sama stað þar til þeim verður svo fækkað í tvær á nýjum stöðum (m.a. eldri skála breytt í skemmu. Yfirbragð bæjarins varð nokkuð yfirlætisminna á árunum 1785 – 1828. (Hörður Ágústsson 1987:265-73). Á Keldum á Rangárvöllum var skemma áföst bænum árið 1817 og sneri gaflhlaðinu fram á hlaðið (Hörður Ágústsson 1987:261) og eins var með skemmu á Högnastöðum í Borgarfirði. (Albert Nilsson 1943: 283).

Skemmur voru geymslur þar sem ýmis amboð og önnur áhöld voru geymd. Þær voru jafnframt nýttar í ýmislegt annað, jafnvel svefnhús. „Skemman hefur líklega snemma orðið stöðutákn, því fleiri sem þar voru því betra.“ (Sami 1987:341).

Rými F, hlaða

Hæð yfirborðs fyrir rannsókn var: V 129,70, mið 128,45, A 129,62.

Hæð yfirborðs eftir rannsókn var: V 128,08, mið 128,02, A 128,01. S 127,90 og N 128,06.

Hæð veggja: Vesturveggur 1,10 m. Norðurveggur 1,05 m. Austurveggur 0,84 m. Suðurveggur (timburpil). Grjóthleðslur voru við alla veggi, en aðeins til hálf þar sem gaflhlaðið var.

Suðurveggur er grafinn niður um 1,56 m í SV og 1,58 í SA m frá yfirborði. NV gaflhorn er 2,68 m hátt og NA horn er 2,36 m. Hæstur var gaflinn 2,78 m.

Suðurgaflinn hefur verið timburpil sem náði



Flatarteikning af hlöðunni.

¹² Alveg eins og búið þá eru skemmur nefndar í fornsögunum og þá gjarnan sem samheiti yfir búr (Valtýr Guðmundsson 1889:247).



Leifar af fötu og kilpum in situ sem lágu undir stórum steini. (Fnr. 2. Stafr. myndir nr. 6. Ljós. BFE 2016).



Girpir úr gólfi hlöðunnar. Sjá má m.a. gaddavír, rúðugler og hluta af rafmangstæki. (Fnr. 4. Stafr. myndir nr. 67. Ljós. BFE 2016).



Gripir úr áfoki í hlöðunni, einkum blikk. (Fnr. 3. Stafr. myndir nr. 66. Ljós. BFE 2016).



Gripir úr áfoki hlöðunnar. Sjá má m.a. gjörð og lauf úr fötu og brýnisbút. (Fnr. 3. Stafr. myndir nr. 65. Ljós. BFE 2016).

yfir allan gaflinn. Þar hafa verið dyr eða op.

Gólf var mjög ógreinilegt.

Stærð rýmisins er 3,28 x 5,54 m eða 18,1712 m².

Rannsókn á þessu rými var umfangsmest þegar kemur að því efni sem fjarlægja þurfti í burtu, en um 5 – 7 tonn af grjóti og annað eins af mold og áfoki þurfti að fjarlægja áður en komið var niður að gólfi. Var hlaða verst farna rýmið á öllu bæjarstæðinu, en þó var NA-veggurinn einn sá fallegasti og alheill. Engin mannvirki fundust í rústinni og var hún sú tíðindalausasta hvað það varðar af bæjarhúsunum, en þess mátti vænta af hlöðu þó við höfum um tíma haldið að loftunarbúnað væri að finna á gólfinu sem reyndist svo ekki vera.

Hlaða þessi minnir um margt á svokallaðar strýmpur, en það eru hlöður sem gjarnan voru byggðar í Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellsýslum við beitarhús. Þær eru ætíð verulega grafnar niður í jörðina og þó með þeim mun að þær eru iðulega hringlaga. Ein

svipuð hlaða og sú í Skarðsseli stendur hinum megin við ána í landi Minna-Núps í sjónfæri frá Skarðsseli og var hún lítilega rannsökuð árið 2007. (Bjarni F. Einarsson 2008:3-8). Í Hagaey í Þjórsá skammt fyrir ofan Skarðssel er önnur lík hlaða sem grafin var sumarið 2009 (Bjarni F. Einarsson o.fl. 2010:54-57). Báðar þessar hlöður eru nær samtíða hlöðunni í Skarðsseli og sambærilegar hlöður má sjá við eyðibýli mörg í Landsveit. Að grafa niður hlöður var einnig þekkt annars staðar á Íslandi, einkum á Vesturlandi ef marka má Þorvald Thoroddsen (1919:136).

Í áfoki hlöðunnar fundust einkum gripir úr jární svo sem gaddavír, naglar, gjarðir (laggargjörð af fötu?), teinn með lykkju, blikk af ýmsu tagi og lauf af fötu (eins og laufið úr rými E, skemmunni), en einnig fannst eitt leirtausbrot úr hvítleir, þrjú rúðuglersbrot og brýnisbrot. Undir stórum steini fundust leifar af járn- eða blikkfötu. Sáust kilpur og járnhringir sem kilpurnar virðast hafa hangið í. Í eða á gólfinu fundust gaddarvír, járnaglar, trétappar, rúðugler, rafmagnstæki og brennimark. Þessir gripir segja ekkert um hlutverk hússins, en ekki kemur nein önnur tegund til greina en hlaða. Laufið af fötunni gæti verið af sömu fötu en allt eins af annarri heimasníðaðri fötu sem var eins.

Ef miðað er við hæsta vegginn, sem var 2,68 m á hæð og að hæðin hafi verið jöfn á allar hliðar hlöðunnar hefur hún tekið tæplega 50 rúmmetra af heyi auk þess sem hægt var að troða í rjáfrin, segjum að þar hafi verið um 9 rúmmetrar til viðbótar ef mænirinn hefur risið 1 m yfir hæstu vegg. Í grein um rannsóknirnar á Gröf í Öräfum sem fór í eyði við gos í Öräfajökli árið 1362 telur Gísli Gestsson að hlaðan þar hafi tekið um 126 – 174 rúmmetra og að hver kýr hafi þurft 20 rúmmetra á ári þó hann nefni að bóndi einn hafi ætlað hverri kú 15 rúmmetra á ári skömmu fyrir 1930 (1959:62).

Ef þessar tölur eru hafðar sem viðmið í Skarðsseli hefur hlaðan nægt um þrem kúm



Brennimark úr gólfinu í hlöðunni. Ekki hefur tekist að greina hvað það merkti. (Fn. 4. Stafr. myndir nr. 68. Ljós. BFE 2016).



Hlaðan fullgrafin. Sjá má heilan norðurvegginn í hlöðunni. (Stafr. myndir nr. 57. Horft mót NA. Ljós. BFE 2016).



Drónamynd af hlöðunni fullgrafinni. Sjá má þakplötur úr jární á miðju hlöðugólfinu, en þær voru ekki teknar til handargagns. (Drónamyndir. Ljós. BFE 2016).

og þá hefur ekki verið reiknað með öðrum skepnum, hestum eða kindum. Hey var því einnig geymt annars staðar svo sem að húsabaki þar sem greina má tvö heystæði. Var annað beint fyrir aftran hlöðuna og hitt aftan við eldhúsið, en það var sýnu minna. Það kemur fram í lýsingu Finnboga Höskuldssonar um jarðskjálftann 1896 að torf hafi skriðið ofan af heyinu. Heystæði voru yfirleitt fergd með torfi til skjóls og varnar. Ekki eru mörg heystæði rannsökuð á Íslandi, en það sem er elst þeirra er rúst VI í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum frá landnámsöld (Margrét Hermanns-Auðardóttir 1989:110) og hugsanlegt heystæði við Þjótanda í Bláskógarbyggð, áður Villingaholtshreppi, í Árnessýslu. (Bjarni F. Einarsson o.fl. 2011). Heygarðar voru afar algengir víðast hvar á landinu. Elstu hlöður sem rannsakaðar hafa verið eru á Stöng í Þjorsárdal, Þórarinsstöðum á Hrunamannaafretti og Gröf og Bæ í Örfæfaveit. Allar eru þær tengdar fjósum, en fæstar áföst húbýlunum sjálfum eins og á Þórarinsstöðum, Fornu-Lá og Skarðsseli. Hlöður gátu verið margar við bæi á seinni öldum, bæði áfastar þeim og skammt hjá, t.d. við fjárhús og hesthús.

Rými G, fjós

Hæð yfirborðs fyrir rannsókn var: V 129,84, mið 129,56, A129,73. S 129,85 og N 129,90.

Hæð yfirborðs eftir rannsókn var: V 129,48, mið 129,32, A 129,35. S 129,39 og N 129,34.

Hæð veggja: Vesturveggur 0,89 m. Norðurveggur 0,61 m. Austurveggur 0,63 m. Suðurveggur 0,50. Grjóthleðlur voru við alla vegg.


Breidd dyra voru 0,97 að innanverðu og lengdin var rétt rúmur meter, eða eins og þykkt veggjarins.

Dýpt flórsins var á bilinu 0,11 – 0,13 m. Flórinn náði yfir alla rústina í N - S og lá beint að dyrunum og var hann 0,38 – 0,43 m breiður og 0,08 – 0,15 m djúpur. Báðum megin við flórinn voru traðir (hellur á gólfi til að ganga eftir).

Þrjár jötur voru í húsinu. Tvær þær syðstu voru afmarkaðar með stórum hellum sem þjónað hafa sem beislur (básahellur) og var breidd syðstu jöturnar um 0,7 – 0,75 m og

Fnr.	Efni	g	Fj.	Rými/rúst	Tegund	Lag
3	Flöguberg	35	1	Hlaða	Brýni	Áfok
3	Gler	30	3	Hlaða	Rúðugler	Áfok
3	Leirtau	2	1	Hlaða	Matarstell?	Áfok
3	Járn	16	3	Hlaða	Naglar	Áfok
3	Járn	87	1	Hlaða	Lykkja	Áfok
3	Járn	33	1	Hlaða	Lauf	Áfok
3	Járn	66	1	Hlaða	Pynna	Áfok
3	Járn	210	1	Hlaða	Plata	Áfok
3	Járn	135	1	Hlaða	Tindur	Áfok
4	Járn o.fl.	968	1	Hlaða	Rafmagnstengi	Gólf
4	Járn	62	1	Hlaða	Brennimark	Gólf
4	Járn	33	4	Hlaða	Naglar	Gólf
4	Járn	65	4	Hlaða	Gaddavír	Gólf
4	Gler	62	7	Hlaða	Rúðugler	Gólf
		1,804	30			

Gripir úr hlöðu, bæði úr áfoki og úr gólfi. Leifar af járnfötu sem fannst undir stórum steini er ekki talin með hér.



Flatarteikning af fjósinu.



Gripir úr áfoki eldhúss. Sjá má m.a. ístað, sagarblað, rúðugler og leirtau. (Fnr. 1. Stafr. myndir nr. 35. Ljós. BFE 2016).



Horft niður á jöturnar í fjósinu. Efst grillir í flórin. Sjá má tvær holur á milli jätna og flórs og þær hljóta að hafa verið hluti af skilrúmi básanna. (Horft mót SA. Stafr. myndir nr. 56. Ljósm. BFE 2016).



Horft niður í safnþrónna nær fullransakaða. Sjá má að þessi þró hefur ekki haldið vatni og því hlýtur tunna að hafa staðið ofan í henni. (Stafr. myndir nr. 289. Horft mót NV. Ljósm. BFE 2016).


jatan í miðjunni var um 1,1 – 1,2 m á breidd. Þá er miðað við að mið beislan hafi skipt jötunum. Dýpt þeirra var á bilinu 0,43 – 0,45 m frá vegg að tveim stórum hellum sem mörkuðu sína hvora jötunna. Hæð þessara hellna var 0,45 – 0,49 m.

Nyrsta jatan, sem engan umbúnað hafði, var líklega lögð torfi í botninn og var hún um 1,1 – 1,2 m á breidd og allt að 0,5 m djúp.

Á milli syðstu- og miðjötunnar var aflöng grunn hola norðan við mið beisluna sem virðist hafa verið eldri mörk á jötunum. Þar var engin hella sem afmarkaði jötuna frá básnum, en þar var niðurgröft að finna á mörkum jötunnar. Því hafa þeir básar verið í fjósinu og það hefur verið einstætt fjós.



Gripir úr gólfi fjóssins. Sjá má m.a. hugsanlegar kilpur, rúðugler og borað kindarbein. (Fnr. 1. Stafr. myndir nr. 36. Ljósm. BFE 2016).



Járnlok úr gólfi fjóssins. (Fnr. 1. Stafr. myndir nr. 37. Ljósm. BFE 2016).



Gripir úr safnþrónni í fjósinu. M.a. kinda-, fiski- og fuglabein, auk leirtaus. (Fnr. 26. Stafr. myndir nr. 320. Ljósm. BFE 2016).

Básahellur, eða beislur, eru nokkuð algengar í húsum frá miðöldum og síðar, en ekki eru þær þekktar frá landnámsöld. Nefna má Stöng í Þjorsárdal (Roussell 1943), Þórarinsstöðum á Hrunamannafrétti (Kristján Eldjárn 1949), Gröf í Öræfum (Gísli Gestsson 1959) og Bæ í sömu sveit (Bjarni F. Einarsson 2005).

Breidd bása er nokkuð misjöfn á þessum bæjum, breiðastir eru þeir á Gröf þar sem básahellur voru aðeins öðru megin, frá 15 – 2,5 m (Gísli Gestsson 1959:35). Samtals voru básarnir í fjósinu á Gröf tíu, fimm hvoru megin. Líklega hafa verið fleiri en ein kýr á bás. Svipaða sögu er að segja um stærð bása á Bæ í sömu sveit. Þar voru básahellur báðum megin og þrír básar á hvorri hlið. Miðbásarnir voru um 2,4 m á breidd, en endabásarnir á bilinu 1,3 – 1,65 m breiðir. (Bjarni F. Einarsson 2007:23). Mjóstir voru básarnir á Þórarinsstöðum, eða á bilinu 0,70 - 1,9 m breiðir (Kristján Eldjárn 1949:29).

Á milli jatnanna og flórsins voru tvær grunnar holur sem hljóta að hafa verið umbúnaður í básunum, en ekki stoðarholur, því þær hafa líklega verið á tröðinni við flórinn.

Við suðurenda flórsins var ferhyrnd þró, rétt innan við dyrnar, 0,53 x 0,63 m stór (ASA – VNV) og mesta dýpt hennar var 0,95 m. Yfir hluta hennar var mjög stór hella og þar undir var timburhleri yfir þrónni sem hvílt hefur á ferningslaga ramma úr timbri. Þetta var til að hlífa skepnunum frá því að stíga ofan í þróna.

Gólf var greinilegt. Tvö sýni voru tekin, sýni 1 og 3. Einnig voru tvö sýni tekin úr safnþrónni (sýni 21 og 22).

Stærð rýmisins er 2,63 m breitt og 2,94 m langt eða um 7,7322 m².

Til að ganga úr skugga um að ekki leyndust eldri minjar undir fjósinu var öryggishola grafin niður úr gólfinu í NV – hlutanum og var hún 0,17 m djúp. Ekkert manngert kom í ljós.

Í fjósinu fundust margvíslegir gripir. Í áfoki ofan við gólfið fundust meint brot af sagarblaði, rúðugler, leirtau úr allavega tveimur gripum úr hvítleir með bláu skreyti annars vegar og fjólubláu, grænbláu og appelsínugulu skreyti hins vegar. Einnig fundust naglar og annað ógreinanlegt járn, gaddavír, timburleifar og ístað úr járn. Í gólfi eða mannvistarlögum fundust meintar kilpur, talsvert af rúðugleri, járnaglar og annað ógreinanlegt járn, steinkolsmolar og leggjarbein úr kind. Í þrónni fundust nokkrir gripir, bein úr kindum og fiski, naglar, eitt brot af leirtaui og timburleifar. Nær



Yfirlit yfir safnþróna og jöturnar. Leifar af timburhleranum sjást og stór hella sem hefur legið ofan á hleranum. Sjá má hluta af flórnum og traðirnar sín hvoru megin við hann. Dyrnar út voru neðst t.v. (Stafr. myndir nr. 41. Horft mót NV. Ljós. BFE 2016).



Yfirlit yfir fjósið nær fullrannsakað. (Stafr. myndir nr. 42. Horft mót NA. Ljósm. BFE 2016).

allt var sennilega komið úr öðru rými, enda sum brennd og sótug. Líklegur upprunastaður er eldhúsið.

Þróin við enda flórsins er túlkuð sem safnþró fyrir hland (og mykju). Efst í henni var áfok, en undir því var fremur þykkt lag með viðar- og steinkolsmolum (um 0,1 m þykkt) og nokkrum húsdýrabeinum. Undir því var annað lag með brenndu taði, álíka þykkt. Úr báðum lögunum var tekið sýni sbr. hér að neðan. Til að safna hlandinu (og mykjunni) hefur þurft að hafa tunnu í þrónni og lok yfir með götum eða rifum. Megnið af mykjunni í flórnum hefur verið mokað út og hún notuð eftir þörfum.

Árið 1931 birtist grein í Morgunblaðinu sem hvatti bændur til að nýta þessa auðlind á betri hátt. Þar segir:

Ég vil undirstrika það, að stærsta sporið sem vjer getum stigið í bættri áburðarhirðingu, er að aðskilja þvag og mykju, og geyma þvagið vandlega í lagar- og loftþjettum gryfjum. Köfnunarefni þvagsins er svo auðleyst, að notagildi þess nálgast vafalaust mjög mikið notagildi köfnunarefnisins í tilbúnum áburði, en með þeim geymslu og notkunaraðferðum, sem nú eru algengastar í húsdýraáburði, má fullyrða, að meginhluti þess auðleysta efnis fari forgörðum. Í ársþvagi mun vera um 700 tonn af köfnunarefni, en jeg þori að fullyrða, að um helmingur þessa köfnunarefnis, og það verðmætasti hlutinn, tapast við þær geymslu og notkunaraðferðir, sem alment eru notaðar (Morgunblaðið 1931:7).

Rannsökuð safnþró af þeirri gerð sem fannst í Skarðsseli þekkir höfundur ekki frá öðrum stað en á teikningu af bænum í Fossnesi í Gnúpverjahreppi árið 1897. Þar kemur fram renna eða rás frá flórnum í fjósinu og inn í lítið rými sem geymdi mykju


og tunnu fyrir hland. (Bruun 1897:139-40). Þá hlýtur tunnan að hafa verið grafin niður í gólfið til að hlandið rynni beint í hana. Eins fyrirkomulag er sýnt á teikningu af Skriðufelli í sömu sveit en þar er tunnu ekki getið. (Sami 1897:141). Þessir tveir bæir voru afar líkir að forminu til og stóðu ekki langt frá Þjórsá eins og þeir gera enn í dag.

Til eru upplýsingar um safnþró á Höskuldsstöðum í Skagabyggð, fyrrum Vindhælishreppi í jarðamati frá 1916. Þar segir: „... fjós yfir 8 nautgr. með safnþró undir.“ (Bryndís Zoëga o.fl. 2008:11). Engar frekari upplýsingar eru um þessa safnþró. Önnur all óskemmtilegri lýsing er á safnþró í fjósi í einkabréf Björns Blöndal eftirlitsmanni ríkisins þegar hann kom að gistihúsinu á Egilsstöðum á Völlum árið 1941. Segir hann svo um salernisaðstöðuna: „Fólk þurfi enn að ganga örna sinna í fjósi, vaða þangað aurleðju í mjóalegg, hlusta á griðungsöskur og svínakumr. Þótt karlar séu margir á stígvélum séu konur í skóm. Salernið í fjósinu sé yfir opinni safnþró. Í norðaustanvindi þyrli vindurinn þvagi upp og fram og þveiti pappírnum í þann sem stendur þar og girðir brækur sínar. Hótar Björn banni ef ekkert verði að gert.“ (Gunnhildur Hrólfsdóttir 2010:41).

Búaliðið í Skarðsseli hefur hugsanlega orðið fyrir áhrifum ræktunarráðunauta um að safna hlandi og mykju til áburðardreifingar eins og reyndar var tíðum gert alla tíð, en einhver misbrestur orðið á ef marka má tilvitnunina úr Morgunblaðinu hér að ofan.

Þróin í fjósinu á Skarðsseli hefur einnig verið notuð í stað öskuhaugs, t.d. á vetrum þegar ekki var ráð að dreifa öskunni á kálgarðinn og hinn meinta kryddjurtagarð (rúst 2:2) sem fjallað verður um hér á eftir. Því þá fauk hún gjarnan út í veður og vind. Gott þótti að blanda lífrænum úrgangi í hlandið. Vegna þess hve lítið magn tunnan hefur tekið hefur orðið að tæma hana reglulega og þá að líkum á tún og í kálgarðinn, ef ekki til litunar, hárprýði og aukins hárvaxtar og til að gera girðisefni (ólar) mýkra svo það þyldi beygjur. Einnig var það notað til að gera víðitágar í körfur mýkri. (sarpur.is. Spurningaskrá nr. 172/1960-2).

Stundum voru svipaðar þrær hafðar í dyrum eða rétt utan við þær og voru þær til að taka við bæði hlandi og rigningarvatni. Ef þær voru ekki látnar renna beint í kálgarða



Fossnes í Gnúpverjahreppi. a fjós, b smiðja, c skemma, d baðstofa, e bæjardyr, f búr, g eldhús, h og i eru kálgarðar, k upphækkað heystæði og l heystæði. eina ómerkta rýmið niðri t.v. hjá fjósinu er geymsla fyrir mykju og tunnu fyrir hland og lá renna frá flórnum inn í þetta rými. (Bruun 1897:138-40).



Drónamynd af fjósinu nær fullrannsókuðu. (Ljósm. BFE 2016).

þá þurfti að tæma þær við og við. (sarpur. Spurningaskrá nr. 111/1960-2. Nautpeningur).

Í suðvestur horni fjóssins, í jötu, var járnör sem stakkst út úr veggnum. Þarna var komið vatnsör og hefur það verið til að brynna kúnum, enda vatnspörf kúa talsverð eða um 100 l á dag. Sennilega hafa upptökin verið í Þjórsá og dæla notuð til að dæla því áfram inn í fjósið. Hvergi annars staðar fannst ör af þessu tagi og hefur fólk því sótt vatnið inn í fjósið.

Algengasta fjósform á seinni öldum hefur verið svokallað einstæðufjós, en þá voru básar aðeins öðru megin. Á stórbýlum hefur trúlega verið algengt að fjósin væru tvístæð enda hentugra þegar nautgripir voru margir. Bæði formin eru þekkt frá fyrstu öldum byggðar í landinu eins og tvístæðufjós í Sveigarkoti í Mývatnssveit (Guðrún Alda Gísladóttir o.fl. 2008), við Urriðakot í Garðabæ (Ragnheiður Traustadóttir o.fl. 2010), Hvítárholti í Hrunamannafrétti (Þór Magnússon 1973), Bergþórshvoli (Kristján Eldjárn o.fl. 1952), Lundi í Lundarreykjadal (Kristján Eldjárn 1965), Stöng í Þjórsárdal, Gröf og Bæ í Öraefum. Öll þessi fjós standa sér, skammt frá bæ. Þó eru til forn tvístæðufjós sem eru áföst öðrum húsum eins og á Þórarinsstöðum á Hrunamannafrétti (Kristján Eldjárn 1949) og í Herjólfssdal í Vestmannaeyjum. (Margrét Hermanns-Auðardóttir 1989). Þetta eru einu samföstu tvístæðufjósin frá fyrstu öldum byggðar í landinu.

Einstæðufjós frá fornum tímum eru t.d. við Þjótanda í Árnassýslu (Bjarni F. Einarsson o.fl. 2011) og á Fornu-Lá á Snæfellsnesi, en hvorugur staðurinn hefur verið stórbýli. Því má segja að fjósformið hafi einkum markast af þjóðfélagsstöðu bænda og efnum þeirra. Næst fjósinu í Skarðsseli í tíma er einstæðufjósið á Fornu-Lá, sem er frá því um 1450 – 1550 að mati Kristjáns Eldjárns. Undirritaður telur húsið yngra eða frá því um 1550-1650. Geta má fjóss við þurrabúðina Jónsbúð í landi Straums í Hafnarfirði, en þar var grafin prufuhola í meint fjós sem var áfast baðstofu og gengið inn í hana úr fjósinu. Þar var einstæðufjós eða öllu heldur bás fyrir eina kú í enda fjóssins, sem var aðeins um 1,2 m breitt (Bjarni F. Einarsson 1999). Jónsbúð var í byggð á seinni hluta 19. aldar og eitthvað fram á þá 20., en þó með hléum. Á Búðarárbakka sem getið er í kaflanum um búr, var líklega ein kýr og hún var vistuð í sjálfum bænum þó ekki liggi ljóst fyrir hvaða rými það var sem geymdi hana. Í Leirvogstungu í Mosfellsbæ var fjós, líklega frá 16. öld, grafið upp fyrir nokkrum árum. Var það tvístætt fjós með aðeins fjórum básum. (Birna Lárusdóttir 2011:104-5).

Fnr.	Efni	g	Fj.	Rými/ rúst	Tegund	Lag
1	Járn	62	3	Fjós	Gaddavir	Áfok
1	Leirtau	24	10	Fjós	Matarstell	Áfok
1	Gler	13	6	Fjós	Rúðugler	Áfok
1	Járn	73	10	Fjós	Naglar	Áfok
1	Járn	2	1	Fjós	Pynnur	Áfok
1	Járn	23	1	Fjós	Hné/beygja	Áfok
1	Járn	63	1	Fjós	Sagarblað	Áfok
1	Viður	14	1	Fjós	-	Áfok
1	Járn	66	1	Fjós	Ístað	Áfok
1	Járn	83	1	Fjós	Lykkja	Áfok
1	Járn	58	1	Fjós	Plata	Áfok
1	Gler	346	42	Fjós	Rúðugler	Gólf
1	Járn	35	2	Fjós	Nagli og lykkja	Gólf
1	Steinkol	11	2	Fjós	Eldsmatur	Gólf
1	Gler	14	1	Fjós	Rúðugler	Gólf
1	Járn	28	6	Fjós	Naglar	Gólf
1	Bein	28	1	Fjós	Kindaleggur	Gólf
1	Járn	169	1	Fjós	Lok	Gólf
26	Bein	79	8	Fjós	Kind og fiskur	Safnþró
26	Járn	28	5	Fjós	Naglar	Safnþró
26	Leirtau	12	1	Fjós	Matarstell (fat?)	Safnþró
26	Járn o.fl.	101	1	Fjós	Brennd efni	Safnþró
26	Viður	11	1	Fjós	Fjöl	Safnþró
26	Járn	11	1	Fjós	Lykkja	Safnþró
		1,354	108			


Gripir sem fundust í fjósinu, bæði í áfoki, gólfi og safnþrónni.

Fleiri útihús voru rannsökuð svo sem fjárhús/hesthús, hlaða og útihús, en nánari upplýsingar liggja ekki fyrir. (Oddgeir Ísaksen 2011:144).

Forna-Lá, Jónsbúð og Búðarárbakki eru dæmi um örreitiskot þar sem nautgripir voru hýstir inni í bæjunum, eða í „*einhverri skvompu*“ eins og Þorvaldur Thoroddsen orðaði það (1919:251). Þar er hann að lýsa aðstæðum fátækra þar sem kýrnar og fólkið sameinaðist um bæjardyrnar.

Öll þessi einstæðufjós sem nefnd hafa verið standa áföst bæjarhúsum enda mun það hafa verið algengast á minni bæjum. (Birna Lárusdóttir 2011:108).

Fjósið í Skarðsseli hefur þá rúmað þrjár (mjólkandi) kýr. Hugsanlega hafa tveir kálfar eða tvær kvígur verið á nyrsta básnum. Í Búalögum segir; „*Bæsinn millum stoðanna á að vera smæmennis fadmkorn. það er ríjflagar þrjár alner. edur vel sex fet fyrir Tuær medalkyr. Gridungur stande innst*“ (Búalög 1915-1933:213). Þetta myndi vera tæplega 1,7 m á breidd.



Flatarteikning af smiðjunni. Stóra hellan í dyrunum gæti verið trappa, en ekki yfirliggjari yfir dyrunum, en slíkur yfirliggjari sést ekki á ljósmyndinni í kaflanum Sögubrot.

Rými H, smiðja

Hæð yfirborðs fyrir rannsókn var: V 129,54, mið 129,79, A 130,22. S 129,79 og N 129,81.

Hæð eftir rannsókn (frá hellulögðu gólfi) var: V 129,33, mið 129,27, A 129,37. S 129,32 og N 129,31.

Hæð veggja (yfir gólfi): V 0,79, A 1,17, S 0,62 og N 1,08. Hæsti veggur er á A - gaffli, 1,51 m.

Breidd dyra var 0,67 m. og lengdin eða dýptin um 1,3 m (ekki grafið út fyrir þær, en þó hægt að meta hana út frá kampsteinum).

Tvö sýni voru tekin í rýminu. Eitt sýni var úr efra gólfi (sýni 11) og annað sýni úr eldstæði (sýni 12).

Stærð rýmisins er 1,50 á breidd og 2,91 á lengd eða 4,37 m² sem var minnsta rými bæjarhúsanna.



Gripir úr áfoki smiðjunnar. Sjá má m.a. rúðugler, plast og stein með götum. (Fnr. 15. Stafr. myndir nr. 223. Ljós. BFE 2016).



Steinkol úr gólfi smiðjunnar. Nær öll þessi steinkol eru óbrennd. (Fnr. 13. Stafr. myndir nr. 221. Ljós. BFE 2016).



Gripir úr gólfi smiðjunnar. Sjá má m.a. rúðugler, smíðajárn (úr skipi?) og kerti. (Fnr. 11. Stafr. myndir nr. 212. Ljós. BFE 2016).



Gripir úr efra mannvistarlagi í eldstæðnu í smiðjunni. Þar má m.a. sjá leðuról, smíðajárn (úr skipi?), öryggi, meitil og járn sem líkist segulstáli. (Fnr. 14. Stafr. myndir nr. 222. Ljós. BFE 2016).

Dyr voru á gaffli mót norðvestri og inn í kálgarðinn. Þaðan lá einskonar stígur eða slóði með bæjarhúsunum til suðvesturs og út um kálgarðinn skammt vestur af bæjardyrnum. Var það greinilegasti slóðinn á öllu bæjarstæðinu sem sýnir að umferð inn og út úr smiðjunni hefur verið tíð. Þó ber þess að geta að líklega hefur verið bæjarstétt með framhlið hússins sem dylur umferðina í skemmuna, hlöðuna og fjósið.

Allt gólf smiðjunnar var lagt hellum, en þó voru þær litllega gisnar. Inn í dyrunum var stærsta hellan og dálítill eyða í hellulögninni innan við þær. Ofan á hellunum hafði myndast nokkuð þykkt gólf (2 – 3 sm) fullt af viðarkolum, ösku og sóti. Rétt innan við dyrnar, upp við nyrðri langvegg var mikið af grjóti ofan á hellulögninni og myndaði það



Gripir úr gólfi smiðjunnar. Sjá má m.a. hluta úr gasbrennara, öryggi, koparhringi og brennd steinkol. (Fnr. 12. Stafr. myndir nr. 220. Ljós. BFE 2016).



Smiðjan nær fullrannsökuð. Sjá má eldstæðið rétt innan við dyrnar og hellulagt gólfíð. Stóra hellan í dyrunum er hugsanlega trappa, en ekki yfirliggjari yfir dyrunum því slíkur yfirliggjari sést ekki á ljósmyndinni í kaflanum *Sögubrot*. (Stafr. myndir nr. 236. Horft mót NV. Ljós. BFE 2016).



Drónamynd af smiðjunni. Skugginn hefur verið lýstur til að minnka muninn á birtunni. (Ljós. BFE 2016).

ferhyrning. Við þá brún sem sneri inn í rýmið voru hellur lagðar upp við þessa hrúgu. Til hvers hún var er ekki vitað, en hugsanlega hefur þetta verið einhverskonar innrétting, enda var eldstæðið rétt hjá (sjá ljósm. 157-61).

Eldstæðið var í vestanverðu rýminu, nálægt dyrunum sem kemur svolítið á óvart, en búast hefði mátt við því að eldstæðið væri innarlega í rústinni, en ekki utarlega. Stærð eldstæðisins var um 0,25 x 0,25 m.

Í smiðjunni fannst mikið af járn og steinkolum, brenndum og óbrenndum, eins og vænta mátti í smiðju. Hvergi fannst eins mikið af þessum efnum og þar. Sama á við um rúðugler. Í áfoki fundust m.a. naglar, gandur úr heykvísl, kókosferna, plast, járnplötur (blikk) og járnteinar. Í gólfinu fundust m.a. smíðajárn, naglar og hóffjaðrir, rúðugler, steinkol, gjall, kerti sem geta hafa verið í mótör, gaddavír, klofin járnör, brot úr gasbrennara, lok af lyfjaglassi og gjörð. Eftirtektarvert var hve mikið af gripum fannst í eldstæðinu. Var þar að finna smíðajárn og annað járn, leðuról, öryggi, gaddavír og gjall. Gripunum hefur verið hent ofan í eldstæðið þegar smiðjan var ekki lengur í notkun, rétt eins og hún hafi verið kvödd með svokallaðri lokaförn!

Smíðajárnið voru þykkar járnplötur sem gætu verið úr skipum (enskum togurum t.d.) sem strandað hafa við suðurströndina, en slíkt efni var iðulega selt á uppboðum og notað af bændum enda gott smíðajárn.

Nokkrar smiðjur hafa verið rannsakaðar á Íslandi, en þær eru allar talsvert eldri en smiðjan í Skarðsseli og varla sambærilegar. Engin smiðja frá seinni öldum á Íslandi (eftir 1600) hefur verið rannsökuð svo höfundur viti, en um tilvist margra er þó vitað. Þær stóðu gjarnan sem sjálfstæð hús skammt frá bæ. Dæmi um smiðjur sem stóðu áfastar bæjarhúsum eru smiðjur í Laufási allar götur frá 1559 – 1616 til 1828, en síðar var smiðjan færð frá bænum. (Hörður Ágústsson 1987:273). Á Keldum fyrir árið 1817 stóð smiðja áföst bæjarhúsum. Allar þær smiðjur sem nefndar hafa verið hér og stóðu áfastar bæjarhúsum, sneru gaflhlaði mót hlaðinu, nema Skarðssel.

Dæmi er um smiðju, eða smiðjukofa, sem stóð í miðjum bæjarhúsunum á bæ sem heitir Mikligarður, líklega í Skagafirði. Umhverfis smiðjuhúsið voru eldhús,

Fnr.	Efni	g	Fj.	Rými/rúst	Tegund	Lag
11	Gler	430	154	Smíðja	Rúðugler	Gólf
11	Járn	55	17	Smíðja	Naglar (hringurinn)	Gólf
11	Járn	22	1	Smíðja	Kerti úr mótör	Gólf
11	Járn	850	2	Smíðja	Smíðajárn	Gólf
11	Járn	45	1	Smíðja	Hólkur	Gólf
12	Járn	772	6	Smíðja	Stangarjárn	Gólf
12	Járn	151	1	Smíðja	Gjörð	Gólf
12	Járn	41	1	Smíðja	Ógr.	Gólf
12	Járn	88	10	Smíðja	Pynnur	Gólf
12	Járn	21	3	Smíðja	Virar	Gólf
12	Járn	19	1	Smíðja	Gaddavír	Gólf
12	Járn	104	1	Smíðja	Klofið rör	Gólf
12	Járn	187	69	Smíðja	Naglar og hóffjaðrir	Gólf
12	Brons	23	1	Smíðja	Gasbrennari	Gólf
12	Brons	6	4	Smíðja	Lok af lyfjaglassi	Gólf
12	Brons	2	1	Smíðja	Hringlaga pynna	Gólf
12	Leirtau	13	2	Smíðja	Öryggi (rafmagn)	Gólf
12	Gjall	107	27	Smíðja	Gjall	Gólf
13	Steinkol	1061	>100	Smíðja	Eldsmatur	Gólf
14	Járn	1653	6	Smíðja	Smíðajárn	Eldstæði
14	Leður	38	1	Smíðja	Leðuról	Eldstæði
14	Leirtau	23	3	Smíðja	Öryggi (rafmagn)	Eldstæði
14	Steinkol	190	27	Smíðja	Eldsmatur	Eldstæði
14	Járn	10	1	Smíðja	Gaddavír	Eldstæði
14	Járn	120	1	Smíðja	Smíðajárn	Eldstæði
14	Járn	25	1	Smíðja	Lykkja	Eldstæði
14	Járn	127	4	Smíðja	Ýmiskonar	Eldstæði
14	Járn	78	1	Smíðja	Pynna	Eldstæði
14	Járn	85	1	Smíðja	Teinn	Eldstæði
14	Járn	76	1	Smíðja	Klofið rör	Eldstæði
14	Gjall	50	9	Smíðja	Gjall	Eldstæði
14	Járn	83	27	Smíðja	Ýmiskonar	Eldstæði
15	Steinn	2592	1	Smíðja	Með götum	Áfok
15	Járn	203	1	Smíðja	Smíðajárn	Áfok
15	Járn	94	2	Smíðja	Blikk	Áfok
15	Járn	66	1	Smíðja	Vír	Áfok
15	Pappír	6	1	Smíðja	Kókómjólkurferna	Áfok
15	Plast	2	2	Smíðja	Umbúðir (sigarettur?)	Áfok
15	Álpappír	>1	4	Smíðja	-	Áfok
15	Bein	5	1	Smíðja	-	Áfok
15	Gler	212	96	Smíðja	Rúðugler	Áfok
15	Járn	56	17	Smíðja	Naglar	Áfok
15	Járn	19	1	Smíðja	Ógr.	Áfok
		9,811	612			

Gripir úr smiðju, bæði úr áfoki og úr gólfi. Þykkustu járnstykkin geta verið úr skipi („gód strönd“) sem nýttist til smíða hjá bændum. Fjöldinn miðast við að steinkolsmolarnir í Fnr. 13 séu 100.

karöflugeymsla, fjós, búr, svefnherbergi og fleiri hús. (Albert Nilsson 1943:279). Slíkt fyrirkomulag er afar sjaldgæft ef ekki óþekkt.

Rými I, bæjargöng

Yfirborð ganganna fyrir rannsókn var: Aðalgöng (frá bæjardyrum að búi); V 130,44, mið 129,94, A 130,75. S 129,92, N 129,88. Austurgöng (frá búi að eldhúsi): Mið 130,02. Vesturgöng (frá aðalgöngum að stofu). Mið 130,28. Norðurgöng (frá aðalgöngum að búi): Mið 130,18.

Yfirborð eftir rannsókn var: Aðalgöng V 129,84, mið 129,85, A 129,84. S 129,92, N 129,84. Austurgöng: mið 129,85. Vesturgöng: mið 129,88. Norðurgöng: mið 129,81.

Rétt innan við dyrnar var stór hella (bæjarhella - varinhella?) yfir holu sem fyllt var með hraungrýti, rúmlega hnefastóru. Var holan 0,57 m breið, 0,45 m löng og 0,54 m djúp. Tvær aðrar holur voru upp við sinn hvorn vegginn og voru þær báðar fullar af steinkolum, sóti og ösku, líklega úr hlóðunum.

Stærð ganganna voru: Aðalgöng; 1,20 m breið og 6,94 m löng. Austurgöngin voru 0,8 m breið og 2,10 m löng. Vesturgöngin eru 0,85 m breið og 0,54 m löng en hér er í raun átt við dyrnar inn í stofuna og því verða þau ekki reiknuð með í samtölu ganganna. Samtals voru göngin því 10,008 m².

Þröskuldur úr grjóti var fyrir bæjardyrum og við dyr inn í stofu gangamegin, en við búr og eldhús var enginn þröskuldur.

Gólfíð var trapað moldargólf með viðarkolum, sóti og ösku. Engar vísbendingar fundust um að göngin hafi verið þiljuð. Holan undir hellunni við bæjardyrnar, hefur líklega verið til að safna vatni sem kom með fólki eða sipraði inn um bæjardyrnar. Um hinar holurnar verður ekkert ráðið annað en að þar kann eitthvað að hafa staðið upp við vegg.



Oliutrekt úr áfoki ganganna. (Fnr. 33. Stafr. myndir nr. 342. Ljós. BFE 2016).



Peli úr áfoki í göngunum. (Fnr. 34. Stafr. myndir nr. 323. Ljós. BFE 2016).



Gripir sem fundust í áfoki ganganna. Sjá má flösubrot, leirtau, skeifur, hníf, brýni og rúðugler. (Fnr. 23. Stafr. myndir nr. 314. Ljósm. BFE 2016).



Gripir úr áfoki ganganna. Sjá má m.a. pípumunnstykki, rúðugler, leirtau og hólk úr brönsi. (Fnr. 23. Ljósm. BFE 2016).



Bakkaljár og járn sem fundust í gólfi ganganna. Tveir efstu gripirnir fundust framarlega í göngunum, tveir þeir neðri við stofuna. (Fnr. 35. Stafr. myndir nr. 302. Ljósm. BFE 2016).



Brot af kvarnarsteini in situ sem fannst framarlega göngunum. (Fnr. 36. Stafr. myndir nr. 263. Ljósm. BFE 2016).



Hola með hraungrýti rétt fyrir innan þröskuldin í bæjardyrnum. (Stafr. myndir nr. 315. Horft mót SV. Ljósm. BFE 2016).



Holan við bæjardyrnar tæmd. Þröskuldurinn í bakgrunni. (Stafr. myndir nr. 326. Horft mót SV. Ljósm. BFE 2016).

Rétt innan við dyrnar og á stöku stað í göngunum fundust lög sem voru full af smáum aflöngum kornum líkt og lirfur. Svaraði efnið segulstáli mjög vel. Voru lögin mjúk undir fæti. Engar skýringar hafa fundist á lögum þessum. Eina sýnið sem var tekið úr göngunum var úr þessu lagi (sýni 18).



Yfirlit yfir aðalgöngin frá bæjardyrum (þröskuldi) að beygjunni við stofuna. Lengst frá er búið. Stóra hellan frammarlega í göngunum lá yfir holu sem fyllt var með hraungrýti. Rétt ofan við hana upp við vegginn t.h. var hola full af ösku. (Stafr. myndir nr. 291. Horft mót NA. Ljós. BFE 2016).

Í áfokslögum ganganna fundust m.a. brýni úr erlendu flögubergi, skeifur, naglar, hóffjaðrir, leirtau, flösku- og rúðugler, brot úr ljósaperu eða olíulampa, tveir ljáir og olíutrekt. Ofan á steinum á gólfinu fannst svo brot úr kvarnarsteini úr íslensku bergi.

Í eða við bæjardyrnar fundust m.a. skeifa, rúðugler, naglar og hóffjaðrir.

Göngin voru óvenjuleg fyrir það að aðeins eitt rými var við aðalgöngin, stofan, en ekki tvö rými eða fleiri til beggja handa eins og hinn hefðbundni gangabær lítur út og sjá má í Sandártungu, Fornu-Lá og öðrum gangabæjum sem hér hafa verið nefndir. Einnig telst það óvenjulegt að göngin beygja í 90° til austurs og halda svo áfram dágóðan spöl að eldhúsinu, eða 2,10 m. Á Mosfelli í Grímsnesi árið 1806 voru göng með baðstofu á hægri hönd, en ekkert rými á þá vinstri. Svo beygðu göngin til vinstri og þar tók við eldhús og inn af því var búið. Þannig var einnig umhorfs árið 1900. Áður hafði þó bærinn verið hefðbundinn hvað rýmisskipanina varðar, með rými á báðar

Fnr.	Efni	g	Fj.	Rými/rúst	Tegund	Lag
23	Flöguberg	39	1	Bæjargöng	Brýni	Áfok
23	Járn	62	1	Bæjargöng	Skeifa	Áfok
23	Gler	83	1	Bæjargöng	Lyfjaglas	Áfok
23	Járn	83	1	Bæjargöng	Skeifa	Áfok
23	Járn	50	1	Bæjargöng	Skeifa	Áfok
23	Járn	73	1	Bæjargöng	Klofið rör	Áfok
23	Járn	213	1	Bæjargöng	Verkfæri með egg	Áfok
23	Flöguberg	90	1	Bæjargöng	Brýni	Áfok
23	Flöguberg	9	1	Bæjargöng	Brýni	Áfok
23	Járn	59	5	Bæjargöng	Ýmiskonar	Áfok
23	Járn	44	1	Bæjargöng	Hnífur	Áfok
23	Járn	73	23	Bæjargöng	Naglar og hóffjaðrir	Áfok
23	Bein	101	8	Bæjargöng	Kind o.fl.	Áfok
23	Leirtau	37	16	Bæjargöng	Matarstell	Áfok
23	Leirtau	47	1	Bæjargöng	Bolli	Áfok
23	Gler	50	5	Bæjargöng	Litað flöskugler	Áfok
23	Gler	96	19	Bæjargöng	Rúðugler	Áfok
23	Gler	12	10	Bæjargöng	Ljósapera/lampi	Áfok
23	Gler	164	31	Bæjargöng	Rúðugler	Áfok
23	Leirtau	52	1	Bæjargöng	Vasi/bolli	Áfok
23	Leirtau	6	5	Bæjargöng	Matarstell	Áfok
23	Brons	25	1	Bæjargöng	Hólkur	Áfok
23	Bein	24	4	Bæjargöng	Kind, fugl o.fl.	Áfok
23	-	6	1	Bæjargöng	Munnstykki úr pípu	Áfok
23	Járn	128	4	Bæjargöng	Ýmiskonar	Áfok
23	Járn	91	1	Bæjargöng	U-laga	Áfok
23	Járn	118	26	Bæjargöng	Naglar	Áfok
31	Járn	5	1	Bæjargöng	Kapalspenna?	Hola
32	Járn	19	2	Bæjargöng	Naglar	Prösk
33	Járn	10	1	Bæjargöng	Olíutrekt	Áfok
34	Gler	431	1	Bæjargöng	Vínþeli	Áfok
35	Járn	154	1	Bæjargöng	Blikk	Áfok
35	Járn	92	1	Bæjargöng	Blikk	Áfok
35	Járn	110	1	Bæjargöng	Ljár	Áfok
35	Járn	143	1	Bæjargöng	Ljár	Áfok
36	Steinn	4,800	1	Bæjargöng	Kvarnarsteinn	Gólf
		7,599	181			

Gripir úr bæjargöngum, bæði úr áfoki og úr gólfi.

Fnr.	Efni	g	Fj.	Rými/rúst	Tegund	Lag
27	Bein	32	5	Bæjardyr/hlað	Kind og tennur	Áfok
27	Járn	11	1	Bæjardyr/hlað	Lykkja	Áfok
27	Gler	8	3	Bæjardyr/hlað	Rúðugler?	Áfok
27	Járn	97	27	Bæjardyr/hlað	Naglar, hóffjaðrir	Áfok
27	Járn	26	8	Bæjardyr/hlað	Ýmiskonar	Áfok
		174	44			

Gripir úr áfoki hjá bæjardyrum/hlaði.

hendur úr göngum. (Hörður Ágústsson 1987:281-85).

Gröf er gjarnan talinn fyrsti gangabærinn og Bær, sem er jafnaldra, hlýtur þá einnig að falla í þann flokk. Bæirnir eru þó býsna ólíkir að grunnformi og á Bær einnig margt sameiginlegt með Þjórsárdalstýpunni (Stöng, Sámsstaðir o.fl), en ekki verður farið nánar út í það hér.

Í bæjargöngunum á Gröf og Bæ í Öräfasveit, Kúabót í Álftaveri voru hellur með ræsi (lokræsi) undir sem lágu undir dyrnar og dágóðann spöl út á hlaðið. Á Fornu-Lá og Búðarárbakka voru einnig hellur á gólfi með ræsi undir og frá fjósinu í Fornu-Lá lá einnig ræsi sem gekk inn í ræsi ganganna. Í Sandártungu voru göngin hellulögð, en engin ræsi undir þeim. Í Reyðarfelli voru löng göng og hellulögð alla leiðina. Moldargólfíð í göngunum í Skarðsseli sker sig nokkuð úr þessum bæjum og þar er nýlunda að finna stóra hellu með holu fulla af grjóti sem minnir á holur sem grafnar voru við hús í þéttbýli og tóku við rigningarvatni úr þakrennum á húsum áður en því var hleypt í holræsakerfi þorpanna.

Á Bæ var þröskuldur úr timbri tæpa tvo metra fyrir innan gangamunnann og í Sandártungu var þröskuldur úr grjóti um einn meter inn af gangamunnannum og var hann 20 sm á hæð. Annar þröskuldur úr grjóti var fyrir dyrum inn í eldhúsið¹³ í Sandártungu eða baðstofuna. Hugsanlega var þröskuldur úr timbri innst inni í göngunum í Kúabót. Líklegt er að ef þröskuldar voru ekki úr grjóti hafi þeir verið úr timbri og að þeir hafi verið í öllum bæjardyrum bæja.

Útihús, gerði og prufuholur

Rúst 2:2, kryddjurtagarður

A-rými (A). Hæð yfirborðs fyrir rannsókn var: V 129,67, mið 129,53, A 129,62. S 129,53 og N 129,50. Hæð yfirborðs eftir rannsókn var: 129,28, mið 129,25, A 129,27. S 129,28 og N 129,27.

V-rými (B). Hæð yfirborðs fyrir rannsókn var: V 129,62, mið 129,47, A 129,49. S 129,55 og N 129,55. Hæð yfirborðs eftir rannsókn var: V 129,23, mið 129,27, A 129,24. S 129,25 og N 129,25.

Fyrir rannsókn sáust áberandi fjórar þúfur í SV-horni hennar, en að öðru leyti var hún slétt.

Skurður í gegnum vesturvegg vestara rýmis var 1,39 m langur, 0,5 m breiður og



Gripir sem fundust við bæjardyrnar. Sjá má m.a. skeifu, rúðugler, kindabein og kindatennur. (Fnr. 27. Stafr. myndir nr. 321. Ljós. BFE 2016).



Kryddjurtagarðurinn fyrir rannsókn. Sjá má þúfurnar í aðalrýminu. (Stafr. myndir nr. 94. Horft mót VNV. Ljós. BFE 2016).


¹³ Rými IV sem ég tel vel geta verið stofuna.



Yfirlit yfir kryddjurtagarðinn nær fullrannsakaðan. Eftir er að grafa þversnið í gegnum vegg. (Stafr. myndir nr. 109. Horft mót SA. Ljós. BFE 2016).

0,83 m djúpur. Hann var grafinn til að ganga úr skugga um að engar eldri minjar fyndust undir.

Engin mannvirki fundust inni í rústinni (hvorugu rýminu) og hafa hvorugt rýmið haft þak og ekki geymt skepnur. Í upphaflegu yfirborði eystra rýmisins var mannvistarlag sem var fullt af ösku, viðar- og steinkolum og brenndum og óbrenndum beinum. Minnir lagið mjög á yfirborðslagið í kálgarði Gamla Sels. Ekkert fannst í vestara rýminu. Einn möguleiki á túlkun er að eystra rýmið kunni að hafa verið afgirtur öskuhaugur, en langlíklegast er að það hafi verið einhvers konar ræktunarreitir eða kryddjurtagarður þar sem öskunni úr eldhúsinu var dreift yfir til að auka uppskeruna.



Flatarteikning af kryddjurtagarðinum. Rými B var afar óljóst og í því fannst ekkert.

Fnr.	Efni	g	Fj.	Rými/rúst	Tegund	Lag
7	Járn	25	3	Kryddjurtag.	Naglar	M-lag
7	Járn	51	3	Kryddjurtag.	Járnþynnir(gjardir)	M-lag
7	Bein	180	20	Kryddjurtag.	Ýmiskonar	M-lag
7	Bein	40	1	Kryddjurtag.	Tönn	M-lag
7	Kol	13	3	Kryddjurtag.		M-lag
7	Leirtau	52	5	Kryddjurtag.	Bolli?	M-lag
7	Steinkol	77	11	Kryddjurtag.		M-lag
		438	46			

Gripir úr mannvistarlagi kryddjurtagarðsins.



Gripir sem fundust í mannvistarlagi kryddjurtagarðsins. Sjá má m.a. steinkol, kindafugla- og fiskibein og jaxl úr stórgrip. (Fnr. 7. Stafr. myndir nr. 155. Ljós. BFE 2016).



Gripir sem fundust í mannvistarlagi kryddjurtagarðsins. Sjá má leirtau, nagla, járn og steinkol. (Fnr. 7. Stafr. myndir nr. 156. Ljós. BFE 2016).

Veggir rýmisins voru aðeins úr torfi og um 0,25 – 0,30 m breiðir. Vestara rýmið var afar ógreinilegt og gaf ekkert uppi um tilgang sinn. En tengslin við eystra rýmið getur bent til þess að eitthvað hafi verið geymt í því og það hafi ekki skilið eftir nein ummerki sem sýnileg eru.

Eitt sýni var tekið úr eystra rýminu, sýni 20. Breidd ops eða hliðs var rétt tæpir 0,70 m.

Stærð austurrýmisins (og um leið flatarins sem var rannsakaður) var: 2,23 x 2,26 m. Vesturrýmið var: 2,02 x 2,14 m. Flatarmálið var því 5,04 + 4,32 eða samtals 9,36 m².

Í eystra rýminu fundust m.a. tennur og bein úr kind, naglar, steinkol, viðarkol og leirtau (bolli). Allt þetta fannst í mannvistarlaginu.

Rúst 2:3, hesthús

Hæð yfirborðs rústarinnar fyrir rannsókn var: V 129,99, mið 130,05, A 130,39. S 130,24 og N 130,15.


Hæð yfirborðs eftir rannsókn var: V 129,51, mið 129,37, A 129,42. S 129,42 og N 129,41.

Hæð veggja (frá gólfi): V 0,71, A 0,92, S 0,53 og N 0,67. Hæsti veggur er 1,05 m á austur gaffli.

Stærð rýmisins var: 3,12 m á breidd og 3,04 m á lengd eða 9,48 m².

Veggir voru úr grjóti að innanverðu og torfi utanvert. Þó vantaði grjót í innanverðan vegginn á suðurlangvegg við dyr. Þar sást að torfveggurinn stóð ofan á 4 – 5 sm þykku svörtu gjóskulagi. Við austurgaflinn var grafinn 1 m breiður skurður vel inn í langveggina og þar undir voru mannvistarlög, sem bentu til þess að húsið hafi verið byggt á síðari hluta búsetunnar í Skarðsseli. Torfið var lagt í strengi.

Gólfíð var fullt af heyleifum og úr því var eitt sýni tekið (sýni 8). Hækkaði gólfíð frá miðju að öllum veggjum, nema við dyrnar og var býsna óslétt eða öllu heldur eins og trampað hefði verið í því í bleytu (smáir bollar út um allt), einkum í sunnanverðu rýminu. Hugsanlega eru þetta ummerki eftir að húsið var stungið út til að nýta taðið á tún. Við norður langvegginn var afmarkað mannvistarlag sem í voru viðarkol, steinkol og brennd bein. Ekki er ljóst hvað þetta þýðir, en ein



Flatarteikning af hesthúsinu.



Hesthúsið eins og það leit út áður en þverskurðir voru grafnir í gegnum langveggina fjærst á myndinni. Sjá má hellur á rönd við bálkana sem enn eru óhreinsaðir. Einnig sést óreglan ofan á gólfinu, sem enn er ekki komið fram á þessari mynd. (Stafr. myndir nr. 145. Horft mót SA. Ljós. BFE 2016).



Gripir úr hesthúsi, bæði áfoki og mannvistarlagi. Sjá má m.a. vinkiljárn (ljár?) (Fnr. 8. Stafr. myndir nr. 162. Ljósm. BFE 2016).



Skeifa sem fannst í torfi ofan á syðri bálkinum í hesthúsinu. (Fnr. 24. Stafr. myndir nr. 318. Ljósm. BFE 2016).

skýringin gæti verið að matarleifar úr eldhúsi hafi verið bornar í jötu handa skepnum.

Með báðum langveggjum var bálkur úr torfi og utan á þeim báðum voru aflangar hellur á rönd. Víða sást í bálkunum að torfið lá lóðrétt og virðst hafa verið lagt til að fylla í rýmið á milli aðalveggja og hellnana. Annar bálkurinn náði ekki alveg að gaflinum í austurhluta. Undir norðurbálkunum var mannvistarlag sem náði 0,16 – 0,22 m undir hann sem sýnir að bálkurinn hefur verið breikkaður á seinni stigum. Þetta var eina dæmið í Skarðsseli þar sem rými hafði verið breytt á seinni stigum búsetunnar. Minnir þessi umbúnaður nokkuð á rúst 2:7, *Lambhúsið*, sem fjallað verður um hér á eftir.

Dyr hafa verið 0,77 m breiðar og SV-hluti þeirra var úr hreinu torfi þar sem grjót vantaði í vegginn. Breidd bálkanna eftir breikkun var 0,6 m og hæðin 0,46 – 0,56 m.

Eftirtektarvert var að sjá hvernig aflangar hellur höfðu verið settar upp á rönd í innanverðum bálkunum, slíkt fyrirkomulag sést ekki annars staðar á bæjarstæðinu. Þó náðu hellurnar ekki yfir allan vegginn.

Tvö sýni voru tekin úr rústinni, sýni 8 og 9. Sýni 9, sem tekið var úr mannvistarlaginu sem gengur undir vegginn, svarar mjög vel segulstáli.

Í rústinni fundust átta gripir (Fnr. 8 og 24). Tveir naglar (undir bálki/vegg), járnplötur, eitt leggjarbein (úr kind?), ein skeifa og vinkillaga járn (ljár?). Allir gripirnir fundust í fyllingu, nema naglarnir sem voru undir vegg í NA – horni og skeifan, en hún lá ofan á syðri bálkinum.

Rústin hefur líklega verið hesthús og því til stuðnings er einkum gerðið sem var sunnan við hana, en það er túlkað sem hestagerði. Skeifan styður það einnig. Ekki er höfundi kunnugt um að nokkuð hesthús frá seinni öldum sé rannsakað á Íslandi, þó líklegt sé að skurðir hafi verið grafnir í einhver í tengslum við ýmsar framkvæmdir.

Fnr.	Efni	g	Fj.	Rými/rúst	Tegund	Lag
8	Járn	28	3	Hesthús	Plötur (gjarðir)	Áfok
8	Járn	6	2	Hesthús	Naglar/hóffjaðrir	Áfok/m-lag
8	Járn	197	1	Hesthús	Vinkill (ljár?)	Áfok
8	Bein	12	1	Hesthús	Kindaleggur?	Áfok
24	Járn	66	1	Hesthús	Skeifa	Á S-bálki
		311	8			

Gripir úr hesthúsi.



Hesthúsið fyrir rannsókn. (Stafr. myndir nr. 96. Horft mót VSV. Ljós. BFE 2016).

Á teikningu af hesthúsi í Glaumbæ í Skagafirði sést bálkur með annarri langhliðinni í tveimur samstæðum hesthúsum sem voru byggð utan í fjós. (Hörður Ágústsson 1998:49). „Hesthús voru jötuhaus með háum stalli [bálki] undir jötuna, stóðu eins og fjárhúsin fjarri bæ.“ (Sami 1998:55).

Örfá hesthús hafa verið rannsökuð á landinu. Elst þeirra er meint hesthús á Granastöðum á Eyjafjarðardal, lítið einfalt torfhús (hús 15) án innréttinga eða einkenna, (Bjarni F. Einarsson 1995:89-92). Næst í tímaröðinni er hús (hús VI) á Þórarinsstöðum sem talið var mögulega geta verið hesthús áfast bæjarhúsinu (Kristján Eldjárn 1949:31) og að lokum meint hesthús (eða fjós) frá 19. öld (útihaus II) á Hofstöðum í Mývatnssveit sem byggt var ofan á skála frá landnámsöld. Húsið var mjög illa farið og lítið um einkenni (Lucas 2009:161).

Rúst 2:4, gerði (hestagerði)

Gerðið var um 14 x 18,5 m (NV - SA) á stærð utanvert og utan um það var um 1 – 2 m breiður torfveggur og 0,3 – 0,5 m hár. Formið er dálítið óreglulegt eða tígullaga. Innri mál gerðisins var um 10 x 14,5 m eða 145 m². Dyr eða hlið var á gerðinu við NV-horn þess, mót rúst 2:3. Breidd hliðsins var um 0,6 – 0,7 m, en reikna má




Drónamynd af hesthúsinu. Síðar voru skurðirnir við gaflinn hægra megin lengdir í gegnum veggina. Eins og sjá má voru engir steinar við sunnanverðar dyrnar. (Drónamyndir. Ljós. BFE 2016).



Snið í gegnum syðri langvegginn í hesthúsinu. Sjá má að veggurinn er hlaðinn í streng. Hægra megin sést syðri bálkurinn með hellurnar á rönd. (Stafr. myndir nr. 277. Horft mót NV. Ljós. BFE 2016).



Hestagerðið og prufuholurnar tvær. Hesthúsið er rétt utan við myndina t.v. (Drónamyndir. Ljós. BFE 2016).



Flatarteikning af eldiviðargeymslunni.



Eldiviðargeymslan fyrir rannsókn. Dýrnar eru t.v. (Drónamynd. Ljós. BFE 2016).



Norður gaflinn á eldiviðargeymslunni. Sjá má að veggurinn er hlaðinn í streng. (Stafr. myndir nr. 152. Horft mót NN. Ljós. BFE 2016).



Gripir úr áfoki eldiviðargeymslunnar. Sjá má m.a. hluta af skóflu, fuglabein og leirtau. (Fnr. 9. Stafr. myndir nr. 210. Ljós. BFE 2016).

með því að það hafi verið breiðara í upphafi. Utan við gerðið voru lægðir (pælur) þar sem efni í garðinn hefur verið tekið. Tvær prufuholur voru grafnar í sinn hvorn enda gerðisins, að vestan og austan. Báðar voru 1 x 2 m stórar. Rétt undir grassverðinum fundust einstaka viðarkolamolar, en engir gripir. Vestari holan (prh. 2) var 0,35 m djúp og sú eystri (prh. 1) var 0,28 – 0,34 m djúp.

Gjarnan voru hestagerði við eða nálægt bæjum. Bæði voru þau fyrir heimafélkið og ekki síður fyrir gesti sem komu ríðandi að bæ. Ekkert hestagerði hefur verið rannsakað sérstaklega svo höfundur viti.

Rúst 2:5, eldiviðargeymsla

Hæð yfirborðs fyrir rannsókn var: V 129,67, mið 129,57, A 129,60. S 129,67 og N 129,90.



Gripir úr gólfi í eldiviðargeymslunni. Sjá má m.a. garðarbrot og lykkju. (Fnr. 10. Stafr. myndir nr. 211. Ljós. BFE 2016).

Fnr.	Efni	g	Fj.	Rými/rúst	Tegund	Lag
9	Járn	215	1	Eldiviðargeymla	Hólkur af skóflu	Áfok
9	Járn	27	6	Eldiviðargeymla	Naglar	Áfok
9	Viður	14	1	Eldiviðargeymla	Flís	Áfok
9	Leirtau	17	1	Eldiviðargeymla	Bolli?	Áfok
9	Bein	8	3	Eldiviðargeymla		Áfok
10	Járn	14	4	Eldiviðargeymla	Naglar	Gólf
10	Járn	47	1	Eldiviðargeymla	Gjörð	Gólf
10	Járn	15	1	Eldiviðargeymla	Hespa	Gólf
10	Bein	3	1	Eldiviðargeymla		Gólf
		361	19			

Gripir úr eldiviðargeymslu, bæði úr áfoki og gólfi.

Hæð yfirborðs eftir rannsókn var: V 128,99, mið 128,96, A 129,02. S 129,01 og N 129,03.

Hæð veggja: V 0,62, A 0,63, S 0,96 og N 0,97. Hæsti veggur á N-gafla er 1,18 m.

Hæð veggja frá gólfi: V 0,58, A 0,59, S 0,91 og N 0,89. Hæsti veggur var á N-gafla, 1,10 m hár. Gólfið var þunnt með slæðing af viðarkolum og lífrænum leifum. Mest áberandi í því voru smágerðar greinar eða hrís.

N-gaflinn var úr hreinum torfstreng og sömu sögu er að segja um SV-hornið, frá dyrum að austurlangvegg. Eiginlegar grjóthleðslur sáust aðeins við austurhliðina og að dyrum á suðurgafli. Rústin var rýrasta húsið sem rannsakað var í Skarðsseli og virðist ekki mjög mikið hafa verið lagt í það. Allar torfhleðslur voru í streng.

Dyr hafa verið 0,46 m breiðar.

Stærð rýmisins var: 1,98 á breidd og 4,58 á lengd eða 8,99 m².

Í áfoki rústarinnar fannst eitt brot af leirtau, hluti af skóflu, ein járnplata (skinna?), sex naglar, þrjú bein og timburflís. Í gólfinu fannst járngrjörð, sex naglar, eitt bein og hespa á hring (af hurð?).


Hvorki gripir né form hússins gefa neitt uppi um hlutverk þess. Það gerir aftur á móti hrísið á og í gólfinu sem bendir til þess að húsið hafi verið eldiviðargeymla eða eldiviðarhús. Á Grenjaðastöðum í S-Þingeyjarsýslu var eldiviðarhús inni í bæjarhúsunum (Hörður Ágústsson 1998:72). Mór var stundum geymdur í svokölluðum mókofum nærri mógröfunum sjálfum áður en hann var fluttur heim á bæ. (Kristján Eldjárn 1988:105-7). Til eru hús sem kölluð voru taðhús eða torfkofar og er þeirra getið í Harðar sögu Grímkelssonar. Einnig voru hús kölluð taðhús um geymsluhús fyrir tað. (Valtýr Guðmundsson 1889:253). Ekkert hús sem einkum og sérílagi geymdi eldivið hefur verið rannsakað á Íslandi.



Yfirlit yfir eldiviðargeymsluna nær fullrannsakaða. Sjá má að grjót var aðeins í hluta veggjanna. (Stafr. myndir nr. 180. Horft mót SV. Ljós. BFE 2016).



Veiðafærageymslan fyrir rannsókn. Rennan sem liggur niður að Þjórsá sést vel í mynd handan við rústina. (Horft mót NV. Ljós. BFE 2001).



Flatarteikning af veiðafærageymslunni.

Rúst 2:6, veiðafærageymsla

Hæð yfirborðs fyrir rannsókn var: V 129,28, mið 129,17, A 129,58. S 129,27 og N 129,40.

Hæð yfirborðs eftir rannsókn var: V 128,76, mið 128,71, A 128,78. S 128,74 og N 128,74.

Dyr voru á miðri NV – hlið og hafa verið 0,43 m breiðar.

Gólfíð var slétt og örþunnt með örfáum viðarkolamolum.

Hæð veggja: V 0,81, A 0,99, S 0,94 og N 0,50. Hæsti veggur á S-vegg austast er 1,08 m. Eitt sýni var tekið úr gólfi, sýni 19.

Stærð rýmisins var: 1,48 m breitt og 1,90 m á lengd, eða 2,812 m².

NA við rústina var lægð sem gæti verið efnistökusvæði (pæla) fyrir torfveggina, eða bátageymsla eins og segir í fornleifaskrá. Það er þó ólíklegt. Slíkar dældir eru oft við fjárhús vegna traðks skepnanna, en þá eru dældirnar nær húsunum.

Frá vesturhlið rústarinnar lá um 30 m löng rás, renna eða gata beint niður að ánni og er erfitt að tengja hana ekki við rústina og hlutverk hennar. Breidd rennunnar var um 1,2 m og dýptin um 0,1 – 0,2 m og norðan megin eftir henni endilangri var garður. Grafinn var 1 x 3,5 m langur þverskurður á rennuna og garðinn um 10 m neðan við rústina og í ljós kom mjór og lágur torfveggur úr streng. Engin mannvistarlög fundust í þversniðinu.

Í áfoki rústarinnar fundust járnreima (stangarjárn?), rúðugler og tveir járnteinar, annar boginn. Á og í gólfinu fundust járnplötur (gjarðir?), eitt rúðugler, tvö bein (fuglabein) og snúnir vírar sem héngu saman.

Fnr.	Efni	g	Fj.	Rými/rúst	Tegund	Lag
21	Járn	10	2	Veiðafærageymsla	Teinar	Áfok
21	Bein	7	1	Veiðafærageymsla	Tönn	Áfok
21	Gler	222	14	Veiðafærageymsla	Rúðugler	Áfok
21	Járn	483	1	Veiðafærageymsla	Fjóður úr bíl?	Áfok
21	Járn	6	2	Veiðafærageymsla	Naglar	Áfok
25	Járn	21	2	Veiðafærageymsla	Plata (gjörð?)	Gólf
25	Járn	54	1	Veiðafærageymsla	Vír	Gólf
25	Bein	2	2	Veiðafærageymsla	Fuglabein	Gólf
25	Gler	7	1	Veiðafærageymsla	Rúðugler	Gólf
25	Járn	8	2	Veiðafærageymsla	Plötur (gjarðir)	Gólf
		820	28			

Gripir úr veiðafærageymslunni, bæði úr áfoki og gólfi. Teinarnir eru ekki á ljósmynd.



Gripir úr áfoki veiðafærageymslunnar. Sjá má m.a. kindajaxl og rúðugler. (Fnr. 21. Stafr. myndir nr. 312. Ljós. BFE 2016).



Gripir úr áfoki veiðafærageymslunnar. Sjá má m.a. fuglabein, rúðugler og vír. (Fnr. 21. Stafr. myndir nr. 312. Ljós. BFE 2016).



Drónamynd af veiðafærageymslunni. Dyrnar eru til vinstri. (Drónamyndir. Ljós. BFE 2016).



Veiðafærageymslan fullrannsökuð. (Stafr. myndir nr. 271. Horft mót NV. Ljós. BFE 2016).


Engin sambærileg veiðafærageymsla hefur verið rannsökuð á Íslandi, en þó hefur afar lítill kofi verið rannsakaður á Hornafirði sem talinn var geta verið veiðafærageymsla frá síðustu öld. Innanrými kofans var undir 2 m² og byggingin öll óvönduð. Húsið stóð á Langhólma austan við Hornafjarðarfljót, þar sem nú er golfvöllur sveitarfélagsins. Í Hornafjarðarfljótinu veiddist lúra (lítill rauðspetta) og silungur í lagnet. (Bjarni F. Einarsson 2004(b)).

Ekki er víst hvaða hlutverki þessi rúst í Skarðsseli hefur gegnt, hvorki formið á henni né gripirnir skera úr um það. Rennan eða gatan sem liggur frá rústinni að ánni hlýtur að hafa tengst rústinni á einhvern hátt og þá kemur helst til greina að rennan hafi verið notuð til að draga vagn frá ánni með veiðarfæri og fisk (lax). Varla hefur bátur verið dregin eftir þessari rennu, bæði vegna smæðar rústarinnar og formsins á rásinni (lárétt yfirborð, en ekki v-laga).

Í Papey var lítilllega grafið í litla rúst sem var yst á mjóu nesi norðan í Eynni sem Sölveiði eða Sölvaeiði heitir. Aðeins er sagt að húsi hafi verið ferkantað og lítið (smáhýsi). Ekkert fannst í rústinni, hvorki mannvistarlag né gripir. Hér gæti

verið áhaldageymsla sem geymdi t.d. sigbúnað og áhöld fyrir fuglaveiðar (lunda m.a.). Þetta eru getgátur höfundar, en vitað er að slík hús voru til, þó fornleifafræðin geti ekki staðfest þau án aðstoðar ritaðra eða munnlegra heimilda.

Hafi húsið hins vegar verið skepnuhús kemur fátt annað til greina en að það hafi verið hrútakofi eða hænsnahús.



Flatarteikning af *Lambhúsinu* eins og húsið var jafnan kallað.

Rúst 2:7, „Lambhúsið“

Hæð yfirborðs fyrir rannsókn var: V. 129,23, mið 128,94, A 129,34. S 129,39 og N 129,47.

Hæð yfirborðs eftir rannsókn var: V. 128,75, mið 128,72, A 128,77. S 128,77 og N 128,80.

Hæð veggja: V 0,75, A 0,92, S 1,38 og N 1,38. Hæsti veggur á S-langvegg við austurgafli er 1,61 m.

Gólfíð var dæmigert lagskift taðgólf með skellum af mannvistarlögum (viðarkol og aska) og lífrænum blettum hér og hvar.

Með langhliðum endilöngum er einskonar bálkur sem hlýtur að hafa verið jata lambhússins. Eru þeir 0,42 – 0,57 m háir og 0,24 – 0,34 a breiðir að sunnanverðu og 0,44 – 0,55 m háir og 0,26 – 0,31 m breiðir að norðanverðu. Þeir voru frábrugðnir bálkunum í hesthúsinu (rúst 2:3) á þann veg að þeir voru nær einvörðungu hlaðnir úr einu umfari (einföld röð af steinum) af grjóti með hellulaga steinum ofan á. Bálkarnir voru bæði lægri og mjórri en í hesthúsinu (þar voru hæðir og breiddir bálkans ekki mældar sérstaklega).

Veggir hússins eru mjög vel hlaðnir, en fáir veggir í Skarðsseli eru jafn vel hlaðnir og í þessu húsi. Hvergi var grjótið jafn stórt og í þessari rúst, nema ef vera skyldi í hlöðunni.

Dyr hafa verið 0,57 m breiðar.

Stærð rýmisins var: 2,45 m á breidd (að bekkjum meðtöldum) og 3,90 m á lengd eða 9,56 m².

Samkvæmt staðkunnugum, m.a. fyrrum bónda á Skarði, var rúst þessi kölluð *Lambhúsið*. Varla hefur þetta aðeins verið notað fyrir lömb, heldur er langlíklegast að þetta sé aðal fjárhúsið á bænum, enda eitt stærsta húsið fyrir utan hlöðuna og göngin.

Í áfoki rústarinnar fannst járn, naglar, tindur úr gafl, teinar, rúðugler, flaska og kilpur. Í gólfi fannst járn, gjörð, naglar, teinar, krókur, rúðugler, flaska, kilpur og flaska með kveik og upphengibúnaði (snúinn vír).

Gripirnir segja ekkert um hlutverk hússins, en heitið og formið á rústinni benda til þess að hér sé um fjárhús að ræða. Staðsetningin frá bæ styrkir þessa tillögu, en fjárhús voru gjarnan mis langt frá bæ.

Nokkur önnur meint fjárhús hafa verið rannsökuð með uppgreiftri frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Á Þjótanda við Þjórsá voru fjögur fjárhús rannsökuð og öll voru þau í mörgum fösum eða kynslóðum. Elst var kynslóð húss 4:5:1 frá 9. eða 10. öld og ofan á henni kynslóð 2 sem var yngri en 1400. Næstu tvær kynslóðir hússins voru frá 17. og 18. öld. (Bjarni F. Einarsson o.fl. 2011:28-40). Yngsta húsið var 1,8 x 7,3 m stórt eða 13,14 m² og því aðeins stærra en fjárhúsið í Skarðsseli.

Skammt hjá þessum fjárhúsum (4:5:1) var annað meint fjárhús, hús 4:5:2. Því húsi var breytt a.m.k. þrisvar sinnum, frá því að vera fjárhús fyrir 1700 í að verða aðhald eða heystæði síðar (Sami 2011:43-45). Engin ummerki um jötur eða aðrar innréttingar fundust í fjárhúsunum aðrar en í fasa 2 og 3 húss 4:5:1, en þá hafði verið milliveggur í rústinni og gat hann hafa aðgreint fjárhús frá hlöðu eða kró. Innri mál rústarinnar voru 2,2 x 4,5 m eða 9,9 m² sem er aðeins stærra en fjárhúsið í Skarðsseli.

Nokkra tugi metra upp með ánni var enn annað hús á Þjótanda sem um tíma var fjárhús. Þar voru fjöldi kynslóða húsa sem náðu allt frá tuttugustu öld niður í



Gripir sem fundust í áfoki *Lambhússins*. Sjá má m.a. meðalaglas, kilpur og rúðugler. (Fnr. 16. Stafr. myndir nr. 232. Ljós. BFE 2016).



Gripir sem fundust í gólfi *Lambhússins*. Sjá má m.a. meðalaglas sem breytt hefur verið í ljósfæri með kveik, rúðugler, kilpur og krók. (Fnr. 20. Stafr. myndir nr. 313. Ljós. BFE 2016).

Fnr.	Efni	g	Fj.	Rými/rúst	Tegund	Lag
16	Járn	35	6	Lambhús	Vírar/kilpur	Áfok
16	Járn	52	19	Lambhús	Járn	Áfok
16	Gler	46	1	Lambhús	Lyfjaglas	Áfok
16	Gler	43	18	Lambhús	Rúðugler	Áfok
20	Gler og járn	82	1	Lambhús	Ljósferi	Gólf
20	Járn	43	2	Lambhús	Vírar	Gólf
20	Járn	174	1	Lambhús	Gjörð	Gólf
20	Járn	36	7	Lambhús	Naglar	Gólf
20	Gler	80	20	Lambhús	Rúðugler	Gólf
20	Gler	2	1	Lambhús	Gr. flöskugler	Gólf
20	Járn	55	1	Lambhús	Krókur	Gólf
20	Járn	29	3	Lambhús	Plötur	Gólf
20	Steinkol	11	1	Lambhús	Eldsneyti	Gólf
		687	81			

Gripir úr *Lambhúsinu*, bæði úr áfoki og gólfi.

Þá tíundu. Elstu húsini voru löng mjó hús sem voru bæði fjós, mannabúsaður og geymslurými (hús 4:14a-d). Þannig var húsið í tvær kynslóðir, en þegar þriðja kynslóðin var byggð var fjósið aflagt og þannig var húsið líklega fram á 12. öld. (Bjarni F. Einarsson o.fl. 2009). Þá breyttist húsið í fjárhús (hús 4:10a) með ýmsum viðbyggingum af öðrum toga og þannig voru þau endurbyggð í þrjár kynslóðir fram á 14. - 15. öld og að lokum var hefðbundið fjárhús (hús 4:2) byggt ofan á rústirnar um 1900. Eldri kynslóðirnar þrjár voru um 1,75 – 2 m á breidd og voru hlöður í tveim þeim eldri, en sýðasta kynslóðin var styst eða um 4 m. Hefur það hús þá verið um 7 - 8 m². Í því voru vísbendingar um að jötur hafi verið með báðum langveggjum en sú ályktun er dregin af því að þar vantaði gólfslag.

Húsið frá 20. öld á Þjótanda var ekki rannsakað öðruvísi en með profuskurði þvert á vesturvegg eins af tveimur rýmum þess.

Á Snjáleifartóttum í Þjórsárdal skammt austur af Haga í Gnúpverjahreppi voru nokkrar kynslóðir húsa rannsakaðar. (Stenberger 1943) og þar á meðal hús eitt sem talið var vera frá miðöldum og skiptist það í fimm rými. Stungið hefur verið upp á því að rými I kunni að hafa verið fjárhús vegna líkinda þess við hús 4:5:1 á Þjótanda. (Bjarni F. Einarsson o.fl. 2008:35). Stærð þess var 1,75 x 12,5 m eða 21,87 m².

Á Þórarinsstöðum á Hrunamannafrétti voru þrjú misstór fjárhús rannsökuð, sem voru mislangt frá bænum. Stærð þessara húsa var ekki alveg á hreinu, en hún var áætluð á bilinu 5, 23,1 og 36 m². Í þeim voru ýmsar innri innréttingar svo sem jötur og yfirhella yfir dyrum í tveimur þeirra. Í einu húsinu (hús B), sem var 25 – 30 m SV af bænum, voru jötur með vesturhluta norður langveggjar og



Yfirlit yfir *Lambhúsið*. (Stafr. myndir nr. 225. Horft mót SA. Ljós. BFE 2016).



Yfirlit yfir *Lambhúsið*. (Stafr. myndir nr. 227. Horft mót NV. Ljós. BFE 2016).



Drónamynd af *Lambhúsinu*. (Ljós. BFE 2016).

með austurhluta suður langveggjar þannig að þær voru tvöfaldar á tveggja metra kafla. Voru þær byggðar upp af jarðföstum hellum sem stóðu 40 – 50 sm upp úr gólfinu, en í því fannst ekkert gólfslag. Breidd jatanna var um 25 sm. Í hinum tveim (hús A og C) voru jötur aðeins við einn langvegg. Við hús C var hlaða. (Kristján Eldjárn 1949:33-38). Svipaðar stærðir voru á húsi B á Þórarinsstöðum og á jötunum í rúst 2:6 í Skarðsseli og svipað fyrirkomulag var á jötunum í fjósinu í Skarðsseli.

Í Papey var lítil seinni tíma rúst rannsökuð af Kristjáni Eldjárn upp úr 1968, sem honum var sagt að væri kindakofi (1989:92). Ekkert mannvistarlag fannst í rústinni og ekki heldur gripir. Stærð hennar var 3,5 x 3,5 að innanmáli, eða 12,25 m². Önnur rúst, kölluð Papatættur hugði hann að gætu hafa verið fjárhús, en ekki var hann viss (1989:95). Rústin var eldri en 1362, en ekkert fannst heldur í henni. Stærð Papatætta var 6 – 7 x 23 m að utanmáli. Rústin var ekki fullgrafin og aðeins innri breidd mæld, en hún var 2 m. Ef veggir voru jafn þykkir allsstaðar þá hefur innri lengdin verið um 18 – 19 m sem þýðir að rýmið hefur verið um 36 – 38 m².

Mörg fjárhús hafa verið rannsökuð lítillega víða um landið og eru þau frá ýmsum tímum, allt frá 13. öld eins og t.d. á Steinboga í Mývatnssveit (Ragnar Edvardsson 2003) fram á þá tuttugustu eins og t.d. beitarhús í landi Minni-Núpa handan Þjórsár gegnt Skarðsseli (Bjarni F. Einarsson 2008).



Lambhúsið fyrir rannsókn. (Drónamyndir. Ljós. BFE 2016).

Fleiri fjárhús geta hafa tilheyrt Skarðsseli en tvö slík eru á bökkum Þjósár skammt fyrir ofan Skarðssel og bæði voru rannsökuð með prufuskurði. Eru þetta fornleifar nr. 8:1 og 10:1 í Holta- og Landsveit. Rúst 8:1 var um 1,9 x 3,5 m að innra máli, eða 6,65 m². Með báðum hliðarveggjum voru jötur og var hún talin vera fjárhús eða sauðahús. (Bjarni F. Einarsson o.fl. 2010:25-26 og 100). Rúst 10:1 var öllu stærri. Í henni voru tvö hólfi og er minna hólfið talið vera hlaða og það stærra fjárhús. Fjárhúsahlutinn var um 2,6 x 9 eða 23,4 m². Hlaðan var um 1,6 x 2,5 eða aðeins 4 m². Með báðum langveggjum fjárhússins voru jötur. Húsið hafði verið byggt ofan á eldri minjum þó ekki væri hægt að segja til um hversu mikið eldri þær voru. Húsið var talið vera beitarhús. (Sami 2010:26-28 og 101-102). Hugsanlega er þetta eina vísbendingin um að hús hafi verið endurbyggð í jarðskjálftanum 1896.

Enn ofar með ánni á gróðurspildunni Bæjarnesi, skammt sunnan við þar sem Karlsneskumlið var beint suður af Haga í Gnúpverjahreppi var lítil rúst (19:1) rannsökuð lítillega sem gæti einnig hafa tilheyrt Skarðsseli. Var hún talin vera gerði (ekki þak) og var um 2 x 3 m eða 6 m². Rústin sker sig talsvert úr öðrum gerðum á svæðinu fyrir það að hafa haft torfveggi við tvo veggi og gæti því hafa verið hús með þaki fyrir skepnur, t.d. hrútakofi.

Ef þessar stærðir eru lagðar saman við stærðina á *Lambhúsinu* þá hefur samanlagður flötur fjögurra húsa fyrir fé verið 45,61 m². Lengd jafna á öllum

Þessum húsum hefur verið 38,8 m, en samkvæmt Búalögum¹⁴ átu sex rosknir sauðir eða 10 lömb á einum faðmi, en einn faðmur er um 1,72 m (Búalög 1915-1933:213). Þá rýma þessi fjögur hús $38,8 / 1,72 \times 6 = 135,35$ sauði eða 226 lömb, sem hlýtur að vera allt of há tala.

Lambhúsið hefur samkvæmt þessum útreikningi rýmt 27 sauði, rúst 8:1 hefur rýmt 24,4 sauði, hús 10:1 hefur rýmt 62,8 sauði og hús 19:1 hefur rýmt 21 sauð.

Ef miðað er við að hver kind þurfi 0,7 fermetra samkvæmt núgildandi stöðlum þá er pláss fyrir um 65 kindur í þessum fjórum fjárhúsum. Óraunhæft er að miða við nútíma regluverk og búskaparhætti sem taka mið af dýraverndunarsjónarmiðum, neytendavernd og nútíma viðskiptaháttum. Ekki er heldur líklegt að staðlarnir nái svo langt aftur í tímann að þeir hafi verið í gildi á tímum Skarðssels. Einnig er afar ólíklegt að á Skarðsseli hafi verið ígildi 135,35 sauða ef miðað er við Búalög. Af því leiðir að öll þessi fjögur fjárhús hafa annaðhvort ekki verið samtíða eða að einhver þeirra hafi verið frá Skarði og þá kemur einna helst til greina að það hafi verið beitarhúsið (rúst 10:1). Ef við teljum það ekki með í útreikningunum var pláss fyrir 72,6 sauði, eða 121 lömb í þremur húsum. Ef við höldum áfram og útilokum hús 8:1, sem talið er vera gerði, þá verður fjöldinn 51,6 sauðir eða 86 lömb. Sauðir tóku mest pláss fénaðar og reikna má með því að fjöldi áa hafi verið um 60. Þetta rímar nokkuð vel við tölur sem ræddar eru síðar í skýrslunni.

Rúst 2:8, gerði og heystæði

Rúst 2:8 var gerði að sunnanverðu og viðhangandi heystæði eða ræktunarreitur að norðanverðu. Líklega er hið fyrnefnda nær lagi.

Gerðið var um 12 x 18 m að ytra máli og um 9 x 12 m að innra máli, eða 108 m². Heystæðið var um 10 x 27 m að ytra máli og 7 x 26 m að innra máli sem gerir 182 m². Vesturmörkin á heystæðinu mörkuðust af niðurgreftri, en allt gólf heystæðisins virðist hafa verið lítillega grafið niður.

Grafnar voru tvær 1 x 2 m stórar prufuholur í heystæðið og ein í gerðið. Óljós ummerki um að heystæðinu hafi verið skipt í tvö hólf sáust á yfirborði og voru prufuholurnar í sitt hvort hólfið. Ekki reyndist gerlegt að finna gólf eða upprunalegt yfirborð og engir gripir fundust í holunum. Úr prufuholunni í gerðinu var sýni nr. 17 tekið og úr syðra hólfi heystæðisins var sýni nr. 15 tekið.

Ef marka má form syðri hlutans þá hefur



Rúst 2:8 og prufuholur.

¹⁴ Búalög voru lög um viðskipti á Íslandi sem sett voru um 1100. Ýmsum ákvæðum var breytt í aldanna rás, en formið hélst öldum saman eða allt fram á 20. öld. (Lýður Björnsson 2005:7).

þarna verið gerði fyrir skepnur, líklega fé, enda var *Lambhúsið* næst rústa og heystæðið hugsanlega þjónað því líka með gjöf í gerðinu eftir atvikum.

Sunnan megin við gerðið er aflöng lægð, um 5 x 10 m stór (NV-SA), sem liggur frá bakkanum (rúst 2:9) og upp með gerðinu. Ekki var grafið í hana. Líklega hefur lægðin þjónað sem hróf fyrir bát.

Engir gripir fundust í gerðinu né heystæðinu.

Prufuholur á bæjarstæðinu

Ákveðið var að grafa nokkrar prufuholur víðsvegar á bæjarstæðinu til að ganga úr skugga um hvort eldri minjar myndu fundast á bæjarstæðinu, en reynslan frá Þjótanda sýndi að eldri minjar gátu legið þarna undir. Allar holurnar voru 1 x 2 m stórar og grafið niður á um annan meter.

Fyrsta holan var grafinn á milli kryddjurtagarðsins (2:2) og veiðafærageymslunnar (2:6), en ekkert fannst sem sýndi mannvist yfir höfuð. Næsta hola var á milli fyrstu holu og eldiviðar-geymslunnar (2:5). Dýpt hennar var 1,56 m. Sama var að segja um hana, ekkert fannst. Þá var hola grafin á milli fjóssins (2:1:G) og hesthússins (2:3). Ekkert fannst þar heldur. Að síðustu var grafinn hola um 22 m norður af kálgarðinum og grafið niður á 1,52 m dýpi. Ekkert fannst heldur í þessari holu.

Niðurstaðan er því sú að engar eldri minjar eru á bæjarstæði Skarðssels og leitarholurnar í sumum rýmum bæjarins sýna að svo sé.

Fornleifafræði og vistfræði.

Hér á eftir í *Niðurstöðum* verður gerð grein fyrir niðurstöðum skordýra- og frækornagreininga og þeim stillt upp við niðurstöðurnar hér að ofan og reynt að eyða óvissunni í greiningunni á einstökum rústum.



Drónamynd af gerðinu og heystæðinu. (Ljós. BFE 2016).



Ummerki um jarðskjálfta í prufuholu sem grafin var í stofuna. Efst í mynd sést yfirborð rétt undir gólfinu. Dekksta gjóskulagið gæti verið V 1477 og hvíta röndin neðarlega í sniðinu gæti þá verið H1104. Dýpt holunnar var 1,29 m. (Stafr. myndir nr. 135. Horft mót SSV. Ljós. BFE 2016).



Blað úr viðarsög sem fannst í fjósinu. (Stórviðarsög. Fnr. 1. Ljós. BFE 2017).


Lífið á bænum

Hið íslenska bændasamfélag var býsna hefðbundið í þeim skilningi að það var ekki sérlega móttækilegt fyrir breytingum og þannig hafði það verið í aldir. Samfélög hafa yfirleitt sterka tilhneigingu til að viðhalda hefðum og venjum sem skapar stöðugleika og þannig er samfélaginu viðhaldið á milli kynslóða. Hluti af þessum stöðugleika var að gera hlutina alltaf eins, þ.e.a.s. endurtekningin. Við höldum árvissa hátíðisdaga, borðum ákveðna rétti við ákveðin tilefni og deilum svipuðum gildum um lífið og tilveruna sem stöðugt er stafest með hegðun okkar og gjörðum.


Viljinn til að viðhalda hlutunum óbreyttum í hinu íslenska bændasamfélagi var sterkari en viljinn til breytinga. Hið gamla og rótgróna virkaði á vissan hátt, en um hið óþekktu ríkti ákveðin óvissa. Í kjölfarið á tæknibreytingum og auknum samböndum við umheiminn streymdu nýjar hugmyndir inn og skutu rótum í samfélaginu og smám saman urðu þær til þess að viljinn og getan til breytinga var orðinn nógu mikill til að hrinda þeim í framkvæmd. Ísland var að brjótast út úr einangrun og nýjir möguleikar sköpuðust þegar þéttbýli tók að myndast og samskipti við útlönd jukust. Fólk var ekki lengur njörfað niður í hokri sínu á jörðum sem gáfu lítið af sér.

Hið íslenska bændasamfélag notaði meira eða minna sömu venjurnar við búskapinn eins og forfeðurnir höfðu gert, sömu amboðin, sömu aðferðirnar við skepnuhaldið og sömu húsagerðirnar af því að hefðin bauð því svo og framboð á öðrum lausnum var ekki fyrir hendi. Þannig tengjum við okkur við minningar og hefðirnar og viðhöldum gildum okkar og síðum. Ekki af því að okkur þyki þessir síðir hafa yfirburði gagnvart öðrum síðum annarra, heldur af því að við þekkjum ekki aðra síði og viljum halda í það liðna, fortíðina og þannig viðhalda hefðinni og samfélaginu. Við eigum minningar úr fortíðinni, en engar úr framtíðinni. Framtíðin var heldur ekki sérstaklega eftirsóknarverð þegar hokrið eitt var framundan, en svo tók að birta til og nýjum hugmyndum skolaði á land sem gáfu fyrirheit um nýtt og betra líf. Í stað minninganna úr fortíðinni bættust við draumar um framtíðina.


„Hlutverk fólks og hefðir verða hluti af því rými sem það býr í og spila hóbýlin stórt hlutverk í að viðhalda þeim hefðum og grundvelli sem samfélagið byggir á.“ (Anna Lía Rúnarsdóttir 2007:59). „... húsnaði endurspeglar lífsgæði fólksins sem býr í því, það sýnir neyslu þess, kaup- og framkvæmdagetu, kröfur þess og væntingar.“ (Orri Vésteinsson 2008:200). Tengsl einstakra rýma og skilgreining á þeim endurspeglar á vissan hátt hugmyndafræði samfélagsins og hægt er að líta á það sem birtingarmynd alheimsins á vissan hátt (microcosmos í macrocosmos). Í gangabæjunum voru göngin lífæðin og þau stjórnuðu umferð fólks um rýmið. Til að komast á milli rýma þurfti að fara um göngin og utan við bæjardyrnar við enda þeirra var alheimurinn.



Hlutfall innlendra og erlendra efnisflokka í Skarðsseli. Hér eru kvarnarsteinarnir tveir ekki reiknaðir inn í skífuritíð en þeir voru 30,3 kg annarsvegar og 4,8 kg hinsvegar. Járn sem skilið var eftir á vettvangi er ekki heldur reiknað inn.



Samtala þyngdar (g) allra gripaflokka í einstökum rýmum í Skarðsseli (göng og bæjardyr tekin saman). Kvarnarsteinninn úr skemmunni (2:1:E) er ekki reiknaður með hér, en hann var 30,3 kg að þyngd.




Samtala fjölda gripa úr einstökum rýmum í Skarðsseli (göng og bæjardyr tekin saman). Ef miðað er við gripafjölda í sambærilegum rýmum á Hornbrekku (frá svipuðum tíma) þá voru þeir fleiri en 64 í búi (2:1:B), fleiri en 273 í eldhúsi (2:1:D) og fleiri en 97 í fjósi (2:1:G). Samanburðurinn er ekki fyllilega nákvæmur vegna þess að stundum og stundum ekki er fjöldi einstakra gripa gefin upp á Hornbrekku, en það er þó nokkuð góður samhljómur í fjölda gripanna.


Talsvert magn gripa fannst við rannsóknirnar í Skarðsseli, eða samtals 29,705 kg (auk kvarnarsteinsins í skemmunni sem var 30,3 kg). Fjöldi gripanna reyndist vera samtals 1 973 gripir. Þá eru ekki taldir með gripir sem skildir voru eftir á staðnum, en það voru stærri blikkplötur sem virtust vera úr þökum einstakra rýma í bæjarhúsunum og brot af kamínu við bæjarhúsin¹⁵. Gripirnir sýna að Skarðsselsbændur keyptu ýmislegt inn til bæjarins og voru reyndar langflestir gripir úr erlendu efni eins og úr járn, gleri, leirtaui, kopar, flögubergi, steinkolum og korki. Innlent efni var aðeins úr grjóti, beini og líklega eitthvað úr viði. Eftir að bærinn var yfirgefinn bættust við gripaflórana pokaplast (sem þó gæti hafa verið notað í þak smiðjunnar til þéttingar¹⁶), annað plast og frauðplast. Plastið fyrir utan pokaplastið, fannst allt í rými C eða búrinu, en það voru plastbolli, jógúrt dósi og skoðhylki. Í rými H, smiðjunni fundust pappír, líklegur sigarettupakki og álpappír sem komu líklega til eftir að húsið var úr notkun. Einnig er hugsanlegt að annað haglaskotið hafi borist í rými C eftir að búsetan lagðist af og hið sama á líklega einnig við haglaskotið sem fannst í skemmunni. Af þessu má draga þá ályktun að þessi rými hafi verið lengur uppistandandi en önnur rými og fólk hafi hafst þar eitthvað við til hvíldar eða annarra athafna eins og að fá sér nesti og reyk.

¹⁵ Þeir gripir sem skildir voru eftir á vettvangi voru á að gíska um 3 kg og fjöldi þeirra um 15-20. Voru þetta brot úr eldavél og blikkplötur eða járnplötur. Einkum voru blikkplöturnar (þakjárn) í hlöðunni.

¹⁶ Pokaplast fannst einnig í áfokslagi í hlöðunni en var ekki tekið til handargagns né ljósmyndað.



Þyngdir (g) einstakra gripaflokka. Heili kvarnarsteinninn úr skemmuni er ekki reiknaður með hér, en hann var 30,3 kg að þyngd.



Magn leirtaus (þyngd) í einstökum rýmum/rústum Skarðssels.


Fáir gripir í Skarðsseli teljast til lúxusgripa, en þó má nefna gleraugu, leirtau, hitamæli, brot af pípumunnstykki og vísbendingar um að rafmagn hafi verið leitt í bæinn á síðari hluta tilvistar hans. Um það bera hugsanlegt ljósaperubrot vitni og kapalspenna sem fundust í göngunum, kerti úr mótör, öryggi í smiðjunni og rafmagnstengi í hlöðunni. Hugsanlega hefur það verið ljósavél sem gaf ljósið á bænum sem gengið hefur fyrir olíu, en olíulögg fannst í flösku í gólfi eldhússins og trekt, líklega olíutrekt, fannst í göngunum. Sumt af blikkinu sem fannst á bænum hefur örugglega verið af olíubrúsum. Annar möguleiki er að vindmylla hafi knúið rafal og gefið birtu og drifið útvarp ef það var til á bænum, en fyrstu útvarpssendingar Ríkisútvarpsins hófust 1930, en höfðu þó byrjað nokkrum árum fyrr á stöku stað. Ekki er heldur hægt að útiloka að bæði ljósavél og vindrafstöð hafi verið í Skarðsseli.

Leirtau fannst í flestum rýmum bæjarins, nema í skemmuni og smiðjunni. Mest var af því í eldhúsi, búi og stofu og reytingur í öðrum rýmum. Í búrinu voru allavega átta tegundir í mis góðu ástandi. Mest var eftir af súpudiski úr postulíni (Fnr. 5) sem fannst í áfoki búrsins. Var hann með stimpluðu skreyti af hænum og hænuungum á vappi utandyra. Við barminn voru stakar myndir af hænum. Annar súpudiskur með sama skreyti fannst einnig í áfoki stofunnar (Fnr. 6). Þegar þeir eru bornir saman kemur í ljós að þetta er sami diskurinn. Á botni annars þeirra kemur fram að diskurinn er frá Þýskalandi (C.T. Altwasser Germany 28). Eins fannst bleikt leirtau bæði í búi (Fnr. 5) og fjósi (Fnr. 1) sem eru af sömu gerð báðir tveir og báðir fundust í áfoki. Þetta sýnir að leirtau barst á milli rýma, jafnvel eftir að húsið féll.

Í gólfi búrsins fannst hvítur diskur úr kaffistelli með blárrí rönd við barminn innanverðan (Fnr. 5) og í áfoki ganganna fannst annarskonar bolli úr postulíni með bláu skrautverki (Fnr. 28).

Í eldhúsi fundust m.a fáein brot úr matardiski (Fnr. 19). Voru þau með bláu skrauti sem líklega var við barminn innanverðan. Einnig fannst bolli með sama skrautverki í eldhúsinu (Fnr. 28). Annað brotið fannst í áfoki en hitt á gólfi sem sýnir að gripir í áfoki geta hafa tilheyrt tilverunni á bænum og hafnað síðar í áfoki, t.d. vegna þess að þeir voru geymdir í innréttingum sem féllu síðar eftir að áfok og veggjaleifar höfðu fallið niður á gólfið. Á botni matardiskarins úr eldhúsinu stóð *original* og má þá ætla að hann hafi verið enskur. Hafa því fundist leifar af allavega þremur gerðum af kaffistelli og þar af eitt úr postulíni.

Leirtau finnst nánast einvörðungu á heldri bæjum fyrr á öldum eins og kirkjustöðum, klaustrum og biskupsetrunum báðum, auk verslunarstaða. Til dæmis fannst ekkert leirtau á Gröf og Bæ, í Fornu-Lá, Sandártungu og Reyðarfelli og aðeins eitt brot á Búðarárþakka. Í stærsta bæ sem rannsakaður hefur verið, Kúabót, fundust 32 leirtausbrot og þar af voru 18 í kirkjunni sem þar var. Á Stöng fannst eitt leirkersbrot, en Stöng telst til stærri bæja sem rannsakaðir hafa verið og þar var kirkja. Ekki er gott að segja til um hvenær íslensk alþýða fer að nota leirtau, en líklega er það ekki fyrr en á 19. öld þegar ódýrt leirtau tók að berast til landsins, einkum frá Englandi, og ruddi úr



Gripaflokkar (þyngdir) í einstökum rýmum/rústum í Skarðsseli. Sumir gripaflokkarnir koma þó ekki fram sökum smæðar línuritsins. Því er vísað í töflu hér á eftir.

vegi að vissu marki hinum hefðbundnu innlendu áhöldum þegar fram í sótti. Einkum voru diskar og bollar í Skarðsseli og líklega hefur það verið víða svo á íslenskum heimilum þegar leirtau fór að verða algengt við hlið askanna og tréfatanna um stundir. Reyndar fundust engar minjar um aska né önnur tréílát sem þýðir annaðhvort að þau hafi verið tekin með þegar fólk flutti út úr bænum, eða að nútímavæðing bæjarins hafi verið alger hvað þetta varðar, sem er ólíklegt.

Sömuleiðis má telja til nýmóðinsheita rúðuglerið sem hleypti birtu inn í húsakynninn og sparaði lýsið eða olíuna sem þurfti á lampa. Leirtauðið getur einnig talist til nýmóðinsheita hjá kotbændum og lyfjaglösin sem geymdu lyf (ormalyf) fyrir skepnurnar eða elxír fyrir mannfólkið, nema að hvorttveggja hafi verið.

Gasbrennarinn í gólfinu í smiðjunni var líklega notaður við járnsmíðar og jafnvel einnig við að sviða svið.

Tvö haglaskot, eða hlutar þeirra fundust í áfokslögum í skemmu og búri og var annað af þýskri gerð og hitt bandarískrar gerðar. Í skemmunni var tegundin *Nurnberg 12 g* (Fnr. 2), en í búrinu var gerðin *DAR Arms 12 g*. (Fnr. 5). Hugsanlega eru þetta ummerki eftir skotveiðimenn sem höfðust við í rústum bæjarins eftir að hann var yfirgefinn með kaffi og jógúrt í farteskinu.

Einn meintur lás fannst á bænum og auðvitað var hann í skemmunni, þar sem amboð og verkfæri voru geymd og líklega annað sem talið var vera fémætt eða mikilvægt fyrir búreksturinn.

Steinkolin sem fundust í smiðjunni, eldhúsinu og kryddjurtagarðinum hafa verið mikil búbót þegar þau tóku að berast til landsins á seinni hluta 19. aldar. Einkum hafa þau verið notuð í smiðjunni og eldhúsinu, en þau fundust líka í göngum, fjósi, hesthúsi og *Lambhúsinu*. Í kryddjurtagarðinn hafa þau líklega verið borin til að auka afköst hans en í önnur rými hafa þau borist með umferð fólksins. Einnig er líklegt að aska úr smiðjunni hafi verið nýtt til áburðar. Eins og komið hefur fram eru líkur til þess að í stofunni hafi verið kamína, en þar fundust engin steinkol og skýringin sennilega sú að gólf stofunnar hefur verið úr timbri og það er auðveldara að sópa það en moldargólf í hinum rýmum. Einnig kemur til greina að steinolia hafi verið notuð til upphitunar í stofunni. Auk steinkolanna voru viðarkol og tað notuð sem eldsneyti, en bæði tað og viðarkol voru í eldhúsinu og kolin voru nær als staðar í gólfum húsa.

Út frá hlóðunum í eldhúsinu var rás (loftstokkur) sem lá stuttan spöl inn í göngin. Var halli á rásinni niður að hlóðunum. Líklega hefur rásin þjónað sem loftrás til að fóðra eldinn í hlóðunum og þannig myndaðist sog að hlóðunum og reykurinn og hitinn steig upp í rjáfrin sem myndaði sog í rásinni. Líklega hefur verið strompur á eldhúsinu. Ekki er þó alveg hægt að útiloka að rásin hafi einnig virkað sem upphitunarbúnaður þegar eldurinn var kulnaður í hlóðunum og heitt loft leitaði upp rásina og inn í göngin. Þannig er hugsanlegt að heitt loftið í göngunum hafi haldið köldu lofti utandyra að einhverju leyti.

Í stað túngarða um tún Skarðssels hafa gaddavírsgirðingar líklega verið fyrir túnnum, en þær tóku að berast til landsins rétt fyrir 1900 og höfðu gríðarleg áhrif á líf fólks, en túngarðagerð og viðhald á þeim tók



Súpudiskur úr postulíni af þýskri gerð. Annar helmingur fannst í búrinu og hinn í stofunni. (Fnr. 5 og 6. Ljós. BFE 2017).




Bolli úr postulíni sem fannst í göngunum. (Fnr. 23. Ljós. BFE 2017).



Diskur úr kaffistelli sem fannst í búrinu (Fnr. 5. Ljós. BFE 2017).



Gleraugu sem fundust í stofunni (Fnr. 6. Ljós. BFE 2017).



Fjöldi glerbrota í einstökum rýmum/rústum í Skarðsseli.

mikinn tíma og var erfið vinna líkamlega. Einkaleyfi á gaddavír var fyrst gefið út árið 1874 í Bandaríkjunum (Matthildur Sigurjónsdóttir 2005:2). Í Evrópu hófst framleiðsla á gaddavír árið 1890 og fimm árum síðar í Danmörku. (Árni Jónsson 1951:7). Talið er að innflutningur á gaddavír hafi líklega hafist á árunum 1895 – 1900 (Gísli Gunnarsson 2000) og hann náð gríðarlegri útbreiðslu smám saman um land allt. Þó voru bændur ekki allir hrifnir af þessari nýjung og töldu henni flest allt til foráttu, einkum að hann væri skaðlegur mönnum og skepnum og myndi „holrífa og pína búpening landsmanna á hinn hroðalegasta hátt.“ (Árni Jónsson 1951:7). Einnig þótt hann of dýr og jafnvel að hann takmarkaði atvinnumöguleika verkamanna.

Árið 1881 strandaði við Hafnir á Reykjanesi eitt af stærstu seglskipum á sinni tíð sem þá sigldi um heimshöfin (Sigurður Sívertsen 1953:174-78). Skipið hafði rekið mannlaust í nokkra mánuði um Atlantshafið og í lestum skipsins voru kynstrin öll af rauðvið, en einnig vír (gaddavír). Áfangastaður skipsins var Bretland og farminn átti að nýta í járnbrautateina þar í landi. Í frásögn sjónarvottar segir m.a. svo:

Eins og gefur að skilja voru kynstrin öll af köðlum og vír, sem fylgdu þessu skipi. Höfuðbönd mastranna voru úr bikuðum tjöruhampi en nálega öll önnur bönd úr vír. Faðir minn keypti allan þennan „vant“, og seldi hann aftur í flesta hreppa Gullbringusýslu innan Skaga, kaðalinn í stjórfaðri og netateina, en vírinn í túngirðingar. Aðallega voru það Vatnsleysustrandarmenn, sem keyptu vírinn í girðingar, og voru það áreiðanlega fyrstu vírgirðingar í Gullbringusýslu. Ef til vill fyrstu vírgirðingar á landinu. Landbúnaðurinn á Íslandi var þá ekki kominn lengra áleiðis en það! (Ólafur Ketilsson 1936:347).

Mjög líklega er hér átt við gaddavír, en heitið gaddavír hefur varla verið til þegar þetta gerðist. Útflutningur á hinni bandarísku uppfinningu hefur sennilega verið einhver til Evrópu áður en þeir fóru sjálfir að framleiða vírinn árið 1890 eins og áður sagði.

Á Hornbrekku (Ágústa Edwald [2009]) fannst svipaður fjöldi gripa og í Skarðsseli þó ónákvæmni sé í samanburðinum eins og fram kemur í skýringum við samtölu gripa. Gripaflóran er um margt lík, en þó virðist minna vera af járnri á Hornbrekku. Á báðum stöðum fannst rúðugler, flöskugler, leifar af skoðhyllkjum, leður, korkur, pappír (tjörupappír á Hornbrekku), plast o.s.frv. Steinkola er þó ekki getið frá Hornbrekku, en þar fannst hins vegar fjaðurpenni, krítarpípubrot og sakka sem ekki fundust í Skarðsseli. Pípumunnstykkið í Skarðsseli var mun nýttiskulegra en það sem fannst á Hornbrekku.

Fjöldi gripa eftir flokkum í einstökum rýmum/rústum

RÝMI/ RÚST	KÁLG	STOFA	BÚR	ELDHÚS	SKEMMA	HLAÐA	FJÓS	SMÍÐJA	GÖNG	KRYDDJ	HESTHÚS	HESTAG	ELDIV	VEIÐAF	LAMBHÚS	GERÐI	PRH.
Járn	71	484	79	818	941	1675	802	5050	1828	76	297		338	582	424		
Steinn								2592	4800								
Bein	1	1022	107	665	84	107	107	5	157	220	12		11	9			
Rúðugler	1	58	16	74	443	92	373	642	268					497	123		
Annað gler		14		234					576							130	
Steinkol				239	73		11	1251		90							
Leirtau	14	290	428	594		2	36		142	52			17				
Brýni		40	75	42	28	35			138								
Leður		103						38									
Viður		10					25						14				
Annað			30	2				233	31								
Flokkar	4	8	6	8	5	5	6	7	8	4	2		4	3	3		

Tafla yfir gripaflokka í einstökum rýmum/rústum í Skarðsseli.

Rúðugler fannst í öllum rýmum Skarðsselsbæjarins, en þó mjög fá í hlöðunni, og einnig fannst það í veiðafærageymslunni og *Lambhúsinu*. Í *Lambhúsinu* fundust einnig heimatilbúin ljósfæri úr glerflösku sem í hafði verið settur kveikur og utan um stútin var járnvír vafinn til að hægt væri að festa ljósfærið í vegg á milli steina, eða stinga því í torfvegg. Þessi umbúnaður sýnir talsvert hygguvit, en fólk kunni að bjarga sér alla tíð. Í Sarpi er til frásögn um hvernig hægt var að gera ljósfæri úr glasi eða blekbyttu. „*Kolur og seinna olútíkur sem voru þannig gerðar að blikkpípu var stungið í gegnum tappa, síðan var látinn kveikur í gegnum pípu og tappanum stungið í glas, oft tóma blekbyttu, sem var fyllt með olíu. Síðan var smíðuð umgjörð úr tré um glasið og á einni hliðinni var hæll, sem var hægt að stinga inn í torfvegg hvar sem var.*“ (Sarpur 191/1960-2). Lampinn frá Skarðsseli er ein útgáfan af þessari endurnýtingu á glerilátum af ýmsu tagi.

Glerrúður tóku að dreifast um sveitirnar upp úr 1880 og hefur haft í för með sér að birta átti greiðari leið inn í rýmin. Af tæknilegum ástæðum fóru menn að byggja timburpíl á rýmin vegna þess að erfitt var að setja timburglugga með gleri í torfið svo að vel væri. Það hafði hins vegar í för með sér að einangrun bæjanna versnaði en það var fórnarkostnaðurinn til að fá birtuna inn. Aðgengi að steinkolum og olíu hafa að einhverju leyti vegið þetta hitatap upp.

Eitt mikilvægasta amboðið til sveita voru ljáirnar og sumir telja að tilkoma skosku ljáanna (Torfaljáanna) upp úr 1867 hafi verið ein mesta framförin í íslenskum búskaparháttum (Bjarni Guðmundsson 2015:67). Í Skarðsseli fundust tveir slíkir í göngum bæjarins. Þeir voru svokallaðir bakkaljáir og hugsanlega skoskir eða enskir að uppruna og þá er átt við sjálfan ljáinn án bakka. Líklega eru þeir frá seinustu árum búsetunnar í Skarðsseli og á þeim árum voru skosku og ensku ljáirnar á útleið („... í mörg ár hefur verið hin mesta neyð að verða að nota ensku ljáblöðin.“) og norskir einjársljáir (stundum kallaðir Eylands-ljáir, bakki og ljáblað smíðað saman einkum af Brusletto verksmiðjunni) að taka við upp úr 1923 (Sami 2015:98-99). Reyndar voru bændur sífellt að þrátta um gæði



Loftmynd af öllu bæjarstæði Skarðssels og rannsakaðar rústir, auk prufuhola merktar með X. (Ljósm. BFE 2016).

allra tegunda sem til landsins komu og sitt sýndist hverjum. Einn sagði; „... að þessi skítur hefði aldrei til landsins komið...“ og átti þar við norsku Eylands-ljáina. (Sami 2015:100). Þessir ljáir urðu þó almannaeign á fjórða áratug síðustu aldar.

Bakkarnir á skosku og ensku ljáina voru iðulega smíðaðir á Íslandi af bændunum sjálfum og það hefur nær örugglega verið gert í smiðjunni í Skarðsseli. Þar hafa líklega einnig verið smíðaðar skeifur og annað sem til þurfti og smiðurinn réði við að smíða. Í hinni meintu veiðafærageymslu, rúst 2:6, fannst líkleg fjöður úr fjaðrabúnaði farartækis. Varla hefur það verið vélknúið ökutæki og kemur hestakerra einna helst til greina. Þó er ekki víst að fólkið á bænum hafi haft slíkt farartæki, heldur getur fjöðrin hafa verið hráefni fyrir smiðinn til að smíða úr. Einnig fannst mjög þykkt járnstykki (rúmlega 1,2 sm) í smiðjunni sem getum hefur verið leitt að, að kunni að vera úr skipi sem strandað hefur einhvers staðar við ströndina í sýslunni. Einnig getur það hafa verið hráefni til smíða. Slík strönd kölluðust góð strönd í merkingunni að þeim fylgdi alls kyns góss og hráefni sem bændur nýttu sér til smíða eða annars sem henta þótti.

Gripaflóra Skarðssels endurspeglar líklega helst seinustu ár búsetunnar á staðnum, á meðan húsagerðin endurspeglar trúlega allan búsetutímann.

Bæirnir tveir Skarðssel og Hornbrekka eiga það sammerkt að vera báðir kotbýli sem voru á fullri ferð inn í nútímann þar sem yfirgnæfandi hluti gripa voru innfluttir þó að húsakynnin sjálf hafi verið hefðbundin og rætur þeirra náð langt aftur í aldir. Hornbrekka var kyrr á sínum stað, en Skarðssel ekki. Hornbrekka var lögbýli



Flaskan sem fannst í Lambhúsinu og breytt hafði verið í ljósfæri. Inni í flöskunni grillir í kveikinn og vírin um hálsinn er til að stinga henni í torf eða á milli steina. (Fnr. 16. Ljósm. BFE 2016).




Munnstykki úr pípu sem fannst í göngunum. Sjá má að skorin hefur verið dæld fremst á munnstykkinu svo hún skorðaðist betur á milli tannanna hjá þeim sem reykti. (Fnr. 23. Ljósm. BFE 2017).



Ljáblöðin tvö sem fundust í göngunum. Í neðra ljáblaðinu eru hnoð víða eftir í götunum. (Fnr. 35. Ljósm. BFE 2017).

í útleigu og Skarðssel var hjáleiga. Árið 1709 var jarðardýrleiki Hornbrekku 10 hundruð, landsskuld Lx álnir og þar voru ein kýr og ein kvíga mylk, sex ær, sex lömb og einn hestur. (Jarðabók 1930:259). Í Seli (forveri Gamla-Sels og Skarðssels) var jarðarmatið 5 hundruð, landskuldin Lxx álnir og þar voru m.a. fimm kýr, ein kvíga, 60 ær, 37 lömb og fjórir hestar. (Jarðabók 1913-17:292-93). Í báðum tilvikum var talið að tún gætu fóðrar tvær kýr sem bendir til þess að túnin hafi verið svipuð að stærð. Þetta þýðir líklega að Sel hafi haft betri aðgengi að fóðri á engjum, en sérstaklega er tekið fram að Hornbrekka hafi ekki haft neinar engjar. Að öðru leyti hefur lífið á bæjunum tveim verið svipað í fábreytileikanum og baslinu og báðir leggjast af árið 1934.

Líklega er hægt að líta á Skarðssel sem nýbýli árið 1894 vegna þess að um nýtt fólk var að ræða á nýjum stað þó áfram hafi það verið í landi Skarðs. Hornbrekka átti sér samfellda sögu allavega frá byrjun 18. aldar, en ekki Skarðssel hvað staðsetninguna varðar og bæði kotin skiptu nokkuð oft um ábúendur eins og títt var á meðal kotbænda. Sama ár og Skarðssel var byggt var sett á bann við byggingu torfbæja í Reykjavík (Þórunn Valdimarsdóttir 1986), en slíkt bann virðist ekki hafa verið sett á byggingu torfhúsa á landsbyggðinni, en þau hurfu smám saman þegar ný og betri byggingarefni urðu aðgengileg og miklar deilur höfðu geisad um gæði torfbæjanna þar sem sitt sýndist hverjum þó frekar hafi hallað á torfbæina. Prófessor Guðmundur Hannesson læknir skrifaði t.d. svo um húsakynninn íslensku og átti þar við torfbæi: „Víðast eru þau svo ill og ófullkomin, að þau eru svartasti bletturinn á allri menningu vorri.“ (1924:2). Og Guðmundur telur að húsakynninn séu aðeins boðleg skrælingjum og afleiðingar búsetu í þeim séu; „Hóstandi náfölar tæringar-beinagrindur, hálsdigur kirtlaveik börn með endalausum útbrotum og augnasjúkdómum, börn með bakið kengbogið af tæring í hryggnum ... börn sem fæðast með einn arf og hann armlegan - kynsjúkdóm; fullorðnir menn með máttlausu báða fætur.“ (1899:57). Þó voru aðrir sem tóku til varna torfbæjunum og sögðu: „Svo er eitt ótalið enn, að íslensku bæirnir taka öðrum byggingum stórkostlega mikið fram að ytri fegurð. ... Lélegri mannahíbyli munu tæplega finnast hér á landi en kjallaraholurnar hér. Lélegustu torfbæir eru hundrað sinnum betri.“ (Morgunblaðið 21. apríl 1920). Helsta vandamál torfbæjanna var kuldi og raki og það hafði ekkert að gera með byggingarefnin sjálf, heldur var sökudólgurinn hinn viðvarandi skortur á eldivið til að hita upp húsin. Lítil hiti þýddi hátt rakastig og það gildir fyrir allar húsagerðir á Íslandi.



Hornbrekka á Höfðaströnd. Líklega hefur verið gengið inn í einstök rými til beggja handa úr göngunum eins og á Geitafelli. (Agústa Edwald [2009]:29).

Bær	Stofa	Búr	Eldhús	Skemma	Hlaða	Fjós	Göng	Smiðja	Aldur
Skarðssel	9,18	7,23	9,00	8,424	18,1712	7,7322	10	4,37	1894-1934
Stöng	34,4	17,15 og 12,5	-	-	>26,4	>50,4	-	26,95	>1200
Pórarinsstaðir	20,31	11,79	-	5,26 (kofi)	13,23	23,48	-	-	11. - 13. öld
Gröf	19,04	16,23	20,7	-	45,99	31,21	10,44	-	1362
Bær	11,01	2,64 og 5,61	6,21	-	18	23,09	10,07	-	1362
Reyðarfell	14,04		um 12,8	14,56			14,7		14.-15. öld
Kúabót	27,69	24,32	21	26,8	-	-	10,62	-	15. öld
Forna-Lá	16,5	-	10,5	-	3,24	10,5	-	-	1550-1650
Búðarárbakki	9-10	-	-	-	-	-	-	-	1665-1675
Sandártunga	5,25	8	7	-	-	-	>3,5	-	1693
Hornbrekka	19	5,6	10,6	7,5	21	9,6	3,5	-	1700-1934

Stærðir einstakra rýma á ýmsum bæjum sem rannsakaðir hafa verið. Í sumum tilfellum eru heiti á rýmum á skjön við túlkun rannsakenda, en það á við Reyðarfell og Sandártungu. Rými sem hér er kallað eldhús á Reyðarfalli er kallað baðstofa hjá rannsakanda. Skilgreining á rýmum í Sandártungu er samkvæmt höfund, en nokkur munur er á skilgreiningu rannsakenda og höfundar eins og kemur fram í viðeigandi köflum um einstök rými í Skarðsseli. Eldhúsið á Hornbrekku var notað sem skemma frá öðrum bæ eftir að búskapur var aflagður á bænum.

Sex árum eftir að Skarðssel var byggt, eða árið 1900, bjuggu um 80% landsmanna í dreifbýli, en sex árum eftir að Skarðssel lagðist af, eða árið 1940 bjuggu aðeins 35% landsmanna í dreifbýli (Helgi Skúli Kjartansson 2010:188). Tími búsetunnar í Skarðsseli var því á miklum umbrotatímum í landinu þar sem fólk leitaði gæfunnar í sívaxandi þéttbýli í landinu öllu. Þeir sem eftir voru í sveitunum tóku að selja vörur sínar til þéttbýlisins og þeir sem lengst voru frá t.d. kaupstaðnum seldu kjöt, smjör og garðavexti, en þó þurft að treysta á erlenda markaði sökum þess hve lítill og máttvana sá íslenski var. Einkum var það smjör og léttsaltað dillakjöt og í kjölfarið voru stofnuð rjóma- og sláturhús víða á landinu. (Helgi Skúli Kjartansson 2010:46-47). Rjóma- og sláturhús voru stofnað upp úr aldamótunum 1900 í Brúarlundi sem síðar varð samkomuhús Landmanna. (Sunnlenskar byggðir 1987:128). Sláturhúsin fylgdu svo í kjölfarið. Fólkið í Skarðsseli hélt þó ferðalaginu inn í nútímann ekki áfram á bænum, heldur kaus að gera það annars staðar og hið sama gerði fólkið á Hornbrekku.

Ein mesta byltingin sem átti sér stað í Skarðsseli er líklegast tilkoma gaddavírsins, en þá slapp fólk við hina erfiðu og tímafreku túngarðsgerð og notuðu í staðinn gaddavírsgirðingar sem hefur sparað mikinn tíma, en túngarðshleðsla og sífelld viðhald á þeim var tímafrek iðja og afar erfið. Ekki bætti úr skák að almennt séð fækkaði heimilisfólki á bæjum á Íslandi á þessum tíma og því færri hendur til að vinna verkin. (Gísli Ágúst Gunnlaugsson 1988).

Ef reiknuð er samanlögð stærð húbýla í Skarðsseli (stofa, búr, eldhús, skemma og göng) þá er það ekki stærra en tæpir 44 m². Sambærilegar stærðir fyrir Hornbrekku eru rúm 46 m². Fornu-Lá var tæpir 36 m² og Sandártunga rúm 36 m². Eins og komið hefur fram voru þetta sumpart hjáleigur og sumpart lögbýli. Bær í Örafum var að líkum einnig hjáleiga á 14. öld, en þar eru húbýlin rúm 71 m² sem bendir til ákveðinnar velsældar og gripir sýna það einnig. Á lögbýlinu

Gröf í sömu sveit á sama tíma voru híbýlin rúmir 120 m². Þessar stærðir kotbýlanna eru talsvert mikið minni en á ríkari bæjum eins og Gröf og Kúabót þar sem stærðin var tæplega 204 m².

Gerð hefur verið úttekt á stærðum íbúðarhúsnæðis býla í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu (nú Rangárþingi eystra) fyrir árin 1830 – 1920 (Orri Vésteinsson 2008). Þar eru lagðar til grundvallar stærðum híbýlanna eldhús, baðstofa og búr, en önnur rými ekki talin með. Stærð 83% býlanna voru á bilinu 11 – 25 m². (Sami 2008:205). Samkvæmt þessum forsendum var Skarðssel 25,41 m². Jarðir í Hvolhreppi sem metnar voru á 5 – 10 hundruð voru á bilinu 8 – 15 m², en jarðir sem voru metnar á bilinu 10 – 20 hundruð voru 15 – 25 m². 30 hundraða jarðir og stærri höfðu húsnæði sem var á bilinu 20 – 45 m². Í þessum samanburði kemur Skarðssel þokkalega út. Bent hefur verið á að lítil rými hafi þótt eðlileg á þessum tíma, „... að fram yfir aldamótin 1900 hafi íslensk sveitaalþýða almennt ekki haft væntingar um, eða séð neitt sérstaklega eftirsóknarvert við, að íbúðarhúsnæði yrði stærra en það sem þá hafði tíðkast um árabí.“ (Orri Vésteinsson 2008:211). Það er varasamt að leggja gildismat nútímans á líf fólks í hinu íslenska bændasamfélagi þar sem aðrar kröfur voru gerðar hvað húsakynni varðar.

Eins og fram kemur í kaflanum *Sögubrot* þá reið yfir snarpur jarðskjálfti árið 1896 sem eyðilagði húsin í Skarðsseli, en þau voru strax byggð upp aftur. Styrkur skjálftans hefur verið talinn 6,5 – 6,9 á Richter. Engin ummerki sást í húsunum sem báru þess merki að vera afleiðing af jarðskjálfta. Hins vegar sást í nokkrum sniðum (prufuholunni í stofunni og prufuholum á bæjarstæðinu) að jörð hafði rifnað einhvern tíma nálægt upphafi búsetunnar í Skarðsseli, eða skömmu áður en efsta svarta gjóskulagið sem sást í sniði prufuholu á bæjarstæðinu, féll. Ekki er útilokað að gjóskan sé frá Ösku 1875, Heklu 1878 eða Grímsvötnum 1892. Ekki er heldur hægt að útiloka gjóskuna úr Kötlu 1918. Nær komumst við ekki í tíma. Líklega hefur bærinn verið byggður í nákvæmlega sömu mynd og hann var upphaflega byggður tveimur árum á undan, enda allt byggingarefni á staðnum sem nota mátti aftur og grunnformið hefur haldist þrátt fyrir jarðskjálftann.

Í Hvolhreppi urðu áhrif skjálftans til að mynda nokkur, en þar töldust 33 hús gjörfallin og 67 hús mikið skemmd. Þrátt fyrir að bændur hafi fengið bætur til að byggja upp hús sín, voru þær ekki nýttar til að stækka bæina. (Orri Vésteinsson 2008:210). Fólk byggði áfram eins og hefðin bauð því og nýtti bæturnar til annars.

Í endurminningum Finnboga Höskuldssonar segir um endurbyggingu Skarðssels eftir jarðskjálftana 1896: „En til úrbóta var brugðist drengilega við, fyrst með vinnukræfti, sem sendur var frá Skaptfellingum, því að þeir sluppu í




Einn fallinn bær á Suðurlandi. (Sótt á Jarðfræðivegurinn, www1.mms.is þann 14. mars 2017).

það skiptið við tjón af slíkum umbrotum, og einnig með peningasamskotum, sem safnast mun hafa utan og innanlands og skipt var eftir mati á tjóni því, sem hver bóndi varð fyrir. Með þessum tilstyrk voru flestir bæir endurreistir. Þar á meðal bærinn í Skarðsseli.“ (1944/45:13).


Hús eru eins og minnislyklar sem geyma táknræna merkingu sem fólkið upplifir. „Þessar hugmyndir hjálpa síðan til við að viðhalda félagsgerðinni vegna nálægðar þeirra í hlutgerðu formi í daglegu lífi fólks.“ (Anna Lía Rúnarsdóttir 2007:7).

Stundum er sagt að torfbæirnir gömlu hafi verið innhverfir vegna þess að þeir féllu vel inn í landslagið og voru eins og grasi grónir hólur úr fjarlægð og sólarljósið komst trauðla inn í gegnum skjáina. Eins var samfélagið býsna innhverft og lokað. Það tók ekki inn nýjar hugmyndir svo glatt bæði vegna rótgróinnar íhaldsemi og stöðnunar og einnig vegna þess að nýjar hugmyndir áttu ekki greiða leið inn í samfélagið. Svo þegar samfélagið allt fór að opnast og komast í nánari tengsl við umheiminn áttu nýjar hugmyndir auðveldari leið inn í samfélagið og torfbæirnir tóku að snúa sér meira að veröldinni og verða opnari eins og samfélagið sjálft. Þeir bókstaflega sneru sér að heiminum með íburðameiri burstum og bæjardyrum sem sendu ákveðin skilaboð út í alheiminn.

Gerð bæjarins í Skarðsseli gæti talist vera afbriggð af gangabæjargerð og burstabæ, en hin hefðbundna gangabæjargerð hefur göng inn af bæjardyrum með dyr á báðar hendur inn í hin ýmsu rými bæjarins og rými við enda ganganna, eitt eða tvö. Svo er þó ekki í Skarðsseli, þar voru aðeins dyr á vinstri hönd, en aldrei á þá hægri. Höfundur þekkir aðeins einn bæ með þessu fyrirkomulagi, en það er Mosfell í Grímsnesi, en bærinn var lengstum með hefðbundnu gangabæjarlagi, en á árunum 1800 – 1806 hafði bænum verið gjörbylt og nú voru rými aðeins á hægri hönd og með eldhúsi og búi við enda ganganna. Engin rými voru á vinstri hönd, engin skemma áföst og ekki heldur hlaða, fjós eða smiðja. Rýmin voru aðeins baðstofa, bæjardyr og göng auk þeirra



Mosfell í Grímsnesi árið 1806. 1 bæjardyr, 2 göng, 3 eldhús, 4 búr, og 5 baðstofa. (Hörður Ágústsson 1987:281).




Laufás í Eyjafirði á 20. öld. 1 bæjardyr, 2 stofa tvískipt, 3 skáli (þá notaður sem skemma), 4 dúnhús með kjallara, 5 skemma, 6 eldhús með þrískiptum hlóðum, 7 brúðarhús, 8 búr með mjólkurhúsi inn af, 9 litlastofa, 10 baðstofa á porti og 11 smiðja. (Hörður Ágústsson 1987:273).

tveggja sem áður er getið. Lítil vafi er á því að fleiri hafa býlin verið með þessu fyrirkomulagi.


Stundum hefur bæjarhúsagerðum verið skipt í tvær gerðir, þá norðlensku og þá sunnlensku. (Hörður Ágústsson 1987). Sú norðlenska var línulaga með mörgum húsum fram á hlaðið og með eitt eða tvö hús við enda ganganna, en sú sunnlenska hafði færri hús í línu fremst á hlaðinu og fleiri að húsabaki út frá göngunum. Þessi skipting er þó alls ekki einhlít og undantekningarnar fjölmargar og dæmi um hana er t.d. Geitafell í S-Þingeyjarsýslu. Gott dæmi um norðlensku gerðina er Laufás í Eyjafirði (Sami 1987:264-75) og dæmi um þá sunnlensku er Fossnes í Gnúpverjahreppi (Bruun 1897:139). Þetta eru hvorutveggja þokkaleg lögbýli, en hjáleigur og kot fóru oft sínar eigin leiðir þó þær hafi um margt reynt að fylgja tiskunni í þessum efnum.

Í Skarðsseli hafa þrjár burstir snúið út á hlaðið, á bæjardyrnum, skemmuni og hlöðunni og allar hafa þær haft glerglugga. Líklega hefur timburbjór (timburgafl upp af vegg) verið á stofunni mót kálgarðinum og á honum lítill glergluggi. Einnig er hugsanlegt að smiðjan hafi haft burstir á báðum göflum, en þar fannst næst mest af rúðugleri af öllum rýmum eða rústum bæjarins. Fjósið hafði einnig talsvert af gleri og gæti því einnig hafa haft timburbjór fram á hlaðið. Ekki var kannað hvort sérstakt bæjardyrhús kunni að hafa verið framan við göngin eins og virðist hafa verið á allflestum bæjum í Hvolhreppi á 19. – 20. öld. (Orri Vésteinsson 2008:209). Það er alls ekki hægt að útiloka að svo hafi verið í Skarðsseli. Heil 70% gangna í Hvolhreppi voru 0,94 m breið og 20% þeirra voru 0,78 m breið. Aðalgöngin í Skarðsseli voru 1,20 m breið og því er hugsanlegt að ekki hafi verið not fyrir sérstakar bæjarhúsadyr sem voru breiðari en göngin sjálf eins og títt var með slík rými í Hvolhreppi. Breiðustu göngin þar voru 1,26 m. (Sami 2008:209. Morgunblaðið, 21. apríl 1920:1.)

Til er skrá yfir bústofn bæja í Landmannahreppi árin 1913 – 1936 sem gerð var sem undirstaða fyrir skattlagningu bænda (Skýrslubók fyrir hreppst.(a og b)). Í töflu hér að neðan má sjá stærð bústofnsins í Skarðsseli frá 1913 allt til þess að bærinn var lagður af árið 1934, en upplýsingar um fyrri ár virðast ekki vera til



Geitafell í S-Þingeyjarsýslu árið 1896. Dæmigerður gangabær frá lokum 19. aldar. Þarna er gengið inn í rými til beggja handa úr göngum sem enda við baðstofuna. Þetta líkist norðlensku gerðinni. (Daniel Bruun 1897:111).



Fossnes í Gnúpverjahreppi. (Bruun 1897:139).


Ár	Býli	Nautgr.	Ær	Sauðir	Gemlingar	Hross	Hænsn	Hrútar	Tún.Dagsl./ha	Kálgarð	Taða	Útthy
1913	Skarfaness	3	120	90	90	8			3,5	200	50	200
	Skarð	7	160	190	130	17			15	264	100	600
	Skarðssel	1	34	8	28	3			1,5	135	20	130
1914	Skarfaness	4	100	86	70	10			3,5	200	75	340
	Skarð	7	160	200	120	14			15	260	150	700
	Skarðssel	3	35	12	24	6			1,5	130	20	130
1915	Skarfaness	5	100	100	58	9			3,5	200	60	250
	Skarð	8	150	230	80	15			15	260	150	590
	Skarðssel	2	35	22	20	5			1,5	130	30	70
1916	Skarfaness	2	102	80	60	5						
	Skarð	5	160	190	130	9						
	Skarðssel	1	33	17	20	5						
1917	Skarfaness	3	106	86	36	7						
	Skarð	5	180	200	100	10						
	Skarðssel	1	40	10	24	3						
1918	Skarfaness	3	108	86	66	8						
	Skarð	7	170	200	120	12						
	Skarðssel	1	40	15	28	6						
1919	Skarfaness	2	96	70	4	7						
	Skarð	4	120	152	20	8						
	Skarðssel	1	36	16	0	4						
1920	Skarfaness	2	84	56	50	6						
	Skarð	4	105	117	36	7						
	Skarðssel	1	33	12	15	5						
1921												
1922	Skarfaness	4	110	60	60	11	5	2	3,5	662	54	280
	Skarð	7	140	125	90	8	6	3	9,1	1296	100	400
	Skarðssel	2	38	14	22	3	(6)	1	-	200	25	80
1923	Skarfaness	6	105	80	70	11	4	2	3,5	662	87	225
	Skarð	8	140	136	110	8	10	2	9,1	1296	160	540
	Skarðssel	2	34	15	16	4		1	-	200	30	120
1924	Skarfaness	6	120	80	60	8	4	2	-	662	40	230
	Skarð	8	150	158	110	8	8	2	-	1296	100	400
	Skarðssel	2	39	16	26	4		1	-	200	20	110
1925	Skarfaness	4	120	80	6	8	4	2	-	869	100	380
	Skarð	7	150	194	80	8	10	2	-	1296	180	800
	Skarðssel	2	40	15	12	5		1	-	200	40	157
1926	Skarfaness	6	100	48	68	9	5	2	-	869	120	880
	Skarð	8	150	181	98	10	8	2	-	1296	200	800
	Skarðssel	2	40	12	20	5		2	-	200	40	110
1927	Skarfaness	8	105	45	54	11	4	2	-	869	110	400
	Skarð	8	160	186	90	10	6	3	-	1296	100	500
	Skarðssel	2	40	14	25	4	3	1	-	200	25	120
1928	Skarfaness	6	94	40	60	10	4	2	-	869	100	325
	Skarð	9	164	194	112	10	6	3	-	1296	120	300
	Skarðssel	2	38	18	17	4	3	1	-	200	28	75
1929	Skarfaness	6	120	45	48	9	9	2	-	869	120	360
	Skarð	8	170	185	79	8	5	3	-	1296	180	400
	Skarðssel	2	39	19	9	4	5	1	-	200	40	110
1930	Skarfaness	6	125	40	64	9	8	3	-	869	100	280
	Skarð	4	60	184	100	8	4	3	-	432	60	200
	Skarð II	6	156	2	10	12		2	-	864	90	220
	Skarðssel	2	38	16	22	6	4	2	-	200	47	100
1931	Skarfaness	5	125	40	50	9	10	3	-	869	90	300
	Skarð	2	66	184	31	5	2	1	-	432	60	200
	Skarð II	6	100		28	13	3	2	-	864	87	240
	Skarðssel	2	41	12	11	4	5	2	-	200	40	110
1932	Skarfaness	5	140	40	50	9	12	3	-	869	160	260
	Skarð	2	78	114	4	9		1	-	432	80	280
	Skarð II	5	100	4	30	9	4	2	-	864	100	400
	Skarðssel	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1933	Skarfaness	4	140	40	60	9	8	2	-	869	180	300
	Skarð	2	64	98	32	5		1	-	432	100	200
	Skarð II	5	112	5	50	11	4	2	-	864	150	350
	Skarðssel	2	32		14	3		2	-	200	65	135
1934	Skarfaness	5	130	46	44	8	8	3	-	869	150	400
	Skarð	3	71	60	39	6	6	1	-	432	100	350
	Skarð II	5	120	17	50	13	4	3	-	864	150	480
	Skarðssel	2	40		19	5		1	-	200	80	-

Tafla yfir búfænað Skarfaness, Skarðs/Skarðs II og Skarðssels árin 1913 –1934. (Skýrslubók (b)). Árin 1916 – 1921 eru aðeins til tölur í *Skýrslu um framtal til lausafjártúndar á vor- og hausthreppaskilum* (Skýrslubók (a)). Stundum eru dálítill frávik í þessum tveim skýrslum. Frá árinu 1922 er stærð túna gefin upp í hektörum (ha).

nema á stöku stað. (Skýrslubók (b)). Til samanburðar er stærð bústofns í Skarfanesi og Skarði einnig gefinn upp.

Sex árum eftir að búskapur hófst í Skarðsseli voru þar ein kýr, 16 ær og tvö hross (Finnbogi Höskuldsson 1944/45:8).

Í *Fasteignabók* frá 1932 segir að sjálfsábúð sé í Skarðsseli, þar sé venjulegt torfhús, túnstærðin 2 ha¹⁷, taða 30 hestar, úthey 100 hestar, matjurtagarðar 200 m² og afrakstur þeirra 5 tonn. Túngirðing var um tún og á engjum var girðing, hlaðan geymdi 1,4 hundruð hesta. Á bænum voru ein kýr, 60 sauðfé og þrjú hross. Landverð bæjarins var sex hundruð (Sel og Gamla Sel höfðu verið fimm hundruð), en húsverðið var fjögur hundruð sem bendir til þess að hús hafi þá verið orðin lúin árið 1932. Til samanburðar var landsverð Skarðs 42 hundruð en húsverð 46 hundruð, enda var þar þá nýlegt timburhús með vatnsveitu. (*Fasteignabók* 1932:7). Í Skýrslubók hreppstjóra (b) eru engar upplýsingar um þetta tiltekna ár 1932 eins og sjá má í töflu og línuriti hér að neðan. Skýringin



Línurit yfir búfénað í Skarfanesi árin 1913 – 1934, en þar endurreisti Finnbogi Höskuldsson bú árið 1898, en hann var sonur hjónanna sem fyrst reistu bú í Skarðsseli 1894. Svipað er upp á teningnum hér og í Skarðsseli að nokkurt jafnvægi er í búskapnum þessi ár og varla hægt að merkja miklar breytingar eftir frostaveturinn mikla árið 1918, nema að gemlingum hefur fækkað mjög. Finnbogi segir þó í endurminningum sínum að hann hafi þurft að fækka fénaði sínum um þriðjung frá því sem vananlegt var (1944/45:18).

¹⁷ Einn hektari er einn kýrfóðursvöllur eða 3 dagssláttur (Sigurður Sigurðsson 1934:3).

kann að vera sú að þá brugðu þau Vilhjálmur Ólafsson og Margrét Þórðardóttir búi og síðasti ábúandi býlisins tók við, Samúel Jónsson. Við höfum þó Fasteignabókina til að brúa þetta ár.

Í *Fasteignabók* frá árinu 1921/22 kemur fram að Skarðssel var með lægsta landverð í hreppnum ásamt þrem öðrum kotum, en þá voru býlin talin vera 45 talsins. Sjö býli í sveitinni höfðu lægra landverð en 10 hundruð. Í Hvollhreppi höfðu þrír af 35 bæjum lægra landverð en 10 hundruð. (*Fasteignabók* 1921:230).

Af beinum sem fundust í Skarðsseli má ráða að þau húsdýr sem voru á staðnum og voru borðuð voru kýr, kindur og hestar. Fuglabeinin eru nær örugglega hæsnabein samanber *Skýrslu hreppstjóra* um ástand bústofns í Skarðsseli og víðar í sveitinni en þar er hæсна í Skarðsseli fyrst getið árið 1928, þrjár hænur, þó þau hafi fyrst verið nefnd árið 1919, en þá voru samtals 65 hænur í hreppnum. Að auki má bæta við fiskibeinum sem líklega eru laxabein. Hundur hefur örugglega verið á bænum þó engin slík bein hafi fundist.

Yfirleitt er talið að hænur hafi ekki verið á borðum Íslendinga fyrr en á miðri síðustu öld (Hallgerður Gísladóttir 2004:102) og hafi svo verið á það ekki við fólkið í Skarðsseli, það hefur örugglega lagt sér hæsnakjöt til munns.

„Allt fram um 1820 er talið að 90% af mat Íslendinga hafi verið úr dýraríkinu. ... árið 2002 er hlutfall fæðu úr dýraríkinu komið niður í 38%“ (Hallgerður Gísladóttir 2004:105). Inn í þessum tölum er allur mjólkurmatur einnig. Sú fæða sem ekki kom úr dýraríkinu og var safnað í landinu voru fjallagrös, rabbabari, melgresi, ber, söl, skarfakál þær helstu. Ólíklegt er að söl hafi verið aðgengilegt fyrir fólkið í Skarðsseli. Í kálgörðum fengust m.a. kartöflur, radísur og fl. rótarávéxtir og mjöl var nær allt innflutt, nema þar sem melgresistekja var möguleg eins og í Örafum.

Bústofninn í Skarðsseli var býsna stöðugur hvað fjöldann varðar. Ekki er að sjá að búfénaði hafi fækkað eftir frostaveturinn mikla árin 1917 – 18 og gosið í Kötlum 1918. Ær voru jafn margar sem áður, en sauðum var fjölgað úr 10 í 15, gemlingum úr 24 í 28 og hestum fjölgað um helming, úr þrem í sex. Árið 1919 hafði þó ám fækkað úr 40 í 36, sauðum fjölgað um einn og hrossum einnig um eitt. Gemlingar voru þá




Glerbytta (fyrir blek?) sem fannst í göngunum (Fnr. 23. Ljósm. BFE 2017).



Ístað sem fannst í fjósinu og gat verið heimasmiði. (Fnr. 1. Ljósm. BFE 2017).



Skeifa sem fannst í bæjardyrum Skarðssels. Hún gæti vel verið smíðuð á bænum eins og ístaðið. (Fnr. 27. Ljósm. BFE 2017).



Búfænaður í Skarðsseli árin 1913 – 1934. Línurítið sýnir að tiltölulega gott jafnvægi er í búskapnum þessi ár og t.d. vetrarhórkurnar 1918 og Kötlugos sama ár höfðu ekki umtalsverð áhrif á skepnur, nema hvað gemlingar voru engir árið á eftir og hrossum fækkaði úr fjórum í tvö.

engir. Hugsanlega voru þetta afleiðingar af frostavetrinum og gosinu þó síðar yrði. Svipuð þróun var í Skarfanesi og á Skarði.

Í endurminningum Finnboga Höskuldssonar, sem ólst upp að hluta í Skarðsseli og reisti svo bú í Skarfanesi árið 1898, eru sérstaklega nefnd fjögur vorharðindi sem ollu m.a. unglambadauða og síðbúnum „sauðgróðri“, en þau voru 1906, 1914, 1924 og 1934 (1944/45:18). Ekki sjást þessara harðindamerki í fjölda búpeningsins nema fyrir árið 1924, en þá fækkaði gemlingum úr 26 í 12 og sauðum úr 16 í 15. Annar bústofn jókst lítillega eða um eitt hross og eina ær.

Samkvæmt búfjárfjölda Skarðssels voru þrjú bestu árin 1918, 1924 og 1930.

Langflestar af þeim vörum sem leifar fundust af á bænum voru aðkeyptar sem þýðir að fólkið í Skarðsseli hafði vörur til að selja til að geta keypt. Varla hefur afraksturinn af sauðfé eða kúm verið svo mikill að hægt væri að kaupa allt sem þurfti. Þá koma nokkur atriði til; vinnumennska á öðrum bæjum, sjóróðarar, sérhæfð framleiðsla og Þjórsáin.

Vitað er að börn fyrstu ábúenda unnu á öðrum bæjum og voru heima við endrum og eins. Einnig er mögulegt að fólk hafi unnið tímabundið á stórbýlinu Skarði þegar mest var um að vera yfir hábjargræðistímann, enda var orðin nokkur fólksekla í sveitum landsins vegna atvinnumöguleika í þéttbýlunum á þessum tíma. Bændur fóru iðulega til sjóróðra um tíma til að drýgja tekurnar og margir þeirra fóru á Suðurnesinn í þeim erindum. Smiðjan í Skarðsseli var nokkuð stór og mikið járn fannst á bænum. Hugsanlega hefur bóndinn eða annar heimilismaður þótt liðtækur járnsmiður og smíðað amboð t.d. ljái, skeifur og verkfæri fyrir aðra í sveitinni og haft af því tekjur.

Þjórsá er meðal laxaríkustu áa landsins og þar hafa bændur veitt frá upphafi landnáms eins og sagan af landnámsmanninum Þorbirni laxakarli gæti verið vísbending um, en hann nam Þjórsárdal allan og bjó fyrstu þrjá veturna að Miðhúsum,

en flutti svo bú sitt í Haga þar sem hann bjó eftirleiðis. (Íslensk fornrit I. 1968:381). Hagi er í Árnessýslu, en sjónlína er á milli bæjanna. Annars eru ritaðar heimildir býsna þögular um veiði í ánni og er varla minnst á hana í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709. Þar er lítillega minnst á hlunnindi Hvamms vestan undir Skarðsfjalli skammt suður af Skarðsseli og segir þar: „*Silúngsveiði hefur fyrrum gagnleg verið í Hvammsvötnum við Nautavað á Þjórsá, nú hefur hún ekki brúkast um nokkur ár sökum fólksleiku og vegalengdar, þar til þótti veiðin fara í mínkun.*“ (Jarðabók 1913-17:296). Undarlegt er að nefna vegalengdina sem vandamál, hún hafði varla breyst frá örófi alda! Mörg býli áttu veiðréttindi í Veiðivötnum sem þau nýttu og þangað var verulega langt að fara. Slík réttindi áttu hjáleigubændur ekki.

Vegna þess hve Þjórsáin er mórauð voru notuð net. Hið meinta naust (rúst 2:9) er vísbending um að fólkið í Skarðsseli hafi haft bát til umráða. Útflutningar á niðursoðnum laxi var umtalsverður og líklega hefur fólkið í Skarðsseli haft tekjur af veiðinni. Engin laxabein fundust í bæjarhúsunum svo að öruggt sé (þó líklegt sé að einhver fiskibeinanna séu laxabein) og bendir það til þess að neysla á laxi hafi ekki verið ýkja mikil á bænum. Ekki fundust neindir gripir sem bentu til veiða í ánni, eina vísbendingin er hið meinta naust og steinn með gati sem fannst í smiðjunni. Hann gæti hafa verið vaðsteinn (Fnr. 15).

Vatnsleiðsla var lögð inn í fjósið sem sparað hefur mörg sporin niður að ánni til að sækja vatn fyrir utan þá vinnu sem fór í að grafa brunn sem sandurinn fyllti svo með jöfnu millibili, fólki og skepnum til óþurftar. Eins og fram kom í kaflanum um fjósið þá þurfa kýr nú á dögum um 100 L af vatni á dag og ef kýrnar voru þrjár þurfti því að bera 300 l á dag inn í fjósið bara fyrir kýrnar. Svo þurfti að brynna hestunum, kindunum og fólkinu.

Þegar Skarðssel var vel á veg með að nútímavæðast var búi brugði árið 1934. Tækifærin voru of góð annars staðar, landið of harðbýlt og húsakynninn ekki umbúin til þess að taka á móti nútímanum með sínu rafmagni, vatni og nýjum þörfum íbúanna. Þetta sumar kom einnig seint og illa og sauðgróður kom ekki fyrr en í byrjun júní, auk þess sem mikil ormaveiki reið yfir.



Ein tveggja glerflaskna sem fundust í Lambhúsinu (sjá einnig forsíðu). Báðar hafa hugsanlega geymt elxír af einhverju tagi eða meðul fyrir féð. (Fnr. 16. Ljós. BFE 2017).



Hnífurinn, eitt mikilvægasta húsgagn fólks á Íslandi frá örófi alda. Hann var í raun fjölnota verkfæri sem nota mátti til smíða, verkunar af ýmsu tagi og til matar. Stundum jafnvel í illum tilgangi. (Fnr. 23. Ljósm. BFE 2017).

Niðurstaða

Íslenskir torfbæir frá 19. öld og þó einkum torfbæir álmúgafólks eru ekki íkja frábrugðnir mun eldri bæjum hvað skipulag, byggingarefni og lífsafkomu varðar þó að gripaflóran hafi breyst og orðið nútímalegri og þar með fært aukin lífspægindi til handa fólkinu á bæjunum á mörgum sviðum. Því má læra margt af þessum ungu bæjum og þeir geta varpað ákveðnu ljósi á líf fólks fyrr á öldum. Í raun ættu allar leifar torfbæja að vera friðaðar enda eru þeir lokaskeiðið á löngu ferli sem hófst við landnám og endaði þegar nútíminn hafði endanlega komið til landsins og saga þessara bæja varð öll. Þeir áttu ekki lengur heima í því samfélagi sem óx fram á millistríðsárunum, þegar heimurinn minnkaði og hugmyndir og straumar áttu greiða leið inn í gamla samfélagið. Ný byggingarefni komu til sögunnar sem voru bæði endingabetri og þurftu minna viðhalds við.

Niðurstöður fornleifarannsóknanna á einstökum rýmum bæjarins koma nokkuð vel heim og saman við niðurstöður fræ- og skordýragreininga. Hvað varðar rústirnar í kring um bæinn er málið snúnara. Það eru einkum þrjár rústir sem erfitt er að staðfesta með þessum greiningum, en það eru rúst 2:2 sem kölluð er kryddjurtagarður, rúst 2:5 sem kölluð hefur verið eldiviðargeymsla og rúst 2:6 sem kölluð hefur verið veiðafærageymsla. Engin greininganna andmælir þó niðurstöðum fornleifarannsóknanna á þessum þremur rústum nema ef vera skyldi kryddjurtagarðurinn. Þar hefði átt að finnast fræ kryddjurtar nema að þar hafi verið settir niður laukar eða þvíumlíkt. Hin síðastnefnda gæti verið hrútakofi, en hrútur kom á bæinn árið 1922 og urðu svo tveir síðar meir. Engin önnur rúst kemur eins vel til greina sem hrútakofi og þessi rúst.

Þó greiningarnar kollvarpi ekki niðurstöðum fornleifarannsóknanna varpar ein skýrara ljósi á eitt rýmið á bænum, en það er skemman sem líklega hefur einnig þjónað sem búr. Að eitt og sama rými þjóni mismunandi tilgangi kemur ekki á óvart. Rými gátu þjónað ákveðnu hlutverki um tíma og svo öðru í annan tíma, eða mörgum hlutverkum samtímis. Skemma er dæmigert slíkt rými og til dæmis má nefna göngin, sem voru fyrst og fremst samgönguæð bæjarins sem tengdu saman einstök rými bæjarins, en þar voru einnig ýmis amboð geymd og klæði eftir atvikum.

Hin meinta veiðafærageymsla gæti hafa endað sem hrútakofi eins og áður sagði. Einnig er rúst 2:8, gerði og heystæði frekar óljós í niðurstöðum greininganna og

Rými	2:1:A	2:1:B	2:1:C	2:1:D	2:1:E	2:1:F	2:1:G	2:1:H	2:1:I	2:2	2:3	2:4	2:5	2:6	2:7	2:8
Fornl.	Kálg.	Stofa	Búr	Eldhús	Skemma	Hlaða	Fjós	Smiðja	Göng	Kryddjurtag.	Hesthús	Hestag.	Eldiviðarg.	Veioðafærag.	Lambhús	Gerði og heyst.
Fræ	+	+	?	+	?		+(Skepnur)	?		-	+(Skepnur)	?		?(skepnur?)	+(Skepnur)	?
Skordýr	+	+	+	?	+(Búr og skemma)		+	?		?	?	+	?	?	+	+

Samanburður á niðurstöðum fornleifarannsóknanna og fræ- og skordýragreininganna. + merkir að sýnið styðji við fornleifarannsóknirnar með beinum eða óbeinum hætti, – þýðir að greiningin styðji ekki fornleifarannsóknirnar, tómur reitur þýðir að sýni voru ekki greind og ? merkir að greiningin benti ekki til neins. Að öðru leiti er vísað til skýrslna sérfræðinga hér fyrir neðan.

svipaða sögu er að segja um rúst 2:4, sem talið er vera hestagerði. Greiningarnar benda til þess að skepnum hafi ekki verið gefið fóður í þessum rýmum.

Nánasta umhverfi bæjarins kemur vel fram í nær öllum sýnum eins og vænta mátti, bæði frá búsetutímanum og eftir að bærinn var aflagður. Það eru þau fræ og skordýr sem ekki finnast náttúrulega í nánasta umhverfi sem eru athyglisverðust og einnig þau fræ eða skordýr sem finnast í meira eða minna magni í einni rúst en öðrum.

Vinberjafræin tvö sýna að fólk hefur haft rúsinur um hönd og þau fundust í stofunni annars vegar og kálgarðinum hins vegar. Í kálgarðinn hafa þau líklega ratað með áburði (ösku) úr eldhúsinu. Auk þeirra voru rófufræin einu fræin sem ekki eru náttúruleg í umhverfinu. Í skepnuhúsum má vænta meira af gras- og starufræum eins og raunin varð, en þau segja ekki nánar til um hvers kyns skepnur voru í húsunum.

Skordýrin benda til þess að talsverður raki hafi verið í húsakynnum, einkum stofunni. Það kemur ekki á óvart vegna þess að torfhús geyma mikinn raka almennt og húsakynni voru ekki alltaf hituð sökum eldiviðarskorts. Vandinn var að halda rakanum í skefjum t.d. veggjamegin við þilin sem trúlega hafa verið í stofunni. Það var aðeins hægt með stöðugri upphitun, sem líklega hefur ekki verið gert ef marka má skordýrin í gólfinu. Skordýrin benda einnig til þess að tóvinna hafi verið stunduð í stofunni eins og vænta mátti. (sjá nánar meðfylgjandi skýrslur um greiningarnar).

Fræin og skordýrin benda einnig til þess að nánasta umhverfi bæjarins hafi verið votlent, sem er ekki tilfellið. Líklega stafar þetta af því að úthey hefur verið slegið í votlendi og tekið heim á bæ (sjá töflu bl. 78) og að torf hafi verið skorið þar sem jarðvegur var rakur. Þjórsáin gæti þó hafa haft einhver áhrif, en varla mikil.

Skordýr voru vel varðveitt í sýnum frá Skarðsseli sökum aldurs rústanna og sama á við um fræin. Niðurstöður þessara greininga ættu því að koma að notum við samanburðarannsóknir á eldri kotbýlum þar sem varðveislan er minni eða að vafi leiki á hlutverki einstakra húsa eða rýma. Það eru þó aðallega niðurstöður fornleifarannsóknanna sem hafa yfirburði í túlkunum á einstökum rýmum í bæjarhúsinu, en þegar kom að útihúsum þá hjálpa fræ- og skordýragreiningar mjög þó í þessu tilfelli hafi þær ekki getað ákvarðað hvaða skepnur voru í einstökum húsum. Til þess hefði þurft önnur skordýr, t.d. lýt, sem sérhæfa sig við ákveðnar tegundir dýra.

Bjallan *C. fuliginosus*, og fleiri skordýr, sýnir að raki og mygla og einhver óþrifnaður hefur verið talsverður í stofunni í Skarðsseli þar sem fólk hafðist mest við, en með breyttum og bættum húbýlum hefur hún nú því sem næst horfið af landinu því mannfólkið hefur útrýmt að mestu kjörlendi bjöllumnar. Hvort gott eða vont sé að lifa í sambyli við *C. fuliginosus* er í sjálfu sér ekki mælikvæði á gæði húbýlanna, þar ráða aðrir þættir för, eins og hiti, hreinlæti og efniviður allur.



Hitamælir sem fannst í stofunni í Skarðsseli. Enn má sjá kvikasilfursröndina eftir endilöngum glerstautnum. (Fnr. 6. Ljósm. BFE 2017).

Heimildir

- Albert Nilsson. „Den sentida bebyggelsen på Islands landsbygd.“ *Forntida gårdar i Island*. Meddelanden från den nordiska arkeologiska undersökningen i Island sommaren 1939. Red. M. Stenberger. Ejnar Munksgård. København 1943. Bls. 271-306.
- Anna Lís Rúnarsdóttir. *Á tímum torfbæja. Híbýlahættir og efnismenning í íslenska torfbænum frá 1850*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2007/1. Reykjavík 2007.
- Ágústa Edwald. *Hornbrekka on Höfðaströnd. A 19th century farm. Preliminary results from an archaeological excavation*. University of Aberdeen. [2009]. Án ártals.
- Ármann Guðmundsson. Kúabót í Álftaveri, ástandsskoðun og samanburðarrannsókn. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2013.
- Árni Jónsson. „Girðingar“. *Búfræðingurinn*. Ársrit Hólamannafélags og Hvanneyrings. XV árg. Ritst. Guðmundur Jónsson. Hvanneyrir 1951. Bls. 5-28.
- Birna Lárusdóttir. *Mannvist. Sýnisbók íslenskra fornleifa*. Aðrir höf. Adolf Friðriksson, Árni Hjartarson, Bjarni F. Einarsson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Guðmundur J. Guðmundsson, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Þóra Pétursdóttir. Opna. Reykjavík 2011.
- Bjarni F. Einarsson. *Jónsbúð. Prufuholugróftur í þurrabúð við Straumsvík*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 1999.
- Bjarni F. Einarsson. *Fífilbrekka. Hjáleiga frá 20. öld. Skýrsla um prufuholugróft sumarið 2000*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2000.
- Bjarni F. Einarsson. „Gamla-Sel og nokkrar fornar minjar við Skarðsfjall í Landssveit.“ *Goðasteinn. Héraðsrit Rangæinga*. 40. árg. Ábyrgðarmaður og formaður ritnefndar Jón Þórðarson. Héraðsnefnd Rangæinga. Hella 2004. Bls. 72-101.
- Bjarni F. Einarsson (b). *Rústir á Langhólma*. Rústir nr. 11 og 12 í Sveitarfélaginu Hornafirði, A - Skaftafellssýslu. Skýrsla um fornleifarannsókn haustið 2003. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2004.
- Bjarni F. Einarsson. „Inn í eilífðina á augnabliki - Bær í Örafum.“ *Glettingur*. Tímarit um austfirsk málefni. 15. árg. 2.-3. tbl. 2005.
- Bjarni F. Einarsson. „Garður er granna sættir. Fornigarður í Vogsósum.“ *Árnesingur VII*. Ritst. Gunnar Marel Hinriksson, Már Ingólfur Másson, Skúli Sæland og Þorsteinn Tryggvi Másson. Sögufélag Árnesinga. Reykjavík 2006. Bls. 205-230.
- Bjarni F. Einarsson. *Bær við Salthöfða. Eyðibýli í Örafum*. Skýrsla IV. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2007.
- Bjarni F. Einarsson. *Rúst og fornleið við Þjórsá. Rúst nr. 37 í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu og nr. 60 í Landsveit*. Skýrsla um prufuholugróft vorið 2007 og GPS mælingu um haustið sama ár. Fornleifafræðistofan - Landsvirkjun. Skýrsla LV nr: LV-2008/076. Reykjavík 2008.
- Bjarni F. Einarsson og Friðrika Marteinsdóttir. *Hlíðarendi í Fljótshlíð. Forkönnun á bæjarstæði og nágrenni þess. Jarðsjármælingar og prufuholur*. Línuhönnun - Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2002.

- Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarasdóttir. *Þjótandi við Þjórsá. Fornleifarannsóknir sumarið 2007*. Fornleifafræðistofan - Landsvirkjun. LV-2008/074. Reykjavík 2008
- Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarasdóttir. *Þjótandi við Þjórsá. Fornleifarannsóknir sumarið 2008*. Fornleifafræðistofan - Landsvirkjun. LV-2009/071. Reykjavík 2009.
- Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag. *Þjórsá. Fornleifarannsóknir 2009*. Fornleifafræðistofan - Landsvirkjun. LV-2010/003. Reykjavík 2010.
- Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag. *Þjótandi við Þjórsá. Fornleifarannsóknir 2010*. Fornleifafræðistofan - Landsvirkjun. LV-2011/062. Reykjavík 2011.
- Bjarni Guðmundsson. *Íslenskir sláttuhættir*. Opna. Reykjavík 2015.
- Björn Lárusson. *The old Icelandic land registers*. Institute of economic history. Lund university. Lund 1967.
- Borghildur Óskarsdóttir. *Þræðir á Landi*. Myndlistarverk í sjö þáttum. Handrit. Fimmti og sjötti þáttur af sjö. Myndlistarsýning í Landsveit. Reykjavík 2014.
- Bruun, Daniel. *Fortidsminder og Nutidshjem paa Island: Orienterede Undersøgelser foretagne i 1896*. Nordiske Forlag. København 1897.
- Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga. *Fornleifaskráning Skagabyggðar*. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll. Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknarskýrslur. 2009/88.
- Brynjúlfur Jónsson. „Skrá yfir eyðibýli í Landsveit, Rangárvallasveit og Holtasveit í Rangárvallasýslu.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1898*. Reykjavík 1898. Bls. 1-48.
- Brynjúlfur Jónsson. „Fornleifar í Landsveit.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1907*. Reykjavík 1907. Bls. 26-28.
- Búalög*: um verðlag og allskonar venjur í viðskiptum og um búskap á Íslandi. 1.-3. hefti. Sögufélagið. Reykjavík 1915-1933
- eldgos.is Gosánnálar einstakra eldstöðva á Íslandi. Sótt 7. des. 2016.
- Fasteignabók*. Löggilt af stjórnarráði Íslands samkv. lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík 1921.
- Fasteignabók*. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 41, 8. sept. 1931. Öðlast gildi 1. apríl 1932.
- Finnbogi Höskuldsson. *Endurminningar Finnboga Höskuldssonar f. 1870, d. 1950*. Handrit. 1944 eða 1945.
- Friðrik G. Olgeirsson. *Sáðmenn sandanna*. Saga landgræðslu á Íslandi 1907-2007. Landgræðsla ríkisins. Reykjavík 2007.
- Fornleifaskrá*. Gagnagrunnur Fornleifafræðistofunnar.
- Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. Fyrri hluti. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík 1983.
- Gísli Gestsson. „Gröf í Öræfum.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1959*. Reykjavík 1959. Bls. 5-87.
- Gísli Gunnarsson. „Hvenær kom fyrsti gaddavírin til landsins? *Vísindavefurinn* 24.10.2000. visindavefur.is. Sótt 23. febrúar 2017.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. *Family and household in Iceland 1801-1930: studies in the relationship between demographic and socio-economic development, social legislation and family and household structures*. Dr. ritgerð. Uppsala university. Uppsala 1988.
- Guðmundur Árnason. Uppblástur og eyðing býla í Landsveit. *Sandgræðslan. Minnst 50 ára starfs Sandgræðslu Íslands*. Búnaðarfélag Íslands og Sandgræðsla ríkisins. Reykjavík 1958. Bls. 50-87.
- Guðmundur Hannesson. „Maður horfðu þjer nær - liggur í götunni steinn.“ *Bjarki*. IV. ár. Seyðisfirði, fimmtudaginn 20. apríl 1899. Bls. 57-61.
- Guðmundur Hannesson. „Húsakynnin íslenzku.“ *Morgunblaðið*, 9. júlí 1924. Bls. 2.

- Guðrún Alda Gísladóttir og Orri Vésteinsson (ritstj.). *Archaeological investigations at Sveigakot* 2006. Fornleifastofnun Íslands FS376-00217. Reykjavík 2008.
- Gunnhildur Hrólfsdóttir. *Prastalundur í Þjóðbraut 1928-1942. Þrekvirki Elínar Egilsdóttur*. Ritgerð til B.A.-prófs. Sagnfræði-heimspekideild. Háskóli Íslands. Reykjavík 2010.
- Hallgerður Gísladóttir. „Af mörgu skal mat hafa. Eldhús, matföng og munaðarvörur.“ *Hlutavelta tímans*. Menningararfur á Þjóðminjasafni. Ritst. Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík 2004. Bls. 96-105.
- Helgi Skúli Kjartansson. *Ísland á 20. öld*. Sögufélag. 2. útg. Reykjavík 2010.
- Hildur Gestsdóttir og Guðrún Alda Gísladóttir. *Fornleifauppgröftur í Katanesi 2014*. Framkvæmdarannsókn. Fornleifastofnun Íslands FS563-14182. Reykjavík 2015.
- Hörður Ágústsson. „Íslenski torfbærinn.“ *Íslensk þjóðmenning I*. Uppruni og umhverfi. Ritst. Frosti F. Jóhannsson. Bókaútgáfan Þjóðsaga. Reykjavík 1987. Bls. 227-344.
- Hörður Ágústsson. *Íslensk byggingararfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*. Húsafriðunarnefnd ríkisins. Reykjavík 1998.
- Ingólfur Guðnason. „Vísbendingar um garðrækt í Skálholti á fyrri öldum.“ *Frumkvöðull vísinda og mennta. Þórður Þorláksson biskup í Skálholti*. Jón Pálsson ritstýrði. Reykjavík 1998. Bls. 143-158.
- Íslensk fornrit*. I. bindi. Íslendingabók - Landnámabók. Jakob Benediktsson gaf út. Hið ísl. fornritafélag. Reykjavík 1968.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Gefin út af Hinu ísl. fræðafjelagi í Kaupmannahöfn. Fyrsta bindi. Kaupmannahöfn 1913-1917.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Gefin út af Hinu ísl. fræðafjelagi í Kaupmannahöfn. Níunda bindi bindi. Kaupmannahöfn 1930.
- Jarðatal á Íslandi*, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Gefið út af J. Johnsen assessóri í landsyfirréttinum. Kaupmannahöfn 1847.
- Keldur*. Bæklingur. Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík 2011.
- Kristján Eldjárn. „Eyðibýggð á Hrunamannaafreitti.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1943-48*. Reykjavík 1949. Bls. 1-43.
- Kristján Eldjárn. „Tvennar bæjarrústir frá seinni öldum. Viðauki eftir Sigurð Þórarinsson.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1949-50*. Reykjavík 1951. Bls. 102-119.
- Kristján Eldjárn. „Athugasemd um fornar tóftir á Lundi í Lundarreykjadal.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1964*. Reykjavík 1965. Bls. 102-110.
- Kristján Eldjárn. „Papey. Fornleifarannsóknir 1967-1981. Guðrún Sveinbjarnardóttir bjó til prentunar og samdi viðauka.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1988*. Reykjavík 1989. Bls. 35-189.
- Kristján Eldjárn og Gísli Gestsson. „Rannsóknir á Bergþórshvoli.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1951-52*. Reykjavík 1952. Bls. 5-75).
- Kristján Mímisson. *Þorkell á Búðarárbakka. Fornleifafræðileg persónurannsókn á 17. aldar kotbónda úr uppsveitum Árnessýslu*. Áfangaskýrsla ársins 2009. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2010.
- Lilja Árnadóttir. „Kúabót í Álfaveri VI.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1986*. Reykjavík 1987. Bls. 55-56.
- Lucas, Gavin. *Hofstaðir*. Excavations of a viking age feasting hall in North-Eastern Iceland. Institute of Archaeology, Reykjavík. Monograph No. 1. Reykjavík 2009.
- Lucas, Gavin. „Að grafa upp nútímann. Fornleifar síðari tíma á Íslandi.“ *Upp á yfirborðið. Nýjar rannsóknir í íslenskri fornleifafræði*. Ritst. Orri Vésteinsson, Gavin Lucas, Kristborg Þórsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2011. Bls. 141-151.

- Lýður Björnsson. *Saga verslunar á Íslandi*. 2. útg. Samtök verslunar og þjónustu. Reykjavík 2005.
- Lög um menningarminjar*. Nr. 80 29. júní 2012.
- Lög um verndun fornmenja*. 16. nóv. 1907.
- Magnús Kjartansson, Ingólfur Einarsson og Sigríður Th. Sæmundsdóttir. „Landmannahreppur.“
Sunnlenskar byggðir V. Rangárþing vestan Eystri-Rangár. Samið vegna 70 ára afmælis
 Búnaðarsambands Suðurlands. Ritnefnd; Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus
 Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands Reykjavík 1987. Bls. 121-199.
- Manntal á Íslandi árið 1703*. Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalíns ásamt manntali
 1729 í þrem sýslum. Gefið út af Hagstofu Íslands. Reykjavík 1924-1947.
- Manntal á Íslandi 1801*. Suðuramt. Reykjavík 1978.
- Manntal á Íslandi 1816*. II. hefti. Prentað að tilhlutan Ættfræðifélagsins með styrk úr ríkissjóði.
 Reykjavík 1951.
- Manntal á Íslandi 1845*. Suðuramt. Ættfræðifélagið gaf út með styrk úr ríkissjóði og Þjóðhátíðarsjóði.
 Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1982.
- Margrét Grétarsdóttir. „Eitt býli meðal þúsunda“, Menningararfur að Stóra Klofa í Landsveit sem
 möguleg auðlind til menningartengdrar ferðaþjónustu. Lokaritgerð til BA gráðu í
 ferðamálafræði við Háskólann á Hólum. Haust 2014.
- Margrét Hermans-Auðardóttir. *Íslands tidiga bosättning. Sudier med utgångspunkt i
 merovingertida-vikingatida gårdslämningar i Herjólfssdalur, Vestmannaeyjar, Island*. Studia
 Archaeologica Universitatis Umensis 1. Umeå univeritet. Arkeologiska institutionen.
 Reykjavík 1989.
- Matthildur Sigurjónsdóttir. *Gaddavír*. Landbúnaðarháskóli Íslands. Landnýting og landbúnaður.
 Verkefni 3. 2005.
- Matthías Þórðarson. „Nokkrar forndysjar í Rangárþingi.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags* 1932.
 Reykjavík 1932. Bls. 47-57.
- Minjastofnun Íslands*. Efni: Hvammsvirkjun. Endurskoðun umhverfismats. Bréf dags. 25. september
 2015.
- Morgunblaðið*, 21. apríl 1920. „Torfbær.“
- Morgunblaðið*, 9. ágúst 1931. „Áburðarhirðing.“
- Morgunblaðið*, 27. apríl 1950. „Minningarorð. Finnbogi Höskuldsson.
- Oddgeir Isaksen. „Útihús frá 19. öld í Leirvogstungu, Mosfellsbæ. Merkilegar fornleifar eða
 nútímadrasl.“ *Upp á yfirborðið. Nýjar rannsóknir í íslenskri fornleifafræði*. Ritst. Orri
 Vésteinsson, Gavin Lucas, Kristborg Þórsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir.
 Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2011. Bls. 144-145.
- Orri Vésteinsson. *Fornleifakönnun á Rauðuskriðu í Aðaldal 2003*. Fornleifastofnun Íslands FS
 217-03171. Reykjavík 2003.
- Orri Vésteinsson. „Eldhús, baðstofa og búr. Húsakostur í Hvolhreppi 1830-1920.“ *Árbók Hins ísl.
 fornleifafélags* 2006-2007. Reykjavík 2008. Bls. 199-218.
- Ólafur Ketilsson. „Frásögn um það er enska seglskipið Jamestown sigldi mannlaust inn á Kirkjuvog í
 Höfnum fullhlaðið timbri og silfri.“ *Lesbók Morgunblaðsins*. 44. tölublað. XL árg.
 Sunnudaginn 1. nóvember 1936. Bls. 345-48.
- Páll Halldórsson, Sveinbjörn Björnsson, Bryndís Brandsdóttir, Júlíus Sólmes, Ragnar Stefánsson og
 Bjarni Bessason. „Jarðskjálftar á Íslandi.“ *Náttúruvá á Íslandi. Eldgos og jarðskjálftar*.
 Reykjavík 2013. Bls. 559-610.
- Ragnar Edvardsson. „Uppgröftur.“ *Fornleifarannsókn á Steinboga í Mývatnssveit* 2002.
 Fornleifastofnun Íslands FS 189-02072. Ritst. Orri Vésteinsson. Reykjavík 2003.
- Ragnheiður Traustadóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Margrét Valmundsdóttir, Jennica Svensson og
 Lísabet Guðmundsdóttir. *Urriðakot. Fornleifarannsókn 2010*. Framvinduskýrsla. 2010.

- Roussell, Aage. „Stöng.“ *Forntida gærdar í Ísland*. Meddelanden från den nordiska arkeologiska undersökningen i Ísland sommaren 1939. Red. M. Stenberger. Ejnar Munksgård. København 1943. Bls. 72-97.
- [sarpur.is](#). Menningarsögulegt gagnasafn. Spurningaskrá. Nautpeningur 2. Nr. 111/1960-2.
- [sarpur.is](#). Menningarsögulegt gagnasafn. Spurningaskrá. Nautpeningur 2. Nr. 172/1960-2.
- [sarpur.is](#). Menningarsögulegt gagnasafn. Spurningaskrá. Nautpeningur 2. Nr. 191/1960-2.
- Sigurður Sigurðsson. „Mjólkurframleiðsla og mjólkurverð.“ *Nýja dagblaðið*. 10. feb. 1934. Bls. 3.
- Sigurður B. Sívertsen. „Suðurnesjaannáll.“ *Rauðskinna VII.-VIII*. Safnað hefur Jón Thorarensen. Reykjavík 1953.
- Sigurður Þórarinnsson. „Viðauki. Heklugosið 1693 og eyðing bæjarins í Sandártungu.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1949-50*. Reykjavík 1951. Bls. 115-119.
- Skýrslubók fyrir hreppst. í Landmannahreppi 1913-1936(a)*. Skýrsla um framtal til lausafjár tíundar á vor- og hausthreppaskilum í Landmannahreppi 1913-1920. Skjalasafn Rangárvallasýslu.
- Skýrslubók fyrir hreppst. í Landmannahreppi 1913-1936(b)*. Skýrsla um búnaðarástandið í Landmannahreppi 1922-1936. Skjalasafn Rangárvallasýslu.
- Stenberger, Mårten. „Snjáleifartóttir, Þjórsárdalur.“ *Forntida gærdar í Ísland*. Meddelanden från den arkeologiska undersökningen i Ísland sommaren 1939. Red. Mårten Stenberger. Ejnar Munksgaard. København 1943.
- Sunnlenskar byggðir V*. Rangárþing vestan Eystri-Rangár. Samið vegna 70 ára afmælis Búnaðarsambands Suðurlands. Ritnefnd; Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands Reykjavík 1987.
- Sveinbjörn Rafnsson. „Sámsstaðir í Þjórsárdal.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1976*. Reykjavík 1977. Bls. 39-120.
- Sýslu- og sóknarlýsingar Hins ísl. bókmenntafélags*. Rangárvallasýsla. Rangæingafélagið í Reykjavík. Reykjavík 1968.
- Túnakort Skarðssels*. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Valtýr Guðmundsson. *Privatboligen på Ísland i sagatiden samt delvis i det øvrige Norden*. Andr. Fred. Høst & søns forlag. København 1889.
- Þjóðminjalög* Nr. 52 19. maí 1969.
- Þjóðminjalög* Nr. 88 29. maí 1989.
- Þorkell Grímsson. „Miðaldabyggð á Reyðarfelli.“ *Minjar og menntir*. Afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárni 6. desember 1976. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík 1976. Bls. 565-576.
- Þorvaldur Thoroddsen. *Lýsing Íslands*. Gefin út af Hinu ísl. bókmenntafélagi. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn 1919.
- Þór Magnússon. „Sögualdarbyggð í Hvítárholti.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1972*. Reykjavík 1973. Bls. 5-80.
- Þóra Pétursdóttir. „Nýminjar: (forn)leifar og (forn)leifafræði.“ *Mannvist. Sýnisbók íslenskra fornleifa*. Aðrir höf. Adolf Friðriksson, Árni Hjartarson, Bjarni F. Einarsson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Guðmundur J. Guðmundsson, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Þóra Pétursdóttir. Opna. Reykjavík 2011. Bls. 425-433.
- Þórunn Valdimarsdóttir. *Sveitin við sundin, búskapur í Reykjavík 1870-1950*. Sögufélag. Reykjavík 1986.
- Örnefnaskrá*. Skarð, Krókatún og Skarðssel. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.
- Örnefnaskrá*. Skarð, Krókatún, Skarðssel, Eskiholt og Yrjar. (Viðauki). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Tæknilegar upplýsingar

Rannsóknarstaður:

Rúst 2:1-8 í landi Skarðs í Landsveit, Rangárvallasýslu

Verkkaupandi:

Landsvirkjun

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni

Leyfi fornleifanefndar:

4. maí. 2016

Leyfisnúmer:

MÍ201605-0001

Rannsóknarnr:

2016-19

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi

Atli Rúnarsson

Ármann Dan Árnason

Gylfi Björn Helgason

Hermann Jakob Hjartarson

Viktoría Halldórsdóttir

Forvarsla:

Úrval gripa forvarðir af Janis Mitchell forverði (stabiliseraðir)

Rannsóknartími:

1. júní - 27. júlí. 2016

Hnitakerfi:

Eigið

Hæðarkerfi:

Eigið

Grafinn flötur:

Um 135-40 m²

Geymsla gagna:

Þjóðminjasafn Íslands. (Gripir færðir inn sem samanburðarefni)

Skýrsla hjá:

Landsvirkjun, Minjastofnun Íslands, Fornleifafræðistofunni, Þjóðminjsasafni Íslands og Þjóðarbókhöðunni

Greiningar sérfræðinga

Frægreining

Skordýragreining

Fylgirit

Fundaskrá

Stafrænar ljósmyndir

Sýnaskrá

Teikningaskrá



Skarðssel 2016: Frægreiningar

Inga Hlín Valdimarsdóttir
2017

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Inga Hlín Valdimarsdóttir
Skarðssel 2016 - Frægreiningar
Apríl 2017

Inngangur

Í mars og apríl voru greind fræ og aðrar plöntuleifar úr 17 jarðvegssýnum sem safnað var í fornleifarannsókn á 20. aldar eyðibýlinu Skarðsseli, sumarið 2016. Hrönn Konráðsdóttir, fornleifafræðingur sigtaði lífrænar leifar úr sýnunum með steinolúfleytingu og flokkaði frá fræ og plöntuleifar annarsvegar og skordýraleifar hins vegar. Hún sá um að greina skordýraleifarnar, en í þessari skýrslu verður aðeins fjallað um fræ og plöntuleifar.

Greiningar og skýrsluvinna fóru fram á Fornleifafræðistofunni að hluta til, en annars á Patreksfirði. Bjarni F. Einarsson fær bestu þakkir fyrir veitta aðstoð og upplýsingar.

Aðferðir

Aðferðinni við vinnslu sýnanna verður ekki lýst hér þar sem hún var í höndum Hrannar Konráðsdóttur, fornleifafræðings, en fræin og plöntuleifarnar voru skoðuð undir víðsjá og greind til ættkvíslar og í sumum tilfellum til tegunda.

Samanburðar var leitað á internetinu. Heimasíðan Digital seed atlas of the Netherlands (<http://www.plantatlas.eu/>) og heimasíða The James Hutton Institute (<https://www.oardc.ohio-state.edu/seedid/>) voru notaðar. Einnig var Íslenska plöntuhandbókin notuð til heimildaöflunar. Dvalarhnýði og sveppagró voru talin, en ekki varðveitt.

Niðurstöður

Við fyrstu sýn var lítið sem kom á óvart við greiningarnar. Rústirnar sem rannsakaðar voru eru frá lokum 19. aldar og upphafi 20. aldar og eins og gera mátti ráð fyrir var mikil varðveisla í þetta ungum jarðvegi. Einnig var mikið um ókoluð fræ, en þau eru erfiðari að ákvarða um hvort þau tilheyri því mannvistarlagi sem sýnið var tekið úr, eða hvort þau séu mengun úr nútímanum. Mest var af fræjum af votlendisplöntum, en einnig eitthvað sem vex í grýttu landi og á þurrum melum.

Mikið fannst af fræjum af störum (Cyperaceae og Carex sp.), bæði koluð og ekki koluð. Stör eru mjög algeng um land allt og vaxa ýmist í votlendi eða á þurrum melum (Hörður Kristinsson 2010: 306-336). Eitthvað af haugarfafræjum fundust í þremur sýnum, en arfi vex vel á áburðarríkum stöðum, í kring um útihús og með búfénaði (Hörður Kristinsson: 124). Önnur planta sem vex á áburðarríkum stöðum er túnsúran (Hörður Kristinsson: 250), en fræ af henni fannst aðeins í einu sýni. Fræ af ýmsum grösum (Poaceae) voru mjög algeng í sýnunum. Þau var erfitt að greina til tegunda, en

mörg voru þau mjög smágerð og koluð, svo það var erfitt að greina útlitseinkenni. Ekkert af þessum grasafraejum voru í stærri kantinum á borð við bygg eða melgresi. Krækiberjafrae og lauf (*Empetrum nigrum*) fundust í um helming sýnanna og voru þau langflest koluð. Krækilyng er ein algengasta planta landsins og vex í lyngmóum og grýttum jarðvegi m.a. (<http://www.floraislands.is/empetnig.html>). Þá fundust nokkur frae af ertublómaætt (*Fabaceae*) í þremur sýnum. Hér getur verið um að ræða umfeðming eða annað skylt blóm, en þau eru mjög algeng hér á landi, vaxa í graslendi og meðfram ám (<http://www.floraislands.is/viciacra.html>). Fjólufrae (*Violaceae*) fundust í þremur sýnum og frae af fifli (*Taraxacum* sp.) fannst í einu sýni. Þá fannst talsvert magn af sóleyjarfraejum (*Ranunculus* sp.) í fjórum sýnum, en hún er mjög algeng í graslendi og sækir mikið í tún (<http://www.floraislands.is/ranunacr.html>). Tvö frae sem líklegast komu af rófu eða annarri káltegund (*Brassica* sp.) fundust í einu sýni. Þetta tengist að öllum líkindum ræktun á staðnum.

Það sem stakk hvað mest í stúf í fræúrvalinu voru tveir vínberjakjarnar sem fundust í sittthvoru sýninu. Þeir voru kolaðir, svo þeir tilheyra búsetutíma hússins og gaman er að velta fyrir sér ástæðum þess að þeir enduðu þarna í Skarðsseli. Ólíklegt er að bændur í upphafi 20. aldar hafi gætt sér á vínberjum, en þeir gætu hafa komist yfir rúsínur öðru hvoru og þannig hafi kjarnarnir komist í samhengi við mannvistarlögin.

Í töflunni hér að neðan má sjá að dvalarhnýði (fungal sclerotia) og stórgró (megaspore) af mosagróðri voru talin í sýnunum. Stórgróin voru öll af mosajafna (*Selaginella selaginoides*), sem er algengur um land allt. Hann vex helst í þurrlendi, hvort sem er mó- eða graslendi. Þessi gró voru ekki koluð, enda um mjög viðkvæm gró að ræða, sem myndu ekki lifa eldinn af. Mosajafninn hefur líklega tekið við sér og farið að vaxa frjálst þegar skógi var rutt burt og getur tilvist hans því gefið til kynna gróðurfarsbreytingar af mannavöldum. Dvalarhnýðin myndast á náttúrulegan hátt í jarðveginum. Þau geyma matarforða fyrir sveppagróður sem er til staðar í náttúrunni (Martin 2007: 9). Þau voru öll ókoluð og svipuð að stærð og lögun.

Rúst 2:1a - Kálgarður¹

Hér fundust mikið af sömu fraejum og í hinum sýnunum, grös, starir, krækilyng og haugarfi, en einnig fundust tvö rófufræ sem hljóta að tengjast ræktun í garðinum. Þá fannst einnig einn vínberjakjarni sem einhvernvegin hefur ratað sína leið í kálgarðinn.

Rúst 2:1b - Stofa

Lítið var af fraejum úr þessu rými, en hér fundust fáein gras- og stararfræ auk krækilyngs. Fróðlegast var þó að finna hér vínberjakjarna, sem kannski hefur lent í stofugólfinu þegar einhver heimilismanna hefur misst niður eina rúsínu þar.

¹ Heyti rýma er í samræmi við niðurstöður fornleifarannsóknanna.

Rúst 2:1c - Búr

Hér fundust aðeins þrjú fræ, af starar- og grasaætt. Það er því ekki mögulegt að draga neinar ályktanir um þetta rými.

Rúst 2:1d - Eldhús

Hér fannst töluvert af grösum og störum, en einnig nokkuð af koluðu krækilyngi. Ekki er óalgengt að finna krækilynd í eldstæðum, en það er hentugt til uppkveikingar og einnig til að halda glóð lifandi.

Rúst 2:1e - Skemma

Hér fundust aðeins þrjú grasfræ og því ómögulegt að álykta eitthvað um þetta rými.

Rúst 2:1g - Fjós

Þrjú sýni voru greind úr þessu rými og þar fundust flest fræ. Langflest voru af grasa- og stararætt, en einnig haugarfí, krækilyng og sóley. Þetta er allt eðlilegur hluti af skepnufóðri og því kemur það ekki á óvart að um fjós sé að ræða.

Rúst 2:1h - Smiðja

Fá fræ voru í þessu rými. Stör, krækilyng og fjóla fundust og er því erfitt að segja meira um þetta rými.

Rúst 2:2 - Kryddjurtagarður

Hér fannst töluvert af grösum og störum, örlítið af krækilyngi og eitt sóleyjarfræ.

Rúst 2:3 - Hesthús

Hér fundust mikið af störum og grösum, en engin önnur fræ. Þetta getur vel tengst skepnufóðri, en endurspeglar einnig það sem óx í nágrenninu.

Rúst 2:4 - Hestagerði

Hér var mjög lítið magn af fræjum. Grös, stör og haugarfí.

Rúst 2:6 - Veiðafærageymsla

Hér fannst mikið af sóleyjarfræjum, fræjum af ertublómaætt, fjólum og svo störum. Ekkert sem tengist kannski notkun hússins, heldur frekar því sem óx þar eftir að búsetu lauk.

Rúst 2:7 - „*Lambhúsið*“

Hér fundust mikið af störum og grösum, en engin önnur fræ. Þetta getur vel tengst skepnufóðri, en endurspeglar einnig það sem óx í nágrenninu.

Rúst 2:8 - Gerði og heystæði²

Hér fannst örlítið magn af krækilyngi, en ekki annað.

² Sýnið var úr syðsta rýminu, gerði. Niðurstaðan svipar til rústar 2:4, sem einnig er talið vera gerði (hestagerði).

Frætalningar

Skarðssel 2016 Frægreiningar		Sýni 1 - Rúst 2:1g Fjós	Sýni 2 - Rúst 2:1e	Sýni 4 - Rúst 2:1c	Sýni 5 - Rúst 2:1d	Sýni 7 - Rúst 2:1b	Sýni 8 - Rúst 2:3	Sýni 10 - Rúst 2:3	Sýni 12 - Rúst 2:1h	Sýni 15 - Rúst 2:8	Sýni 16 - Rúst 2:7	Sýni 17 - Rúst 2:8	Sýni 19 - Rúst 2:6	Sýni 20 - Rúst 2:2	Sýni 21 - Rúst 2:1g	Sýni 24 - Rúst 2:1g	Sýni 28 - Hestagerði	Sýni 30 - Kálgaður
Magni fleytt (L)		5	4,6	5	5	3,4	4,6	5	4,6	5	5	5	5	2,3	5	5	5	5
Lífænar leifar:	Íslenskt heiti:																	
Asteraceae	Körfublómaætt																	
Taraxacum sp.	Fífill														1 / 0			
Brassicaceae	Krossblómaætt																	
Brassica sp.	Kál																	2 / 0
Caryophyllaceae	Hjartagrasaætt																1 / 0	
Stellaria media	Haugarfi														3 / 0	14 / 1		1 / 0
Cyperaceae	Stararætt	75 / 1				2 / 3			0 / 3					42 / 0			1 / 0	51 / 1
Carex sp.	Starir			1 / 0	46 / 16		0 / 2	6 / 6			18 / 7		45 / 0	21 / 1	139 / 18	80 / 25		
Ericaceae	Lyngætt																	
Empetrum nigrum	Krækiberjalyng																	
	Lauf				14 / 0	1 / 0			1 / 0	6 / 0				4 / 0		4 / 0		9 / 0
	Fræ				1 / 0	0 / 2			4 / 0					3 / 0	4 / 0	19 / 0		3 / 0
Fabaceae	Ertublómaætt				0 / 2								25 / 0		1 / 0			
Poaceae	Grasaætt	303 / 0	3 / 0	2 / 0	61 / 0	5 / 0		14 / 0			24 / 0			83 / 0	168 / 0	90 / 0	6 / 0	35 / 0
Polygonaceae	Súruætt																	
Rumex acetosa	Túnsúra														1			
Ranunculaceae	Sóleyjaætt																	
Ranunculus sp.	Sóley				1 / 0								0 / 137	1 / 0	5 / 0	3 / 1		
Rosaceae	Rósaætt																	
Rubus sp.	Klungur														0 / 1			
Violaceae	Fjólúætt				0 / 2				0 / 1				5 / 0					
Vitaceae	Vínviðarætt																	
Vitis vinifera	Vínber					1 / 0												1 / 0
Equisetum tuber	Elfting										1			1				
Megasporos	Stórgró	4	1			1	15	13	18	28	16	3	3		1		3	2
Fungal sclerotia	Dvalarhnýði	2		1			62	96	32	14	18	6	6				11	7
Brot af fræjum						3 / 0	4 / 0				6 / 0						3 / 0	
Plöntuleifar		1 / 0													6 / 0	5 / 0		2 / 0
Ógreinanl. Leifar		10	0 / 5	0 / 2	12				0 / 20	0 / 3			14	19	33	36		19

Tafla1: Talin fræ í sýnum frá Skarðsseli. Fyrri talan gildir um koluð fræ og sú síðari um ókoluð. Breiðletruð latnesk heiti merkja ættkvíslir og hitt tegundir. Neðstu sex raðirnar eru ógreind fræ og plöntuleifar, ásamt dvalarhnýðum og gróm.

Heimildir

Áskell Löve 1945. Íslenzkar jurtir. Mál og menning, Reykjavík.

Bjarni F. Einarsson 1997-2011. Hólmur í mynni Laxárdals (framvinduskýrslur). Fornleifafræðistofan, Reykjavík.

Flóra Íslands: <http://www.floraislands.is/>

Hörður Kristinsson 2010. Íslenska plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Mál og Menning, Reykjavík.

Martin, Steve 2007. Macrobotanical analysis of sediment samples collected during the field season of The Mosfell Archaeological Project. Unpublished.

The James Hutton Institute: <http://asis.scri.ac.uk/>

The Digital Seed Atlas of the Netherlands: <http://seeds.eldoc.ub.rug.nl/>



Skordýragreining á sýnum frá uppgreftrinum að Skarðsseli

Hrönn Konráðsdóttir BA. MSc.

Fornvistfræðingur

Verkefni: Skarðssel

Fjöldi sýna: 16

Framkvæmd: Greining á skordýraleifum úr sýnum

Gert fyrir:

Fornleifafræðistofuna

Ægisgötu 10

101 Reykjavík

Inngangur

Skarðssel var lítill sveitabær sem var í byggð frá 1894 til 1934. Framkvæmdarannsókn var gerð á bænum sumarið 2016 og voru tekin sýni úr öllum rýmum sem fundust. Ákveðið var að greina skordýraleifar úr öllum rýmum og skoða hvernig dreifing þeirra væri og hvaða upplýsingar þær gætu gefið um notkun og umhverfi staðarins. Mikið var af skordýraleifum í flestum sýnanna og töluvert mismunandi tegundafjölbreytileiki var eftir rýmum.

Aðferðir

Sýni úr uppgreftrinum voru 30 talsins og var ætlunin að velja eitt sýni úr hverju rými til að sjá notkun rýmana út frá skordýraleifunum. Valin voru 19 sýni til fleytinga og 16 af þeim voru sorteruð og skordýraleifarnar greindar úr þeim. Þar sem efniviðurinn er frekar nýlegur á mælikvarða fornleifafræðinnar, þá var varðveislan líka framar vonum. Bæði var mikið af skordýraleifum í sýnunum og einnig mikið af greinanlegum hlutum dýrana, en oft er meirihluti leifanana ógreinanlegur, bæði vegna varðveislu og þess að sumir bútar, eins og fætur eru nánast alltaf ógreinanlegir. Sýnin voru leyst upp í vatni og hellt gegnum 300µm sigti til að losna við smæsta setið. Því næst var þeim fleytt í steinolíu, eins og lýst hefur verið af Kenward (Kenward, Hall, & Jones, 1980). Þá voru skordýraleifarnar týndar úr undir víðsjá og safnað saman til greininga. Einnig voru fræ týnd úr sýnunum til frægreininga.

Skordýraleifarnar voru greindar til tegunda með aðstoð greiningalykla, skordýrasafns höfundar og skordýrasafnsins á Náttúrufræðistofnun Íslands. Við flokkunina og túlkunina var notast við forritið BugsCEP (P. I. Buckland & Buckland, 2006), en einnig upplýsingar úr gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar fengnar frá Erlingi Ólafssyni skordýrafræðingi auk ritaðs efnis sem tiltekið er í heimildarskrá. Þau voru síðan talin með MNI (Minimum Number of Individuals) aðferðinni, en þar sem nánast öll skordýrin eru í bútum í jarðveginum þá er hver hluti talinn, skjaldvængir (vinstri og hægri), frambolur og höfuð og sá hluti sem mest finnst af er látinn ráða heildarfjöldanum. Því eru mun stærri talning á bak við hvert skordýr.

Niðurstöður

Reynt var að fleyta því sem næst 5 lítrum af hverju sýni, en ef þau voru minni þá var öllu fleytt, fleytingalista má sjá í töflu 1. Borin voru kennsl á 5278 skordýr af 43 tegundum (tafla 2). Sum var hægt að greina til tegunda en önnur aðeins til fjölskyldu eða ættar (t.d. Latridius sp., Cryptophagus sp.). Í sumum tilvikum lifa allar tegundir sömu fjölskyldu við svipaðar aðstæður þannig að það kemur ekki að sök ef ekki er hægt að greina þær nánar. Það er enn hægt að nota þær sem vísbendingar um aðstæður.

Niðurstöðurnar voru skoðaðar með tilliti til innan og utanhús tegunda, þ.e. þær sem finnast oftast innanhús eða utanhús og gröf gerð til að sýna mismunandi hlutföll þessara hópa (graf 1). Þó var þeim sleppt fyrir þau sýni sem fundust minna en 10 skordýr í þar sem slík gröf geta verið villandi og hver einstaklingur hefur of mikil áhrif á grafið til þess að hlutföllin séu marktæk.


Valið var að greina eitt sýni úr hverju rými en þar sem það var ekki mikið í fjósasýninu var annað sýni þaðan líka sorterað og greint. Stærð sýnanna virðist ekki hafa haft mikil áhrif á fjölda skordýra eða tegundafjölbreytileika. Sem dæmi má nefna að í sýni 7 sem var 3,4 lítrar voru 1242 skordýr talin en í sýni 28 sem var 5 lítrar voru aðeins 4 skordýr.

Sýni	Rúst	Túlkun	Magni fleytt (L)
Sýni 1	2:1G	Fjós	5
Sýni 2	2:1E	Skemma	4,6
Sýni 4	2:1C	Búr	5
Sýni 5	2:1D	Eldhús	5
Sýni 7	2:1B	Stofa	3,4
Sýni 8	2;3	Skepnuhús	4,6
Sýni 10	2;5	Hrísgeymsla	5
Sýni 12	2:1H	Smiðja	4,5
Sýni 13	2:1H	Smiðja	4
Sýni 14	2:1H	Smiðja	4,3
Sýni 15	2;8	Miðhólf	5
Sýni 16	2;7	Lambhús	5
Sýni 17	2;8	Gerði	5
Sýni 19	2;6	Gólf	5
Sýni 20	2;2	Kryddgarður	2,3
Sýni 21	2:1G	Fjós	5
Sýni 24	2:1G	Úr safnþró	5
Sýni 28		Hestagerði	5
Sýni 30		Kálgarður	5

Tafla 1. Fleytingalisti

Á næstu síðu má svo sjá töflu 2, þar sem allar tegundirnar eru tilgreindar og fjöldi þeirra, auk íslenskra nafna fyrir þau sem hafa slík.

	Sýnanúmer																			Íslensk nöfn
Tegund	1	2	4	5	7	8	10	12	15	16	17	19	20	21	28	30				
Coleoptera																				
Carabidae																				
Carabidae indet.						1											Jámsmiður			
Nebria rufescens (Ström)				1													Leirsmiður			
Bembidion bipunctatum (L.)			2	1		3				1							Fjallasmíður			
Patrobus septentrionis Dej.				2											1		Tinnusmiður			
Pterostichus nigrita (Payk.)					1												Kolasmiður			
Pterostichus adstrictus Esch							1										Kragasmíður			
Calathus melanocephalus (L.)		3	8	3	1	6					1		1		19		Gullsmíður			
Amara quenseli (Schön)									1						1					
Hydrophilidae																				
Cercyon analis (Payk.)				1			1													
Catopidae																				
Catops fuliginosus Er.		2	2	3	1	866	1				1		1	1	6					
Staphylinidae																				
Staphylinidae indet.			8						1						6					
Omalius rivulare (Payk.)						1														
Omalius excavatum Steph			12	2		8	2										Rotuxi			
Omalius sp.			2			5									3					
Xylodromus concinnus (Marsham)	3	30	1	1		36		3	5				1		1					
Xylodromus sp.			8	3							6		1	1		2				
Acidota crenata (F.)				4													Dreyruxi			
Stenus sp.		1	2								1									
Philonthus politus (L.)															2					
Bisnius cephalotes (Grav.)			4														Skáranruxi			
Gabrieus trossulus (Nord)			1						2								Valluxi			
Gabrieus nigrifrons (Grav.)				10																
Quedius mesomelinus (Marsham)			4	1		16	1								9		Moðuxi			
Quedius fulvicollis (Steph)		1															Svarðuxi			
Quedius boops (Grav.)		1		5									1							
Quedius sp.			4						1											
Quedius spp.							3													
Tachinus corticinus Grav.		1	7	120			1		6		2		5	1	9		1 Túnuxi			
Tachinus sp.			3	58	1															
Oxypoda sp.		5	93	3		2			2		2				1					
Aleocharinae indet.			12	16	2	5	5	1	5	1			2	1	3	1				
Elateridae																				
Hypnoidus riparius (F.)			1	5					1								Hagasmella			
Byrrhidae																				
Cytilus sericeus (Forst.)				1													Gullvarta			
Byrrhus fasciatus (Forst.)		1	1	2	1		1				1		1		1		Steinvarta			
Cryptophagidae																				
Cryptophagus distinguendus Sturm		1	32			29									1					
Cryptophagus scanicus (L.)			9				1	1			1									
Cryptophagus scutellatus Newman			29																	
Cryptophagus pilosus Gyll		2	29			40	3		3		2				7					
Cryptophagus sp.		1	35	1	1	23	2	1	1		1		2		6					
Atomaria lewisi Reitter		1																		
Atomaria apicalis Er.					1															
Atomaria sp.									1											
Atomaria spp.		2	19			5														
Latridiidae																				
Latridius sp.										1		1								
Latridius spp.		185	1683	14	4	164	29	28	46		54		28	3	41					
Dienerella ruficollis (Marsham)			6																	
Corticaria sp.		12	340	1	5	6	16	6	5		8		2	1	1	1				
Mycetophagidae																				
Typhaea stercorea (L.)		85	441	1	1	13	5	2	12		4		13		8		S kúmbjalla			
Endomychidae																				
Mycetaea subterranea (Marsham)				1																
Aphodiidae																				
Agoliinus lapponum Gyll		1	1	2	1	1	2		1	1	1				1		1 Taðýfill			
Curculionidae																				
Otiorhynchus arcticus (O. Fabricius)		5	10	10		2	4				1		1				S ilakeppur			
Otiorhynchus nodosus (Müll)		2	8	4	1		5	1	2	2	2	3	2	1	1	1	1 Hélukeppur			
Otiorhynchus rugifrons (Gyll)		1		2			1										Steinkeppur			
Otiorhynchinae indet.				6					4						5					
Barynotus squamosus Germ			3	7					2				1				S ilfurrani			
Tropiphorus obtusus (Bonsd)				5				1	2	1		3			3		Túnrani			
Diptera																				
Brachycera																				
Hippoboscidae																				
Melophagus ovinus (L.) puparia		1			3	10					1						Færilús			
Samtals:	317	2849	296	25	1242	85	43	103	7	89	7	62	9	136	4	4				



Graf 1. Hlutföll utanhús og innanhús tegunda

Stofa, sýni 7

Mjög mikið af skordýraleifum fannst í stofunni. 1242 dýr í heildina af 17 tegundum og mikill meirihluti af þeim voru innanhústegundir sem lifa aðalega innandyra og í manngerðu umhverfi. Langmest var af *C. fuliginosus*, 866 einstök, en hún er bjalla sem sést sjaldan nú til dags hér á landi (Gagnagrunnur Náttúrufræðistofnunar Íslands). Hún lifir helst þar sem raki er og mygla (Larsson & Gígja, 1959) og í Evrópu finnst hún oft undir hræjum (Koch, 1989). Það sem vekur helst athygli hér er að hún finnst ekki í því líku magni í neinu öðru rými og gæti það bent til þess að í þessu rými hafi verið rakara og meiri mygla en í öðrum rýmum. Það má líka gæla við þá hugmynd að kjötafgangar og matarleifar hafi ratað á gólfíð í þessu rými.

Töluvert fannst af öðrum tegundum sem tengdar eru myglu og rotnandi lífrænum leifum, þar var fjölmennastur Húsvinurinn (*Latridius* sp.) sem fannst í 164 einstökum og hefur á nútíma fundist í heyllöðum, gripahúsum og öðrum rýmum þar sem gamalt hey er geymt (Larsson & Gígja, 1959). *C. pilosus* er sú eina af *Cryptophagus* fjölskyldunni sem hefur fundist í náttúrunni og þá undir hvannstöði (Lindroth, Andersson, Bodvarsson, & Richter, 1973). En oftast finnst einstaklingar af þessari tegund á svipuðum stöðum og Húsvinurinn, í heyi og rotnandi lífrænum leifum. Auk þess lifa tegundirnar *C. distinguendus* og aðrar *Cryptophagus* tegundir við sömu kjöraðstæður. Þá eru *Corticaria* og *Atomaria* tegundir algengar innanhús og í heyllöðum. Þrettán skúmbjöllur (*T. stercorea*) fundust í sýninu, þær eru einnig algengar í mygluðu heyi (Larsson & Gígja, 1959). Þá hefur *X. concinnus* eingöngu fundist í gömlu heyi, nema á sumrin þar sem hann getur sýnt sig á túnum við bæi (Larsson & Gígja, 1959). Moðuxi (*Q. mesomelinus*) er einnig algengur í og við híbýli í rotnandi gróðurleifum. Ekkert var af fullvöxunum lúsum í sýnunum, en nokkur einstök af Færilúsapúpum fundust og voru þau flest í þessu sýni eða 10 stykki. Færilúsín (*M. ovinus*) festir púpu sína við ull kindarinnar og því er púpan fremur vísbending um ull á staðnum en kindur (P. C. Buckland & Perry, 1989). Bæði á Stóruborg og í Skálholti hafa Færilúsapúpur fundist í miklu magni í geymslum en ekki endilega í fjárhúsum.

Af náttúrlegum toga í gólfinu voru smiðirnir Leirsmiður (*B. bipunctatum*) og Kragasmiður (*C. melanocephalus*), uxarnir Rotuxi (*O. excavatum*) og *O. rivulare* auk fleiri uxa sem ekki var hægt að greina til tegunda. Leirsmiðurinn finnst helst við tjarnir, polla, ár og læki þar sem lítil gróðurþekja er (Larsson & Gígja, 1959). Kragasmiðurinn er algengur um land allt í gróðurríku þurrlendi (Larsson & Gígja, 1959). Rotuxi eins og nafnið ber með sér lifir aðalega á rotnandi plöntuleifum, en er þó ekki endilega tengdur við hey eða innanhús aðstæður (gagnagrunnur Náttúrufræðistofnunar Íslands). Þá var einn Silakeppur (*O. arcticus*) í sýninu, en þeir finnast helst á sendnum og gróðurlitlum stöðum (Larsson & Gígja, 1959). Einn Taðýfill (*A. lapponum*) var í sýninu og þó hann sé ekki beint tengdur mannum til að lifa af þá lifir hann í húsdýraskít stórra spendýra og er því tengdur mannvist á annan hátt hér á landi en annarstaðar þar sem lítið af villtum stórum spendýrum eru hér, nema nokkur hreindýr sem eru þó innflutt.

Eldhús, sýni 5

Það kom á óvart að ekki var nærri því eins mikið af skordýraleifum í því rými er túlkað var sem eldhús eins og í stofunni, hverju það sætir er ekki auðvelt að svara. Sýnið innihélt 25 greinanleg eintök af 14 tegundum. Eins og sést á grafi 1 eru flestar þeirra innanhús tegundir en þó eru þónokkrar sem þurfa ekki á mannum að halda og lifa í náttúru landsins án hans. Af smiðunum eru það Tinnusmiður (*P. nigrita*) og Kragasmiður (*C. melanocephalus*), rætt hefur verið um þann síðari áður. Kjörlandi Tinnusmiðs er gróðurríkt og rakt (Larsson & Gígja, 1959). Auk þeirra fannst ein Steinvarta (*B. faciatus*), sem er mosaæta (Larsson & Gígja, 1959) en þó finnst hún í þurrlendi um allt land. Þá var einn Hélukeppur (*O. nodosus*) sem lifir í gróskumiklu gróðurlendi (Larsson & Gígja, 1959) og einn Taðýfill (*A. lapponum*) sem lifir í húsdýraskít. Af innanhústegundum var tölvert af litlum myglubjöllum, *Cryptophagus* sp., *A. apicalis*, *Latridius* spp. *Corticaria* sp., Skúmbjalla (*T. stercorea*) og auk þeirra uxategundin *X. concinnus*. Kjörlandi þessara tegunda er mygla og rotnandi lífrænar leifar. Þá var einn *C. fuliginosus* í sýninu sem bendir einnig til raka, en þó engan veginn eins mikið og í stofunni. Nokkur eintök af Færilúsarpúpum fundust í þessu rými sem er þó töluvert frá stofunni, en þó eru rýmin tengd saman með gangi og þessi tenging getur haft áhrif.

Búr, sýni 4

Í búrinu fundust 296 skordýr, af 30 tegundum, tegundafjölbreytnin var mest í þessu sýni þó fjöldinn hafi verið í efra meðallagi. Mest var af Túnuxa (*T. corticinus*), hann er á mörkunum að vera innanhús tegund, lifir aðalega í rotnandi plöntuleifum og oft hjá og í gripahúsum og heyhlöðum en þó finnst hann líka úti í náttúrunni (Larsson & Gígja, 1959). *C. analis* finnst einnig í rotnandi plöntuleifum (Duff, 1993) líkt og litlu myglubjöllurnar, Skúmbjalla, Húsvinur, *Cryptophagus* sp. og *Corticaria* sp. sem allar benda til þess að töluvert af lífrænum leifum hafi verið í gólfinu og í kring. Eina tilfellið af *M. subterranea* var einnig í þessu sýni, hún er einnig lítil myglubjalla sem er finnst oft í geymslum, hlöðum og kjöllum (Koch, 1989). Nokkrar *C. fuliginosus* fundust líka í sýninu, en þær voru í nánast öllum sýnunum og benda til raka og sagga í rýmum. Þá fannst *X. concinnus* eins og sýni 7 sem eingöngu hefur fundist í gömlu heyi, nema á sumrin þar sem hann getur sýnt sig á túnnum við bæi. Moðuxi (*Q. mesomelinus*) er einnig algengur í og við hóbýli í rotnandi gróðurleifum. *G. nigritulus* fannst í töluverðu magni, en hann er fágætur nú til dags og hefur aðeins fundist í nálægð við gróðurhús. Hann lifir engöngu í rotnandi plöntuleifum og hefur fundist í moltu (Larsson & Gígja, 1959).

Járnsmiður (*N. rufencens*), Leirsmiður (*B. bipunctatum*), Fjallasmiður (*P. septentrionis*) og Kragasmiður (*C. melanocephalus*) voru í sýninu. Járnsmiður finnst í öllum gróðurgerðum, á meðan Leirsmiður og Fjallasmiður eru frekar þar sem vott er og Kragasmiður þar sem þurrt er. Rotuxinn (*O. excavatum*) heldur sig líka nálægt bökkum vatna og í röklendum gróðurlendum. Fimm Hagasmellur (*H. riparius*) fundust í þessu sýni en hér á landi lifa þær í flestöllum gróðurgerðum. Þá var þetta eina sýnið sem Dreyruxinn (*A. crenata*) fannst í, kjörlendi hans er í röku graslendi eða mýrlendi. Margar tegundir af ranabjölum voru í búrinu, þar voru 10 Silakeppir, 4 Hélukeppir, 2 Steinkeppir (*O. rugifrons*), 7 Silfurranar (*B. spumousus*) og 5 Túnranar (*T. obusuts*). Silakeppirnir og Hélukeppirnir lifa í gróðurrikum graslendum, þó Silakeppurinn sé oft í þurrara umhverfi. Steinkeppirnir aftur á móti lifa í þurrari gróðurlendum og hefur oft fundist nagandi blóðberg (Lindroth et al., 1973). Silfurranar eru líka oftast í gróskumiklum gróðurlendum og Túnranar finnast svo oft á túnnum, eins og nafnið gefur til kynna (Larsson & Gígja, 1959). Þá voru bæði Gullvarta (*C. sericeus*) og Steinvarta (*B. faciatus*) til staðar, Gullvartan sækir frekar í votlendi og Steinvartan í þurrara gróðurlendi (Larsson & Gígja, 1959) Tveir Taðýflar voru líka í sýninu.

Smiðja, sýni 12

Smiðjan var merkilega rík af skordýraleifum 103 skordýr voru greind til 18 tegunda og töluvert var af litlu myglubjöllunum sem hafa fundist einnig í stofunni, eldhúsinu og búrinu. Þetta voru *C. pilosus*, *Atomaria* sp., Húsvinur, *Corticaria* sp og Skúmbjöllur (*T. stercora*), þá voru 5 *X. concinnus* einnig í sýninu sem bendir til myglu og lífrænna leifa. Túnuxinn (*T. concinnus*) fannst einnig í þessu sýni.

Eina tilvikið af Gullsmið (*A. quenseli*) var í þessu sýni, en hann lifir á þurru og sendnum stöðum (Lindroth et al., 1973). Þá fannst einnig graslendistegundin Valluxi (*G. trossulus*) sem lifir í ríkulegu graslendi (Larsson & Gígja, 1959). Einnig fundust Hélukeppur, Silfurranir og Túnranir sem lifa eins og Valluxinn á gróðursælum stöðum. Einn Taðýfill fannst í sýninu og ein Hagasmella.

Skemma, sýni 2

Langmest af skordýraleifum voru í þessu sýni. 2.849 dýr fundust og var Húsvinur þar fjölmennastur, 1683 eintök fundust af honum. Þetta mikla magn bendir til þess að eitthvað fleira hafi verið í gangi í þessu herbergi en bara geymsla og þykir greinanda líklegt að þetta hafi verið einhverskonar matargeymsla, jafnvel búr. Þvílíkt magn af Húsvin hefur til dæmis fundist í matsal á Skriðuklausti. Fleiri litlar myglubjöllur voru í skemmuni, mikið magn af bæði *Corticaria* sp. (340 stk.) og Skúmbjölum (441 stk.) auk margra tegunda af *Cryptophagus* sem allar lifa í svipuðum aðstæðum ef frá er talin *C. pilosus*, sem getur haldið til í náttúrunni líka. Þá voru tvær *C. fuliginosus* sem einnig var mikið af í stofunni og bendir til raka og myglu og einir 30 *X. concinnus* sem lifa einnig í mygluðum lífrænum leifum. Þá var Skánaruxi (*B. cephalotes*) í sýninu sem lifir í húsdýraskít og rotnandi gróðurleifum (Larsson & Gígja, 1959) og Moðuxi sem finnst sömuleiðis í rotnandi gróðurleifum.

Utanhús tegundir benda eins og í fyrri rýmum til gróðurriks umhverfis og vatns í nágrenninu. Einn Taðýfill fannst í sýninu.

Fjós, sýni 1 og 21

Töluvert af flugupúpum voru í sýnunum úr fjósinu, mun fleiri en í öðrum sýnum. Ekki hefur höfundur þó sérhæfinguna til að greina þær niður í tegundir og því bíða þær betri tíma. Í

sýni eitt voru 317 skordýr af 20 tegundum og í sýni 21 voru 136 skordýr af 20 tegundum. Hér verður farið yfir bæði sýnin saman en tegundirnar voru mjög svipaðar enda úr sama rými. Fjölmennasta tegundin var Húsvinur í báðum sýnunum og er það líklega tengt rotnandi heyi í gólfi. Þá voru þar einnig Skúmbjöllur, *Corticaria* sp. *Atomaria* sp. og *Cryptophagus* sp. Þá var töluvert af fleiri bjöllum sem lifa í myglu og rotnandi lífrænum leifum. Ein Færilúsarpúpa fannst í sýni 1 og bendir hún til ullar á staðnum.

Eins og í fyrri sýnum benda utanhús tegundirnar til raka og gróðurriks umhverfis, hér bætast við Svarðuxi (*Q. fulvicollis*) og *Q. boops*, en kjörlendi beggja er á rökum stöðum (Larsson & Gígja, 1959). Tveir Taðýflar voru í fjósinu, einn í hvoru sýni.

Skepnuhús, sýni 8

Ekki er vitað hvers konar skepnuhús þetta var. Í sýninu voru 85 skordýr af 19 tegundum. Stærsti hópurinn var Húsvinur eins og í flestum sýnanna, einnig fundust Skúmbjöllur, *Corticaria* sp., *Cryptophagus* *C. analis* og *C. fuliginosus*, ásamt Moðuxa sem allar benda til heys og skíts. Auk þess fundust tveir Taðýflar.

Kolasmiður (*P. adstrictus*) bendir til þurrara lands en hingað til og Steinvartan styður það. Þó eru nokkrar tegundir af ranabjöllum sem benda til gróðurriks umhverfis.

Lambhús, sýni 16

Í Lambhúsinu voru 89 skordýr af 16 tegundum. Eins og í flestum rýmanna var Húsvinur í meirihluta eins og í flestum sýnana og aðrar myglubjöllur fundust líka.

Utanhús tegundirnar sem fundust voru Kragasmiður, Túnuxi, Silakeppur og Hélukeppur sem bendir bæði til þurrlands og gróðurriks svæða. Einnig fannst steinvarta en hún finnst í þurrlandi um allt land. Einn Taðýfill fannst í sýninu.

Í Lambhúsinu fannst ein færilúsarpúpa sem passar ágætlega við ætlaða notkun á rýminu.

Veiðafærageymsla/Hrútakofi, sýni 19

Í veiðafærageymslunni/Hrútakofanum voru 62 skordýr af 14 tegundum. Mest var af Húsvin og öðrum myglubjöllum. Tegundafjölbreytileikinn var svipaður og í Lambhúsinu og gefur hann vísbendingar um eitthvert lífrænt rotnandi efni og gróðurrikt umhverfi með þurrari svæðum.

Eldiviðargeymsla, sýni 10

Ekki var mikill tegundafjölbreytileiki í því rými sem skráð er sem hrísgeymsla. Þar voru 43 skordýr af 7 tegundum, flestar litlar myglubjöllur af Húsvinaætt. Aðrar bjöllur voru tengdar heyi og myglu en einn Hélukeppur fannst í sýninu sem gefur vísbendingar um gróðursæld.

Gerði (heystæði), sýni 15

Í því er kallað var gerði voru 7 greinanleg skordýr af 6 tegundum, meirihlutinn voru tegundir sem lifa í náttúru Íslands, einn Húsvinur (*Latridius* sp.) fannst í sýninu. Aðrar tegundir sem fundust voru Leirsmiður (*B. bipunctatum*) sem finnst helst við tjarnir, polla, ár og læki þar sem lítil gróðurþekja er (Larsson & Gígja, 1959), Hélukeppur (*O. nodosus*) og Túnrani (*T. obustus*), sem báðar lifa í gróðurriku umhverfi (Larsson & Gígja, 1959; Lindroth et al., 1973). Auk þess fannst einn Taðýfill (*A. lapponum*) sem þekktur er fyrir að lifa í húsdýraskít stóra húsdýra.

Gerði, sýni 17

Eins og í sýni 15 úr heystæðinu var lítið af skordýraleifum, 7 greinanleg dýr af þrem tegundum. Þrjú eintök fundust af Hélukeppnum og Túnrananum hvorum fyrir sig og eitt af Húsvin. Líklegt er að þessi stöku eintök af húsvin hafi komið með heyi þannig að ekki er að sjá mikla notkun á þessum tveim rýmum, sem passar ágætlega við það að þetta hafi verið Heystæði og gerði.

Hestagerði, sýni 28

Lítið var af skordýraleifum í sýninu úr hestagerðinu. Aðeins var hægt að tegundagreina fjögur skordýr og af þeim voru tvö af sömu tegund. Tvær voru uxar, af tegundinni *X.concinnus*, ein var af Húsvinaætt (*Corticaria* sp.) og sú síðasta var Hélukeppur (*O. nodosus*). Það sem helst kom á óvart er að aðeins ein af þessum tegundum lifir utanhús, þannig að þrjár af fjórum eru innanhústegundir. Þó var það lítið af skordýraleifum í þessu sýni að það er varla marktækt. Bæði uxarnir og litla myglubjallan af húsvinarættinni eru algengar í Gripahúsum og heyhlöðum þar sem mygla er, þó eiga þær til að finnast úti á túnnum í tengslum við húsdýr (Lindroth et al., 1973). Hélukeppurinn finnst helst í graslendi og oft í ræktuðu graslendi (Larsson & Gígja, 1959).

Kálgarður, sýni 30

Aftur var hér sérstaklega lítið af skordýraleifum, eins og í hestagerðinu fundust aðeins fjögur dýr, en af öðrum tegundum, einn Taðýfill (*A. lapponum*), einn Túnuxi (*T. corticinus*), einn Hélukeppur (*O. nodosus*) og einn uxi sem ekki var hægt að greina til tegundar. Öll eru þessi dýr algeng í náttúru landsins, þó tveir þeirra séu frekar tengdir híbýlum manna. Taðýfillinn lifir í taði stórra spendýra (Halldórsson, Sigurðsson, & Ólafsson, 2002; Larsson & Gígja, 1959) og er því tengdur húsdýrahaldi hér á landi, túnuxinn er algengur á láglendi um allt land, þá sérlega í rotnandi góðurleifum og umhverfi gripahúsa (Larsson & Gígja, 1959).

Kryddjurtagarður, sýni 20, Rúst 2

Ekki var mikið af skordýraleifum í kryddjurtagarðinum, níu greinanleg skordýr fundust af sjö tegundum. Mest fannst af Húsvin (*Latridius* sp.) sem var algeng í hýbýlum hér áður og lifir í rotnandi heyi og öðrum mygluðum lífrænum leifum. Önnur skordýr sem fundust þar benda til myglu og raka en eitt dýr fannst sem bendir til þess að graslendi hafi verið í kring.

Ályktanir

Þegar lítið er á heildarmyndina verður til mynd af röku húsnæði þar sem nóg er að bíta og brenna fyrir myglu og skítabjöllur. Tegundafjölbreytileikinn var mikill og varðveislan góð.

Lítið var af skordýraleifum í þeim sýnum sem tekin voru úr minjum sem virðast hafa verið utandyra, eins og kálgarði og kryddjurtagarði, sem þarf ekki endilega að koma á óvart, þar sem skordýrin eru ekki eins innilokuð í rýminu og ekki safnast eins mikið af lífrænum leifum. Þó kemur á óvart að töluverður fjöldi innanhústegunda finnst samt í þessum minjum en þær tegundir lifa aðalega í mygluðu heyi og lífrænum leifum. Það gæti verið vísir að einhverskonar

náttúrulegum áburði. Þegar hlutfall innanhústegunda og utanhústegunda er skoðað í hverju rými fyrir sig þá sést að hlutfall innanhústegunda er hátt í öllum rýmum.

Áhugavert er að sjá hvernig ákveðnar tegundir tengjast herbergjum, þó sumar eins og *C. fuliginosus* finnist í flestum rýmana þá eru þær oft í miklu mæli í einstaka rýmum sem bendir til sérhæfðar notkunar á rýminu. Í tilfelli *C. fuliginosus* er það einmitt vísbending um að eitthvað hafi verið að gerast í stofunni sem ekki sést annarstaðar, mögulega var meiri raki inni í því rými og meira af lífrænum leifum safnaðis fyrir þar, kannski tengt matarsíðum.

Dreyfing Færilúsarpúpanna er líka mjög áhugaverð, flestar eru í stofunni og síðan nokkrar í eldhúsinu sem tengist stofunni með gangi. Einu önnur eintökin sem fundust voru í fjósinu og lambhúsinu sem eru staðir sem kemur ekki á óvart að finna eina og eina kindalús. Færilúsinni hefur verið útrýmt á Íslandi og kom sú síðasta sem vitað eru um á Náttúrufræðistofnun 1982 (Richter, M., & Sigurðarson, 1997). Þetta bendir líklega til þess að einhver ullarvinnsla hafi verið í stofunni, en hinar sem fundust í öðrum herbergjum eru það fáar að þær gætu kannski frekar bent til þess að kindur og ull hafi verið til staðar, en ekki unnin þar.

Flestar tegundir af utanhús skordýrum úr sýnunum eru tegundir sem sækja í raka og votlendi. Ekki er mikið af tegundum sem lifa í þurrari jarðvegi og bendir það til þess að umhverfið hafi verið nokkuð votlent auk þess sem slíkar tegundir koma auðvitað inni rýmið með torfi og jafnvel mó til brennslu líka.

Heimildir

- Buckland, P. C., & Perry, D., W. (1989). Ectoparasites of Sheep from Stóraborg, Iceland and their interpretation: Piss, parasites and people, a palaeoecological perspective. *hikuin*, 15, 37-46.
- Buckland, P. I., & Buckland, P. C. (2006). Bugs Coleopteran Ecology Package (Versions: BugsCEP v7; Bugsdata v7.11; BugsMCR v2.02; BugStats v1.22).
- Duff, A. (1993). *Beetles of Somerset: their status and distribution*. Taunton: Somerset Archaeological & Natural History Society.
- Halldórsson, G., Sigurðsson, O., & Ólafsson, E. (2002). *Dulin veröld, Smádýr á Íslandi*. Reykjavík: Mál og mynd ehf.
- Kenward, H. K., Hall, A. R., & Jones, A. K. G. (1980). A tested set of techniques for the extraction of plant and animal macrofossils from waterlogged archaeological deposits. *Science and Archaeology*(22), 3-15.
- Koch, K. (1989). *Die Käfer Mitteleuropas* (Vol. 1). Krefeld: Goecke & Evers.
- Larsson, S. J., & Gígja, G. (1959). *Coleoptera* (Vol. 43). Copenhagen: Munksgaard.

- Lindroth, C. H., Andersson, H., Bodvarsson, H., & Richter, S. H. (1973). Surtsey, Iceland. The Development of a New Fauna, 1963-1970. Terrestrial Invertebrates. . *Entomologica Scandinavia, Suppl.5*.
- Richter, S. H., M., E., & Sigurðarson, S. (1997). Óværa á sauðfé á Íslandi. *Búvísindi : Icel. Agr. Sci.*, 11, 91-98.

Fnr. 1	Staður Skarðssel	Sveitarfélag Holta- og Landsveit	Tákntala	Sýsla Rangárvallasýsla
Heiti M.a. rúðugler, naglar, sagarblað(?), kilpur(?), gaddavír, málmlok og ístað.		Finnandi Gylfi Björn Helgason	Dags 10.6.2016	Þjms. nr. 2016-19
Efniviður Gler, járn, leirau bein		Nánari lýsing á efnivið	Fj.	g1
Heilt? J & N				
☐ Lausafundur	Rými G	Fornl. 2	Rúst 1	Lag Áfok/gólf
Athugasemdir	Númer lags			
		Mannvirki M Fjós		
Myndin t.v. sýnir gripi úr áfoki. Sérstök ljósmynd af málmlokinu, stafrænar myndir nr. 37.		Ljósmyndir		
Forvarið: Ístað og sagarblað.				

Fnr. 2	Staður Skarðssel	Sveitarfélag Holta- og Landsveit	Tákntala	Sýsla Rangárvallasýsla
Heiti Rúðugler, kvarnarsteinn, gaddavír, naglar, lauf, járnhringur, skeifa, járnsg, haglaskot, kilpsteinnur o.fl.		Finnandi Viktória Halldórsdóttir, Gylfi B.	Dags 10.6.2016	Þjms. nr. 2016-19
Efniviður Járn, gler, steinn		Nánari lýsing á efnivið	Fj.	g1
Heilt? J & N				
☐ Lausafundur	Rými E	Fornl. 2	Rúst 1	Lag Áfok og gólf
Athugasemdir	Númer lags			
		Mannvirki M Skemma		
Í safninu eru naglar, blökk, rúðugler, skeifa, brýni, haglskot o.fl. Myndin t.v. sýnir gripi úr áfoki. Kvarnarsteinninn er geymdur sér. Úrval gripa var tekið til handargagns.		Ljósmyndir		
Forvarið: Lauf				

Fnr. 3	Staður Skarðssel	Sveitarfélag Holta- og Landsveit	Tákntala	Sýsla Rangárvallasýsla
Heiti Gaddavír, gler, laggargjörð, brýni, lauf, leirtau o.fl.		Finnandi Ármann Dan Árnason/	Dags 13.6.2016	Þjms. nr. 2016-19
Efniviður Járn, gler, flöguberg, leirtau		Nánari lýsing á efnivið	Fj.	g1
Heilt? J & N				
☐ Lausafundur	Rými F	Fornl. 2	Rúst 1	Lag Áfok
Athugasemdir	Númer lags			
		Mannvirki M Hlaða		
Gripir sem fundust í áfoki rýmis F. Sumir gripir voru teknir til handargagns.		Ljósmyndir		
Forvarið: Lauf.				

Fundarskrá Skarðssels

Fnr. 4	Staður Skarðssel	Sveitarfélag Holta- og Landsveit	Tákntala	Sýsla Rangárvallasýsla
Heiti Rúðugler, gaddavír, tappar, naglar og brennimark.		Finnandi Ármann Dan Árnason/	Dags 13.6.2016	Þjms. nr. 2016-19
		Efniviður Járn, gler tré	Nánari lýsing á efnivið	Fj. g1 Heilt? J
☐ Lausafundur	Rými F	Fornl. 2	Rúst 1	Lag Gólfslag
Athugasemdir	Númer lags Mannvirki M Hlaða			
Gripir sem fundust í, á eða við gólf rýmis F. Sumir gripir voru teknir til handargagns.		Ljósmyndir		
Forvarið: Brennimark.		 		

Fnr. 5	Staður Skarðssel	Sveitarfélag Holta- og Landsveit	Tákntala	Sýsla Rangárvallasýsla
Heiti Leirtau, rúðugler, naglar, járn, bolli, jógúrt dós o.fl.		Finnandi Hermann J. Hjartarson	Dags 13.6.2016	Þjms. nr. 2016-19
		Efniviður Leir, gler, járn, plast	Nánari lýsing á efnivið	Fj. g1 Heilt? J & N
☒ Lausafundur	Rými C	Fornl. 2	Rúst 1	Lag Áfók og gólf
Athugasemdir	Númer lags Mannvirki M Búr			
Járnpötur fundust einnig sbr. stafrænar myndir nr. 101 (fargað). Myndin t.v. sýnir gripi úr áfoki, en sú til hægri gripi í, á eða við gólf. Stóla leirtauði er úr sama disk og nr. 6. C.T. Altwasser. Germany). C.T. þýðir Carl Tielsch). Fyrirtækið stofnað 1845 í Altwasser, sem nú er hluti af Pólandi. Postulín.		Ljósmyndir		
		 		

Fnr. 6	Staður Skarðssel	Sveitarfélag Holta- og Landsveit	Tákntala	Sýsla Rangárvallasýsla
Heiti Leirtau, rúðugler, naglar, járn, gleraugu, hitamælir, ól o.fl.		Finnandi Ármann Dan Árnason	Dags 30.6.2016	Þjms. nr. 2016-19
		Efniviður Leir, gler, járn, leður, bein, flöguberg	Nánari lýsing á efnivið	Fj. g1 Heilt? J & N
☐ Lausafundur	Rými B	Fornl. 2	Rúst 1	Lag Áfók/gólf
Athugasemdir	Númer lags Mannvirki M Stofa			
Gripirnir fundust bæði í áfoki og á gólfi. Gripirnir á myndinni t.v. fundust í áfoki, en þeir á hægri myndi fundust í viðar- og gólflagi. Á meðal gripa í gólfi/viðarlagi voru gler úr gleraugum, líklegur hitamælir, leðuról, leirtau, hóffjóður o.fl. Þetta eru allavega fjórir leirtausgripir samtals. Leðurólin var mjög svipuð og ólin úr stofunni (Fnr. 14). Sum bláu brotin minna á leirtau úr kálgarðinum (Fnr. 37).		Ljósmyndir		
		 		

Fundarskrá Skarðssels

Fnr. 7	Staður Skarðssel	Sveitarfélag Holta- og Landsveit	Tákntala	Sýsla Rangárvallasýsla
Heiti Bolli, tönn, bein, naglar, þynnur, kox, kol.		Finnandi Gylfi Björn Helgason	Dags 21.6.2016	Þjms. nr. 2016-19
Efniviður Járn, bein, leirtau, kox, kol		Nánari lýsing á efnivið		Fj. g1 Heilt? J & N
☐ Lausafundur	Rými	Fornl. 2	Rúst 2	Lag M-lag Númer lags Mannvirki M Kryddjurt.
Athugasemdir Gripirnir fundust allir í mannvistarlagi. Hugsanlega var þetta kryddjurtagarður og mannvistarlagið áburður úr eldhúsi. Hugsanlega er þykkasta leirtauið leifar af spilkomu (stórum grautardiski).		Ljósmyndir		
				

Fnr. 8	Staður Skarðssel	Sveitarfélag Holta- og Landsveit	Tákntala	Sýsla Rangárvallasýsla
Heiti Vinkiljárn (ljábakki?), naglar, bein og járn.		Finnandi Hermann Jakob Hjartarson	Dags 30.6.2016	Þjms. nr. 2016-19
Efniviður Járn og bein		Nánari lýsing á efnivið		Fj. g1 Heilt? J & N
☐ Lausafundur	Rými	Fornl. 2	Rúst 3	Lag Áfok/m-lag Númer lags Mannvirki M Skepnuhús
Athugasemdir Gripirnir fundust í fyllingu hússin utan naglarnir sem fundust undir norðurvegg í m-lagi.		Ljósmyndir		
				

Fnr. 9	Staður Skarðssel	Sveitarfélag Holta- og Landsveit	Tákntala	Sýsla Rangárvallasýsla
Heiti Bein, naglar, hólkur (skóflu), járn, leirtau, tré.		Finnandi Gylfi Björn Helgason	Dags 27.6.2016	Þjms. nr. 2016-19
Efniviður Bein, járn, leir og tré		Nánari lýsing á efnivið		Fj. g1 Heilt? J & N
☐ Lausafundur	Rými	Fornl. 2	Rúst 5	Lag Áfok Númer lags Mannvirki M Hrisgeym.
Athugasemdir Hólkurinn er trúlega af skóflu. Hugsanlega er leirtauið leifar af spilkomu (stórum grautardiski).		Ljósmyndir		
				

Fnr. 10	Staður Skarðssel	Sveitarfélag Holta- og Landsveit	Tákntala	Sýsla Rangárvallasýsla
Heiti Járn, naglar, bein og lykkja.		Finnandi Gylfi Björn Helgason	Dags 1.7.2016	Þjms. nr. 2016-19
		Efniviður Járn og bein	Nánari lýsing á efnivið	Fj. g1 Heilt? J & N
☐ Lausafundur	Rými	Fornl. 2	Rúst 5	Lag Gólfslag
Athugasemdir Gripirnir fundust í gólfslagi rústar 2:5, hrísgeymslu. Forvarið: Lykkja.		Númer lags Mannvirki M Hrísgeym.		
		Ljósmyndir		
				

Fnr. 11	Staður Skarðssel	Sveitarfélag Holta- og Landsveit	Tákntala	Sýsla Rangárvallasýsla
Heiti Járn, naglar, kerti, rúðugler,		Finnandi Ármann Dan Árnason	Dags 4.7.2016	Þjms. nr. 2016-19
		Efniviður Járn og gler	Nánari lýsing á efnivið	Fj. g1 Heilt? J & N
☐ Lausafundur	Rými H	Fornl. 2	Rúst 1	Lag Gólfslag
Athugasemdir Hvergi fannst eins mikið af gleri og járn (fjöldi) og koxi og í þessari rúst. Stærsti járngripurinn var rétt rúmlega 1,2 sm á þykkt þar sem hann var þykkastur, en hann var mjórri við röndina (úr skipi?).		Númer lags Mannvirki M Smiðja		
		Ljósmyndir		
				

Fnr. 12	Staður Skarðssel	Sveitarfélag Holta- og Landsveit	Tákntala	Sýsla Rangárvallasýsla
Heiti Járn, naglar, rúðugler, kox, gjall, öryggi, gasbrennari.		Finnandi Ármann Dan Árnason	Dags 8.7.2016	Þjms. nr. 2016-19
		Efniviður Járn, kopar, gleri og leir	Nánari lýsing á efnivið	Fj. g1 Heilt? J & N
☐ Lausafundur	Rými H	Fornl. 2	Rúst 1	Lag Gólfslag
Athugasemdir Hvergi fannst eins mikið af gleri og járn (fjöldi) og koxi og í þessari rúst/rými.		Númer lags Mannvirki M Smiðja		
		Ljósmyndir		
				

Fnr. 13	Staður Skarðssel	Sveitarfélag Holta- og Landsveit	Tákntala	Sýsla Rangárvallasýsla
Heiti Kox.	Finnandi Ármann Dan Árnason	Dags 8.7.2016	Þjms. nr. 2016-19	
Efniviður Kox	Nánari lýsing á efnivið		Fj.	g1
☐ Lausafundur	Rými H	Fornl. 2	Rúst 1	Lag Gólflag
Athugasemdir	Númer lags	Mannvirki M Smiðja		
Ljósmyndir				
Hvergi fannst eins mikið af gleri og jární (fjöldi) og koxi og í þessari rúst/rými. 				

Fnr. 14	Staður Skarðssel	Sveitarfélag Holta- og Landsveit	Tákntala	Sýsla Rangárvallasýsla
Heiti Járn, naglar, gaddavír, lykkja, kox, öryggi, leðuról, meitill.	Finnandi Ármann Dan Árnason	Dags 5.7.2016	Þjms. nr. 2016-19	
Efniviður Járn, leir, kox, leður	Nánari lýsing á efnivið		Fj.	g1
☐ Lausafundur	Rými H	Fornl. 2	Rúst 1	Lag M-lag
Athugasemdir	Númer lags	Mannvirki M Eldstæði		
Ljósmyndir				
Leðurólin var mjög svipuð og ólin úr stofunni (Fnr. 6). Forvarið: Meitill. 				

Fnr. 15	Staður Skarðssel	Sveitarfélag Holta- og Landsveit	Tákntala	Sýsla Rangárvallasýsla
Heiti Járn, sakka?, naglar, gandur (tindur), teinn, kox, rúðugler, kókófarna, plast.	Finnandi Ármann Dan Árnason	Dags 29.6.2016	Þjms. nr. 2016-19	
Efniviður Járn, plast, pappír, gler, steinn	Nánari lýsing á efnivið		Fj.	g1
☐ Lausafundur	Rými H	Fornl. 2	Rúst 1	Lag Áfok
Athugasemdir	Númer lags	Mannvirki M Smiðja		
Ljósmyndir				
				

Fundarskrá Skarðssels

